Minnisblað

Viðtakandi	Velferðarnefnd Alþingis	**Dagsetning**	17.10.2025
Sendandi	Félags- og húsnæðismálaráðuneyti	**Málsnúmer**	FRN25080086
		Tilgangur	Til upplýsingar

Varðar 106. mál á 157. lþ. Samningur SÞ um réttindi fatlaðs fólks

Vísað er til tölvupósts frá nefndadeild Alþingis, dags. 9. október sl. þar sem óskað er eftir minnisblaði frá ráðuneytinu um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF). Beiðnin er í þremur liðum sem fjallað er um hér á eftir.

1. Samantekt á stöðunni á innleiðingu einstakra ákvæða SRFF

Vinnuhópur skipaður af sérfræðingum úr sex ráðuneytum tók á árinu 2020 saman yfirlit um hverja og eina grein SRFF ásamt tilvísunum til ákvæða í lögum og reglugerðum og til hvaða aðgerða þyrfti að grípa til þess að mæta áskorunum við innleiðingu samningsins.

Þessi samantekt var uppfærð í nóvember 2022. Síðan þá hafa verið gerðar nokkrar veigamiklar breytingar á lagaumhverfinu, m.a. með tilkomu laga nr. 88/2024, um Mannréttindastofnun Íslands. Þá samþykkti Alþingi þann 20. mars 2024 tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027. Þessi áætlun, sem yfirleitt er nefnd landsáætlun, felur í sér safn 60 aðgerða til að koma í framkvæmd ákvæðum SRFF. Stefnt er að því að halda áfram vinnu við landsáætlunina til ársins 2030. Sérstakri verkefnisstjórn hefur verið falið það hlutverk að fylgja eftir innleiðingu og framkvæmd áætlunarinnar.

Samantektin frá 2022 hefur nú verið uppfærð að nýju að teknu tilliti til umræddra breytinga fram að yfirstandandi löggjafarþingi. Jafnframt er vakin athygli á því að á þingmálaskrá vegna 157. lþ. eru mál sem varða sérstaklega ákvæði sáttmálans, þar á meðal boðuð endurskoðun á gildandi lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk. Er þessara þingmála einnig getið í uppfærðu skjali.

Tekið skal fram að yfirlitið var upphaflega tekið saman til þess að vera vinnuskjal og ber þess merki. Þá hafa frá 2022 orðið breytingar á heitum ráðuneyta og skiptingu stjórnarmálefna á milli þeirra. Ennfremur hafa ýmsar tilvísanir til vefgagna orðið úreltar og athugasemdir varðandi áskoranir og viðbrögð við þeim eiga ekki lengur við, einkum eftir tilkomu landsáætlunar. Af þeirri ástæðu hafa þeir dálkar verið felldir út úr skjalinu, sem hér fylgir hjálagt.

2. Staðan á lögfestingu SRFF á Norðurlöndunum

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 13. desember 2006. Ísland undirritaði samninginn 30. mars 2007 og var hann fullgiltur 23. september 2016.

Ekkert Norðurlandanna hefur lögfest SRFF í heild sinni. Öll Norðurlöndin hafa hins vegar fullgilt samninginn. Svíþjóð fullgilti samninginn árið 2008, Danmörk árið 2009, Noregur árið 2013 og Finnland árið 2016. Ísland var því fyrst Norðurlanda til að fullgilda hann.

Ekki stendur til að lögfesta samninginn í Danmörku eða Finnlandi, þar sem fullgilding hans er talin nægja til þess að koma í veg fyrir að upp komi tilvik um árekstur í gildandi löggjöf landanna. Er sú afstaða í samræmi við það hvernig litið er á samspil á milli reglna landsréttar og þjóðaréttar í stjórnskipan þessara ríkja.

Til stendur að lögfesta samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í Noregi og var frumvarp þess efnis að innleiða hann í heild sinni í norsku mannréttindalögin (n. *menneskerettsloven*) lagt fram í lok ágúst sl. Ekki var unnið sérstakt kostnaðarmat til undirbúnings lögfestingunni í Noregi, þar sem talið er að norsk lög séu þegar að mestu leyti í samræmi við samninginn.

3. Önnur atriði

Í kafla 3.3.5 í greinargerð með frumvarpinu er fjallað um framkvæmd og eftirlit. Þar er m.a. vísað til 1. mgr. 33. gr. SRFF þar sem segir að aðildarríki þurfi að tryggja innlent eftirlit með framkvæmd samningsins, til viðbótar því eftirliti sem Mannréttindastofnun Íslands hefur nú verið falið skv. lögum nr. 88/2024. Samkvæmt umræddri 1. mgr. 33. gr. samningsins skulu aðildarríki tilnefna einn eða fleiri aðila innan stjórnsýslunnar sem annast eftirlit með innleiðingu samningsins. Er í greinargerðinni bent á að sérstök réttindavakt starfi innan félags- og húsnæðismálaráðuneytisins sem hafi ákveðnu hlutverki að gegna þegar kemur að eftirfylgni með réttindum fatlaðs fólks. Á vettvangi ráðuneytisins starfi auk þess fyrrnefnd verkefnisstjórn um landsáætlun um innleiðingu samningsins, sem hefur það hlutverk að fylgja því eftir að réttindum samkvæmt samningnum sé komið í framkvæmd hér á landi. Loks hafi sérstakur stýrihópur stjórnarráðsins um mannréttindi starfað frá árinu 2017, þar sem eiga sæti fulltrúar allra ráðuneyta. Hópurinn er formlegur samráðs- og samstarfsvettvangur ráðuneyta um öll mannréttindamál. Eitt af meginhlutverkum hópsins er að fylgja eftir athugasemdum og tilmælum frá alþjóðlegum eftirlitsaðilum, þar á meðal lokaathugasemdum sem munu berast frá nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Ráðuneytið vill koma því á framfæri við velferðarnefnd að frumvarp er væntanlegt um breytingar á lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011, sem m.a. fela í sér að þau lög verði leyst af hólmi með nýjum lögum um réttindavernd fatlaðs fólks.

Meðal tillagna í væntanlegu frumvarpi er að hlutverk umræddrar réttindavaktar verði falin öðrum aðilum, bæði verkefnisstjórn um innleiðingu SRFF og samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks, sem nú starfar á grundvelli 36. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Markmið tillögunnar er að einfalda það skipulag sem gildir um eftirfylgni mála er varða réttindi fatlaðs fólks.

Eins og áður segir gerir 1. mgr. 33. gr. SRFF ráð fyrir því að þeir aðilar innan stjórnsýslunnar, sem annast eftirlit með framkvæmd samningsins, séu tilnefndir sem miðstöð, ein eða fleiri, vegna mála er varða framkvæmd samningsins (e. *„States Parties, in accordance with their system of organization, shall designate one or more focal points within government for matters relating to the implementation of the present Convention“*). Að gerðum þeim breytingum sem hér eru raktar telur ráðuneytið rétt að tveir aðilar verði tilnefndir af hálfu íslenskra stjórnvalda á grundvelli umræddrar greinar, þ.e. (1) stýrihópur stjórnarráðsins um mannréttindi og (2) verkefnisstjórn um landsáætlun um innleiðingu samningsins.

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
1. gr.						
Markmið.						
Markmiðið með samningi þessum er að efla, verja og tryggja að allt fatlað fólk njóti til fulls og til jafns við annað fólk allra mannréttinda og grundvallarfrelsis og að efla virðingu fyrir eðlislægri reisn þess.	65. gr. stjskr. 14. gr. MSE		Öll ráðuneyti sem bera ábyrgð á aðgerðum í framkvæmd aðgerða í landsáætlun			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 (landsáætlun).
Til fatlaðs fólks teljast m.a. þau sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og virka samfélagsþátttöku til jafns við annað fólk.	2. tl. 2. gr. laga nr. 38/2018 Lög nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.		Félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs fólks á þingmálaskrá.
2. gr.						
Skilgreiningar.						
Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:						
„Samskipti“ taka til tungumála, framsetningar texta, punktaleturs, snertitáknmáls, stækkaðs leturs, aðgengilegrar margmiðlunar, einnig ritmáls, talmáls, auðskilins máls, talgervla og aukinna og óhefðbundinna samskiptaleiða, -máta og -forms, meðal annars aðgengilegra upplýsinga- og samskiptatækni, "tungumál" tekur til talaðs máls og táknmáls og annars konar máls sem ekki er talað,	Lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls Bókasafnalög nr. 150/2012	Reglugerð nr. 939/2013 um Hljóðbókasafn Íslands, með síðari breytingum	Mennta- og barnamálaráðuneyti, félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð B.3.
„Mismunun á grundvelli fötlunar“ merkir hvers konar aðgreiningu, útilokun eða takmörkun á grundvelli fötlunar sem hefur þann tilgang eða þau áhrif að torvelda eða koma í veg fyrir að öll mannréttindi og grundvallarfrelsi séu viðurkennd, þeirra sé notið eða þau séu nýtt, á jafnréttisgrundvelli, á sviði stjórnmála, efnahagsmála, félagsmála og menningarmála, sem borgari eða á öðrum sviðum. Hugtakið tekur til mismununar í hvaða mynd sem er, þar með talið þegar fötluðu fólki er neitað um viðeigandi aðlögun,	65. gr. stjskr. 14. gr. MSE 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 38/2018	Reglugerð nr. 1036/2018 um eftirlit og eftirfylgni vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, með síðari breytingum.	Dómsmálaráðuneyti, félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs fólks á þingmálaskrá.
„Viðeigandi aðlögun“ merkir nauðsynlegar og viðeigandi breytingar og lagfæringar, sem eru ekki umfram það sem eðlilegt má teljast eða of íþyngjandi, þar sem þeirra er þörf í sérstöku tilviki, til þess að tryggt sé að fatlað fólk fái notið eða geti nýtt sér, til jafns við annað fólk, öll mannréttindi og grundvallarfrelsi,	Lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls Bókasafnalög nr. 150/2012 Lög nr. 38/2011 um fjölmiðla Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði Lög nr. 160/2010 um mannvirki	Reglugerð nr. 1163/2011 um framhaldsfræðslu Byggingarreglugerð nr. 112/2012 Reglugerð nr. 939/2013 um Hljóðbókasafn Íslands, með síðari breytingum Reglugerð nr. 230/2012 um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum	Dómsmálaráðuneyti, félags- og húsnæðismálaráðuneyti, innviðaráðuneyti			

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
„Algild hönnun“ merkir hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu, sem allt fólk getur nýtt sér, að því marki sem mögulegt er, án þess að koma þurfi til umbreyting eða sérstök hönnun. "Algild hönnun" á ekki að útiloka hjálpartæki fyrir tiltekna hópa fatlaðs fólks, þar sem þeirra er þörf.	Skipulagslög nr. 123/2010 Lög nr. 160/2010 um mannvirki	Byggingarreglugerð nr. 112/2012 Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 Reglugerð nr. 170/2009 um styrki og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða. Reglugerð nr. 760/2011 um styrki vegna hjálpartækja	Félags- og húsnæðismálaráðuneyti			
3. gr.						
Almennar meginreglur						
Meginreglur samnings þessa eru eftirfarandi:						
a) virðing fyrir eðlislægri reisn, sjálfræði einstaklinga, þar með talið frelsi til að taka eigin ákvarðanir, og sjálfstæði einstaklinga						
b) bann við mismunun,						
c) full og virk þátttaka í samfélaginu án aðgreiningar,						
d) virðing fyrir fjölbreytni og viðurkenning á fötluðu fólki sem hluta af mannlegum margbreytileika og mannkyni						
e) jöfn tækifæri,						
f) aðgengi,						
g) jafnrétti á milli karla og kvenna,						
h) virðing fyrir stigvaxandi getu fatlaðra barna og virðing fyrir rétti þeirra til að varðveita sjálfsmynd sína,						
4. gr						
Almennar skuldbindingar						
Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að efla og tryggja að fullu öll mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi á grundvelli fötlunar.	13., 19., 21. og 65. gr. stjskr. Stjórnskipunarvenjur Þjóðréttarvenjur		Félags- og húsnæðismálaráðuneyti og önnur ráðuneyti sem bera ábyrgð á aðgerðum í landsáætlun			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027.
Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:						
a) að samþykkja alla viðeigandi löggjöf og ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og aðrar ráðstafanir til að tryggja þau réttindi sem viðurkennd eru með samningi þessum,						Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerðir E.7, F.1 og F.2
b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með lagasetningu, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin,						Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerðir A.14, B.4 og E.2.
c) að taka mið af vernd og framgangi mannréttinda fatlaðs fólks við alla stefnumótun og áætlanagerð,						

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
d) að aðhafast ekkert það sem fer í bága við samning þennan og sjá til þess að opinber yfirvöld og stofnanir vinni í samræmi við ákvæði hans,						
e) að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að uppræta mismunun á grundvelli fötlunar af hálfu sérhvers einstaklings, samtaka eða einkaaðila,						
f) að framkvæma eða gangast fyrir rannsóknum og þróun á algildri hönnun framleiðsluvara, þjónustu, tækja og aðstöðu í samræmi við 2. gr. samnings þessa, sem breyta þarf sem allra minnst og með sem minnstum tilkostnaði til þess að mæta sérstökum þörfum fatlaðs fólks, til að stuðla að framboði á þeim og notkun og til að stuðla að algildri hönnun í þróun staðla og leiðbeininga,	lög um mannvirki nr 160/2010, lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr.3/2003	Byggingareglugerð nr 112/2012				
g) að framkvæma eða gangast fyrir rannsóknum og þróun á nýrri tækni, og sjá til þess að hún sé tiltæk og notuð, þar á meðal upplýsinga- og samskiptatækni, ferliaðstoð, búnaði og hjálpartækni sem henta fötluðu fólki, með áherslu á tækni á viðráðanlegu verði,	lög um mannvirki nr 160/2010, lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr.3/2003	Byggingareglugerð nr 112/2012				Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð E.13
h) að láta fötluðu fólki í té aðgengilegar upplýsingar um ferliaðstoð, búnað og hjálpartækni, þar á meðal nýja tækni auk annarra tegunda aðstoðar, stuðningsþjónustu og búnaðar,	Lög um sjúkratryggingar nr.112/2008	Viðeigandi reglugerðir, eru töluvert margar				
i) að efla þjálfun og þekkingu fagfólks og starfsfólks sem vinnur með fötluðu fólki á þeim réttindum sem eru viðurkennd með samningi þessum í því skyni að betrumbæta þá aðstoð og þjónustu sem þau réttindi tryggja.	Lög um réttindagæslu f. fatlað fólk nr. 88/2011, réttindagæslumenn í III. kafla, persónulegir talsmenn í IV. Kafla laganna - Lög um NPA nr. 38/2018					
Að því er varðar efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi skuldbindur sérhvert aðildarríki sig til þess að gera ráðstafanir, eins og efni þess frekast leyfa og með þátttöku í alþjóðasamstarfi, eftir því sem þörf krefur, í því skyni að fyrrnefnd réttindi verði í einu og öllu virk í áföngum með fyrirvara um þær skuldbindingar samkvæmt samningi þessum sem verða nú þegar virkar í samræmi við alþjóðalög.	Lög um réttindagæslu f. fatlað fólk nr. 88/2011, réttindagæslumenn í III. kafla, persónulegir talsmenn í IV. Kafla laganna - Ákvæði um NPA í lögum nr. 38/2018					

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
3. Við þróun og innleiðingu löggjafar og stefnu við innleiðingu samnings þessa og við annan undirbúning og framkvæmd ákvarðana varðandi málefni fatlaðs fólks, skulu aðildarríkin hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar á meðal fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.	Ath. hér líka 3. mgr. 33. gr. samningsins varðandi eftirlit og 4. mgr. 35. gr. varðandi skýrslur til eftirlitsnefndar. Lög um þjónustu við fatlað fólk. Ný lög - ath. 1 gr. vísað í samning kveðið á um samráðsskyldu - félagsþjónustulögin komin almenna skyldan í 1.gr. og notendaráðin - hvað um önnur svið sem samningur tekur til í öðrum lögum tryggt þetta ath. menntun, ath. hafa önnur ráðuneyti gert. hvar eru sérstakir hagsmunir t.d. í öðrum ráðuneytiss. Ath. GC nr. 7.					
4. Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á ákvæði sem stuðla frekar að því að réttindi fatlaðs fólks verði að veruleika og lög aðildarríkis eða alþjóðalög, sem gilda gagnvart hlutaðeigandi aðildarríki, kunna að innihalda.						
Eigi skal takmarka eða víkja frá nokkrum mannréttindum og grundvallarfrelsi, sem eru viðurkennd eða gilda í aðildarríki að samningi þessum samkvæmt lögum, samningum, reglum eða venju, undir því yfirskini að samningur þessi viðurkenni ekki slík réttindi eða frelsi eða viðurkenni þau í minna mæli.						
5. Ákvæði samnings þessa gilda alls staðar í sambandsríkjum án nokkurra takmarkana eða undanþága.						
5. gr						
Jafnrétti og bann við mismunun.						
1. Aðildarríkin viðurkenna að allar manneskjur eru jafnar fyrir og samkvæmt lögum og eiga rétt á jafnri vernd og jöfnum ávinningi af lögum án nokkurar mismununar.	65. gr. stjskr. nr. 33/1944, lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018, lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði 1. mgr. 42. gr .laga um félagslegsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 2.mgr.1.gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 og 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993	Bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 85/2018 að innan árs frá gildistöku lagana leggi hann fram frumvarp þar sem kveðið verði á um að lögunum verði breytt þannig þau gildi einnig óháð trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins. Reglugerðarheimild í nýjum lögum, en engin reglugerð komin.	Öll ráðuneyti sem bera ábyrgð á lagaframkvæmd skv. landsáætlun			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerðir E.2 og E-14.

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
2. Aðildarríkin skulu banna hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar og tryggja fötluðu fólki jafna og skilvirka réttarvernd gegn mismunun af hvaða ástæðu sem er.	65 gr. stjskr, 180. og 235 gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940	Á vinnumarkaði, lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Utan vinnumarkaðar; bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 85/2018				
3. Aðildarríkin skulu, í því skyni að efla jafnrétti og uppræta mismunun, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fötluðu fólki standi viðeigandi aðlögun til boða.	10. gr. laga, nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði, 11. gr. stjórnsýslulaga, 2. mgr. 1. gr. laga um réttindi sjúklinga 74/1997					
4. Eigi ber að líta á sértækar aðgerðir, sem eru nauðsynlegar til þess að flýta fyrir eða ná fram raunverulegu jafnrétti fyrir fatlað fólk, sem mismunun í skilningi samnings þessa.						
6. gr.						
Fatlaðar konur.						
1. Aðildarríkin viðurkenna að fatlaðar konur og stúlkur verða fyrir fjölþættri mismunun og skulu gera ráðstafanir til þess að tryggja að þær fái notið til fulls allra mannréttinda og grundvallarfrelsis til jafns við annað fólk.	65. gr. stjskr. um jafnrétti		Dómsmálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð E-11.
2. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fullu þróun, framgang og valdeflingu kvenna í því skyni að tryggt sé að þær geti nýtt sér og notið þeirra mannréttinda og grundvallarfrelsis sem samningur þessi kveður á um.	lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008		Dómsmálaráðuneyti			
7. gr.						
Fötluð börn.						
1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að fötluð börn fái notið allra mannréttinda og grundvallarfrelsis til fulls og jafns við önnur börn.	3.mgr. 76.gr. stjskr. - 1. mgr. 2. gr. Barnasáttmálans, lög nr. 19/2013 - 13. gr. l. nr. 38/2018, barnaverndarlög (2.mgr.2.gr.) og 1.tl. 2. gr. laga um samning sþ. um réttindi barna, lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.		Mennta- og barnamálaráðuneyti og félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Lög nr. 86/2021, um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna Uppfært okt. 2025: Heildarendurskoðun barnaverndarlaga á þingmálaskrá.
2. Í öllum aðgerðum, sem snerta fötluð börn, skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu.	a-liður 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, 1. tl. 3. gr. laga um samning sþ. um réttindi barnsins					Uppfært október 2025: Lög nr. 86/2021, um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna Uppfært okt. 2025: Heildarendurskoðun barnaverndarlaga á þingmálaskrá. Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð E.1 og E.7.

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
3. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum rétt til þess að láta skoðanir sínar óhindrað í ljós um öll málefni er þau varða, jafnframt því að sjónarmiðum þeirra sé gefið tilhlýðilegt vægi í samræmi við aldur þeirra og þroska og til jafns við önnur börn og veita þeim aðstoð þar sem tekið er viðeigandi tillit til fötlunar þeirra og aldurs til þess að sá réttur megi verða að veruleika.	Barnaverndarlög (1.mgr.1.gr.), barnalög og 1.tl.12.gr. laga um samning sþ. um réttindi barnsins					
8. gr.						
Vitundarvakning						
1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að samþykkja tafarlausar, árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir:			Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og önnur ráðuneyti sem bera ábyrgð á framkvæmd aðgerða í landsáætlun.			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 - aðgerðir skv. flokki A
a) til þess að koma á vitundarvakningu alls staðar innan samfélagsins, þar á meðal innan fjölskyldunnar, um fatlað fólk og að auka virðingu fyrir réttindum og mannlegri reisn þess,						
b) til þess að vinna gegn staðalímyndum, fordómum og skaðlegum venjum sem tengjast fötluðu fólki, þar á meðal þeim sem tengjast kyni og aldri, á öllum sviðum lífsins,						
c) til þess að efla vitund um getu og framlag fatlaðs fólks.						
2. Meðal aðgerða í þessu skyni má nefna:						
a) að standa fyrir og vinna stöðugt að skilvirkum átaksverkefnum um vitundarvakningu hjá almenningi sem miða að því:						
i. að gera almenning móttækilegan fyrir réttindum fatlaðs fólks,						
ii. að styrkja jákvæða ímynd fatlaðs fólks og efla samfélagslega vitund um málefni þess,						
iii. að stuðla að viðurkenningu á færni, verðleikum og getu fatlaðs fólks sem og á framlagi þess til vinnustaða sinna og vinnumarkaðarins	Lög um opinber innkaup nr. 84/2007, lög um jafna meðferð á vinnumarkaði					
b) að ýta undir að á öllum sviðum menntakerfisins, þar með talið hjá öllum börnum frá unga aldri, ríki virðing fyrir réttindum fatlaðs fólks	Lög um leikskóla nr. 90/2008, lög um grunnskóla nr. 91/2008 og lög um framhaldsskóla nr. 92/2008	Reglugerðir fyrir grunn- og framhaldsskóla um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins. Þar er m.a. kveðið á um skólabrag og gagnkvæma virðingu í skólastarfi. Aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla þar sem grunnþættir eru m.a.: lýðræði, jafnrétti og mannréttindi	Mennta- og barnamálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 - Aðgerð A.4.

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
c) að hvetja allar gerðir fjölmiðla til að gefa þá mynd af fötluðu fólki sem samræmist tilgangi samnings þessa,			Félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 - Aðgerð A.5.
d) að efla fræðsluáætlanir til vitundarvakningar um fatlað fólk og réttindi þess						Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 - Aðgerð A.2.
9. gr.						
Aðgengi						
1. Til að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt á öllum sviðum lífsins skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja fötluðu fólki aðgengi, til jafns við annað fólk, að efnislegu umhverfi sínu, samgöngum, upplýsingum og samskiptum þar með talin samskiptatækni og -kerfi og að annarri aðstöðu og þjónustu sem opin er eða veitt almenningi hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli. Ráðstafanir þessar, sem skulu fela í sér að bera kennsl á og útrýma hindrunum og tálmunun aðgengis, skulu meðal annars ná til:	Lög um mannvirki nr. 160/2010, 21. gr. verja tjáningar og skoðanafrelsi, 29 gr. þátttöku að upplýsingum. 1. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (38/2018) Lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannaþágu nr. 23/2013, 3. gr. um miðlun og 6. gr. um textun. lög um bifreiðargjald nr. 39/1988	Byggingarreglugerð nr. 112/2012, algild hönnun, undanþáguákvæði frá greiðslu bifreiðagjalda í lögum nr. 39/1988	Félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 - Aðgerðir í B-flokki
a) bygginga, vega, samgangna og annarrar aðstöðu innan dyra sem utan, þar á meðal skóla, íbúðarhúsnæðis, heilbrigðisstofnana og vinnustaða,	Lög nr. 160/2010 um mannvirki - Lög um farþegaflutninga og farmflutninga á landi 40/1991, 19gr.	Rgl. nr 475/2017 um gildistöku rgl. ESB nr 181/2011 um réttindi farþega. Byggingarreglugerð nr. 112/2012, algild hönnun	Innviðaráðuneyti			
b) upplýsinga og samskipta auk annarrar þjónustu, þar á meðal rafrænnar þjónustu og neyðarþjónustu.	Fjarskiptalög nr 81/2003		Fjármála- og efnahagsráðuneyti, félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð B.1
2. Aðildarríki skulu ennfremur gera viðeigandi ráðstafanir til þess að:						
a) þróa, breiða út þekkingu á og fylgjast með innleiðingu lágmarksviðmiða og leiðbeininga um aðgengi að aðstöðu og þjónustu sem opin er eða veitt almenningi	Lög um mannvirki nr 160/2010	Byggingareglugerð nr. 112/2012				
b) tryggja að einkaaðilar, sem bjóða fram aðstöðu og þjónustu sem veitt er eða opin almenningi, taki mið af öllum þáttum aðgengis fatlaðs fólks,	skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki nr. 160/2010	Byggingareglugerð nr. 112/2012				Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð B.6.
c) standa fyrir fræðslu fyrir hagsmunaaðila um þau aðgengisvandamál sem fatlað fólk stendur frammi fyrir,	skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki nr. 160/2011	Byggingareglugerð nr. 112/2012				

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
d) hafa merkingar með punktaletri og á auðlesnu og auðskiljanlegu formi í byggingum og annarri aðstöðu, sem almenningi stendur opin,	Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslenskt táknmál nr. 61/2011, 4. gr. um íslenskt punktaletur, lög um þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda,sjónskerta,daufblinda og einstaklinga sampætta sjón og heyrnaskerðingu nr. 160/2008	Byggingareglugerð nr. 112/2012				
e) láta í té ýmiss konar aðstoð og þjónustu millilliða, þar á meðal fylgdarmanna, lesara og faglærðra táknmálstúlka, í því skyni að auðvelda aðgengi að byggingum og annarri aðstöðu sem opin er almenningi,	Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslenskt táknmál nr. 61/2011, 3. gr. um íslenskt táknmál					
f) efla önnur viðeigandi form aðstoðar og stuðnings við fatlað fólk í því skyni að tryggja aðgang þess að upplýsingum,						
g) efla aðgengi fatlaðs fólks að nýrri upplýsinga- og samskiptatækni og -kerfum, þar á meðal netinu,						
h) við hönnun, þróun, framleiðslu og dreifingu aðgengilegrar upplýsinga- og samskiptatækni og kerfa þar að lútandi sé frá upphafi unnið að því að slík tækni og kerfi verði aðgengileg með sem minnstum tilkostnaði.						
10. gr.						
Réttur til lífs						
Aðildarríkin árétta að sérhver manneskja eigi eðlislægan rétt til lífs og skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk fái notið hans á virkan hátt til jafns við annað fólk.	6. gr. barnasáttmála sþ. og 2. gr. MSE sem hefur lagagildi hér sbr. l 62/1994, bann við dauðarefsingum í 2. mgr. 69. gr. stjskr.		Dómsmálaráðuneyti, forsætisráðuneyti			
11. gr.						
Aðstæður sem skapa hættu og neyðarástand sem kallar á mannúðaraðstoð						
Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt alþjóðalögum, þar með talin alþjóðleg mannúðarlög og alþjóðleg mannréttindalög, til þess að tryggja vernd og öryggi fatlaðs fólks þegar hættuástand ríkir, þar á meðal vopnuð átök, neyðarástand sem kallar á mannúðaraðstoð og náttúruhamfarir.	Lög um almannavarnir nr. 82/2008 - lög um útlendinga nr. 80/2016, 6. tl. 3. gr. Lög um samræmda neyðarsvörun nr. 40/2008	24. gr. reglugerðar um útlendinga nr. 540/2017				Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 - Aðgerðir E.3 og E.10.
12. gr.						
Jöfn viðurkenning fyrir lögum						
1. Aðildarríkin árétta að fatlað fólk á rétt á því að vera viðurkennt alls staðar sem persónur að lögum.	1. mgr. 65. gr. stjskr. Lögræðislög		Dómsmálaráðuneyti			

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
2. Aðildarríkin skulu viðurkenna að fatlað fólk njóti löghæfis til jafns við annað fólk á öllum sviðum lífsins.	3.mgr.1.gr. laga um réttindagæslu f. fatlað fólk, lögfræðislög		Dómsmálaráðuneyti, félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs fólks á þingmálaskrá.
3. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk fái þann stuðning sem það kann að þarfnast þegar það nýtir löghæfi sitt.	Lög um réttindagæslu f. fatlað fólk nr. 88/2011, réttindagæslumenn í III. kafla, persónulegir talsmenn í IV. Kafla laganna - Lög um NPA nr. 38/2018	Reglugerð um persónulega talsmenn fatlaðs fólks nr. 972/2012 - reglugerð um réttindagæslumenn fatlaðs fólks nr. 973/2012	Dómsmálaráðuneyti, félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs fólks á þingmálaskrá. Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 - Aðgerð E.5.
4. Aðildarríkin skulu tryggja að allar ráðstafanir, sem varða nýtingu löghæfis, feli í sér viðeigandi og árangursríka vernd til þess að koma í veg fyrir misnotkun í samræmi við alþjóðleg mannréttindalög. Með slíkri vernd skal tryggt að ráðstafanir sem varða nýtingu löghæfis virði réttindi, vilja og óskir einstaklingsins, leiði ekki til hagsmunaárekstra eða hafi ótilhlýðileg áhrif, séu í samræmi við og sniðin að aðstæðum viðkomandi einstaklings, gildi í skemmsta mögulega tíma og séu endurskoðaðar reglulega af til þess bæru sjálfstæðu og óháðu yfirvaldi eða dómstóli. Verndin skal taka mið af og vera í samræmi við þau áhrif sem slíkar ráðstafanir hafa á réttindi og hagsmuni einstaklingsins.	Lögræðislög nr. 71/1997, lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011					
5. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi og árangursríkar ráðstafanir, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, til þess að tryggja jafnan rétt fatlaðs fólks til þess að eiga eða erfa eignir, stýra eigin fjármálum og hafa til jafns við annað fólk aðgang að bankalánum, veðlánum og annars konar lánafyrirgreiðslu, jafnframt því að tryggja að fatlað fólk sé ekki svipt eignum sínum eftir geðþótta.		reglugerð um persónulega talsmenn fatlaðs fólks nr. 972/2012				
13. gr.						
Aðgangur að réttarvörslukerfinu						

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólki virkan aðgang að réttinum til jafns við annað fólk, meðal annars með aðlögun málsmeðferðar og aðlögun með tilliti til aldurs í því skyni að greiða fyrir virkri þátttöku þess, beinni eða óbeinni, þar á meðal sem vitni, í allri málsmeðferð, þar með talið á rannsóknarstigi eða öðrum fyrri stigum máls.	1. mgr. 70. gr. stjskr. - réttindagæslumenn skv. lögum nr. 88/2011 - UT á vitnaskyldu í 2. og 3. mgr. 49. gr. laga um meðferð einkamála nr. 19/1990 - gjafsókn í XX. kafla alga nr. 91/1991	reglugerð um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar nr. 45/2008 með síðari breytingum	Dómsmálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 - Aðgerð E.9
2. Í því skyni að tryggja fötluðu fólki virkan aðgang að réttinum skulu aðildarríkin efla viðeigandi þjálfun fyrir þau sem starfa á sviði réttarvörslu, þar á meðal lögreglu og starfsfólk fangelsa.	Lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011, lög um meðferð einkamála nr 91/1991	reglugerð um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar nr. 45/2008 með síðari breytingum	Dómsmálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 - Aðgerð A.8.
14. gr.						
Frelsi og öryggi einstaklingsins						
1. Aðildarríkin skulu tryggja að fatlað fólk, til jafns við annað fólk:	eftirlit með OPCAT hjá UA sbr. lög nr. 147/2018		Félags- og húsnæðismálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti			
a) njóti réttar til frelsis og persónulegs öryggis,	67. og 71. gr. stjskr.					
b) sé ekki svipt frelsi sínu með ólögmætum hætti eða geðþóttaákvörðunum og að frelsissvipting í hvaða mynd sem er sé lögum samkvæmt og að fötlun skuli ekki undir neinum kringumstæðum réttlæta frelsissviptingu.	10. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, 3. mgr. 15. gr. sömu laga varðandi verulega og viðvarandi skerðingu á ferðafrelsi einstaklings - 14. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk					Uppfært okt. 2025: Frumvarp til laga um öryggisráðstafanir skv. dómsúrlausn á þingmálskrá. Uppfært okt. 2025: Frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs fólks á þingmálaskrá.
2. Sé fatlað fólk svipt frelsi sínu á einhvern hátt skulu aðildarríkin tryggja að því séu tryggð mannréttindi til jafns við annað fólk í samræmi við alþjóðleg mannréttindalög og að meðferð þess samræmist markmiðum og meginreglum samnings þessa, meðal annars með því að tryggja því viðeigandi aðlögun.	OPCAT - lögræðislög nr. 71/1997					
15. gr.						
Frelsi frá pyndingum eða grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.						
1. Enginn skal sæta pyndingum eða grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Einkum og sér í lagi er óheimilt að gera læknisfræði- eða vísindatilraunir á nokkurri manneskju án samþykkis hennar.	68.gr. stjskr. - OPCAT - 22. og 21. gr. laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr. 44/2014 - 2.-5. gr. MSE sbr. lög nr. 62/1994		Félags- og húsnæðismálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 - Aðgerð E.4.

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
2. Aðildarríkin skulu gera allar skilvirkar ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, réttarkerfisins, eða aðrar ráðstafanir, í því skyni að vernda fatlað fólk, jafnt og annað fólk, fyrir pyndingum eða annarri grimmilegri, ómannlegri eða niðurlægjandi meðferð eða refsingu.	lög um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn nr. 26/2007 - lög um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007 nr.47/2010 -					
16. gr.						
Frelsi frá misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum.						
1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félags- og menntamála og aðrar ráðstafanir í því skyni að vernda fatlað fólk, jafnt innan heimilis sem utan, fyrir hvers kyns misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum, þar á meðal kynbundnum hliðum þessa.	2. mgr. 194. gr. og 197. gr hegningarlaga nr. 19/1940		Öll ráðuneyti sem bera ábyrgð á lagaframkvæmd skv. landsáætlun			
2. Aðildarríkin skulu einnig gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir hvers konar misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar, þar á meðal með því að tryggja fötluðu fólki og fjölskyldum þess og umönnunaraðilum, viðeigandi aðstoð og stuðning, sem tekur mið af kyni og aldri, meðal annars með upplýsingagjöf og fræðslu um hvernig beri að forðast, átta sig á og tilkynna um misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar. Aðildarríkin skulu tryggja að við þá þjónustu þar sem vernd er veitt sé tekið mið af kyni, aldri og fötlun.						
3. Í því skyni að koma í veg fyrir misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar í hvaða mynd sem er skulu aðildarríkin tryggja að óháð yfirvöld hafi virkt eftirlit með allri aðstöðu og áætlunum sem er ætlað að þjóna fötluðu fólki.						

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
4. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að efla líkamlegan, vitsmunalegan og sálrænan bata, endurhæfingu og félagslega enduraðlögun fatlaðs fólks, sem verður þolendur misnotkunar í gróðaskyni, ofbeldis eða misþyrminga í einhverri mynd, meðal annars með því að bjóða fram þjónustu sem veitir vernd. Slíkur bati og enduraðlögun skulu fara fram í umhverfi sem stuðlar að bættri heilsu, velferð, sjálfsvirðingu, reisn og sjálfræði viðkomandi einstaklings, þar sem tillit skal tekið til kyn- og aldursbundinna þarfa.	15.tl.1.mgr.1.kafla félagsmálasáttmála Evrópu (óháð orsök)					
5. Aðildarríkin skulu taka upp skilvirka löggjöf og stefnu, þar á meðal löggjöf og stefnu þar sem sérstakt tillit er tekið til kvenna og barna, til að tryggja að misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar sem beinast gegn fötluðu fólki verði greindar, rannsakaðar og eftir atvikum ákært vegna þeirra.						
17. gr.						
Verndun friðhelgi einstaklingsins						
Allt fatlað fólk á rétt á virðingu fyrir líkamlegri og andlegri friðhelgi til jafns við annað fólk.	71.gr. stjskr. - 7. gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 - 18. gr. laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975 - 4. og 5. gr. laga um þungunarrof nr. 43/2019 - 11. gr. laga um kynrænt sjálfræði nr.80/2019		Öll ráðuneyti sem bera ábyrgð á lagaframkvæmd skv. landsáætlun			
18. gr.						
Ferðafrelsi og ríkisfang.						
1. Aðildarríkin skulu viðurkenna rétt fatlaðs fólks, til jafns við annað fólk, til ferðafrelsis og frelsis til að velja sér búsetu og rétt til ríkisfangs, meðal annars með því að ábyrgjast að fatlað fólk:	66. gr. stjskr. Lög um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952		Félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð B.9
a) hafi rétt til að öðlast ríkisfang og breyta því og sé ekki svipt ríkisfangi sínu eftir geðþótta eða á grundvelli fötlunar,	66. gr. stjskr. Lög um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1953		Utanríkisráðuneyti, Forsætisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti			
b) sé ekki, á grundvelli fötlunar, svipt tækifæri til að fá, hafa umráð yfir og nýta sér skjöl um ríkisfang sitt eða önnur auðkenningarskjöl eða til að nýta sér viðeigandi ferli, svo sem málsmeðferð vegna innflytjendamála, sem kann að vera nauðsynlegt til þess að greiða fyrir nýtingu réttarins til ferðafrelsis,			Utanríkisráðuneyti, Forsætisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti			

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
c) hafi frelsi til að yfirgefa hvaða land sem er, þar með talið sitt eigið,	2. mgr. 66. gr. stjskr		Utanríkisráðuneyti, Forsætisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti			
d) sé ekki, eftir geðþótta eða á grundvelli fötlunar, svipt réttinum til að koma til síns eigin lands.			Utanríkisráðuneyti, Forsætisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti			
2. Fötluð börn skulu skráð þegar eftir fæðingu og eiga frá fæðingu rétt til nafns, rétt til þess að öðlast ríkisfang og, eftir því sem unnt er, rétt til þess að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.	lög um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952 - 7. gr. barnalaga nr. 76/2003 - 2. gr. laga um mannanöfn nr. 45/2003		Utanríkisráðuneyti, Forsætisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti			
19. gr.						
Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu.						
Aðildarríki samnings þessa viðurkenna jafnan rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og eiga valkosti til jafns við annað fólk og skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk megi að fullu njóta þessa réttar og fullrar aðildar og þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar, meðal annars með því að tryggja:	Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018	Rgl. nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Í bráðabirgðaákvæði laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, er lögð áhersla á að fötluðu fólki sem býr á stofnunum eða herbergjasambýlum skuli bjóðast aðrir búsetukostir.	Félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerðir C.5 og C.6.
a) að fatlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við annað fólk, og að því sé ekki gert að eiga heima í tilteknu búsetuformi	lög um málefni fatlaðra með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018					
b) að fatlað fólk hafi aðgang að ýmiss konar þjónustu, svo sem heimaþjónustu, búsetuþjónustu og annarri samfélagslegri stuðningsþjónustu, þar á meðal persónulegri aðstoð, sem nauðsynleg er til stuðnings lífi án aðgreiningar í samfélaginu og til að koma í veg fyrir einangrun og aðskilnað frá samfélaginu,	lög um félagsþjónustu sveitafélaga, lög um málefni fatlaðra með langvarandi stunðningsþarfir 38/2018					
c) að samfélagsþjónusta og aðstaða fyrir almenning standi fötluðu fólki til boða til jafns við annað fólk og mæti þörfum þess.						
20. gr.						
Ferlimál einstaklinga.						
Aðildarríkin skulu gera skilvirkar ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk geti farið allra sinna ferða og tryggja sjálfstæði þess í þeim efnum, eftir því sem frekast er unnt, meðal annars með því:	lög nr. 160/2008 um þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda,sjónskerta og eintaklinga með samþætta sjón- og heyrnaskerðingu. Lög nr. 42/2007 um heyrna og talmeinastöð íslands	esb reglugerð nr. 1107/2006 um réttindi fatlaðs og hreyfihamlaðs fólks sem ferðast með flugi. Esb reglugerð 1177/2010 um réttindi fatlaðs fólks sem ferðast á sjó.	Innviðaráðuneyti, félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð B.4

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
a) að greiða fyrir því að fatlað fólk geti farið allra sinna ferða með þeim hætti og á þeim tíma sem það kýs og á viðráðanlegu verði;	29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 19. gr. laga nr. 28/2017 um almenningssamgöngur	Reglugerð nr. 181/2011 um réttindi farþega í hópbifreiðum				
b) að greiða fyrir aðgangi fatlaðs fólks að gæðaferliaðstoð, -búnaði, -stuðningstækni og ýmiss konar persónulegri aðstoð og milliliðum, þar á meðal með því að hafa búnað og þjónustu tiltæk á viðráðanlegu verði,	29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 19. gr. laga nr. 28/2017 um almenningssamgöngur	reglugerð nr. 233/2010 um úthlutun á hjálpartækjum á vegum Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga - reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 - reglugerð nr. 1155/2013				
c) að sjá fyrir fræðslu og þjálfun í hreyfifærni fyrir fatlað fólk og sérhæft starfsfólk sem vinnur með fötluðu fólki,	lög nr. 160/2008 um þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda,sjónskerta og eintaklinga með samþætta sjón- og heyrnaskerðingu.					
d) að hvetja framleiðendur hjálpartækja, búnaðar og stuðningstækni til þess að taka tillit til allra þátta ferlimála fatlaðs fólks.	lög um sjúkrastryggingar	viðeigandi reglugerðir				
21. gr.						
Tjáningar- og skoðanafrelsi og aðgangur að upplýsingum.						
Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk geti nýtt sér rétt sinn til tjáningar- og skoðanafrelsis, þar með talið frelsis til að leita eftir, taka við og miðla upplýsingum og hugmyndum, til jafns við annað fólk, með hvers kyns samskiptamiðlum að eigin vali, samanber skilgreiningu í 2. gr. samnings þessa, þar á meðal með því:	73. gr. stjskr.- lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018		Félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð B.3
a) að láta fötluðu fólki í té upplýsingar, sem almenningi eru ætlaðar, í aðgengilegu formi og með aðgengilegri tækni, sem tekur mið af mismunandi fötlun, tímanlega og án aukakostnaðar,	73. gr. stjskr.- lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2019, lög nr. 116/2012 um málefni innflytjenda.					
b) að viðurkenna og auðvelda notkun táknmáls, punktaleturs, aukinna og óhefðbundinna samskipta og allra annarra aðgengilegra samskiptaleiða, -máta og -forma sem fatlað fólk kýs að nota í opinberum samskiptum,	73. gr. stjskr.- lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, lög nr. 116/2012 um málefni innflytjenda.					
c) að brýna fyrir einkaaðilum sem bjóða almenningi þjónustu, þar á meðal gegnum netið, að veita upplýsingar og þjónustu í aðgengilegu og nothæfu formi fyrir fatlað fólk,	73. gr. stjskr.- lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2019, lög nr. 116/2012 um málefni innflytjenda.					

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
d) að hvetja fjölmiðla, þar með taldar upplýsingaveitur á netinu, til þess að gera þjónustu sína aðgengilega fötluðu fólki,	73. gr. stjskr.- lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2019, lög nr. 116/2012 um málefni innflytjenda. Lög um fjölmiðla					
e) að viðurkenna og efla notkun táknmáls.	73. gr. stjskr.- lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2019, lög nr. 116/2012 um málefni innflytjenda.					
22. gr.						
Virðing fyrir einkalífi.						
1. Engin fötluð manneskja skal, óháð búsetustað eða formi, sæta ólögmætum afskiptum eða geðþótta afskiptum af einkalífi sínu, fjölskyldu, skriflegum samskiptum eða öðrum samskiptum eða ólögmætum árásum á æru sína og orðstír. Fatlað fólk á rétt á lagalegri vernd gegn slíkum afskiptum eða árásum.	71. gr. stjskr. - Samningur SÞ um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi - Mannréttindasáttmáli Evrópu - lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011.		Dómsmálaráðuneyti Félags- og húsnæðismálaráðuneyti			
2. Aðildarríkin skulu vernda trúnað um upplýsingar um persónulega hagi, heilsufar og endurhæfingu fatlaðs fólks til jafns við annað fólk.	Lög um sjúkraskrár nr. 55/2009 - Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.					Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð A.9
23. gr.						
Virðing fyrir heimili og fjölskyldu.						
1. Aðildarríkin skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir í því skyni að uppræta mismunun gagnvart fötluðu fólki í öllum málum sem lúta að hjónabandi, fjölskyldu, foreldrahlutverki og samböndum, á sama hátt og gildir um annað fólk, til þess að tryggja:	71. gr. Stjskr, lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000		Félags- og húsnæðismálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð C.7.
a) að réttur alls fatlaðs fólks, sem hefur náð tilskildum aldri, til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu, með frjálsu og fullu samþykki hjónaefnanna, sé virtur,	7. og 8. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993					
b) að réttur fatlaðs fólks til frjálsrar og ábyrgrar ákvarðanatöku um fjölda barna og tíma milli fæðinga og til að hafa aðgang, sem hæfir aldri þess, að upplýsingum og fræðslu um frjósemisheilbrigði og fjölskylduáætlanir sé viðurkenndur og að því séu veitt nauðsynleg úrræði sem gera því kleift að nýta sér þennan rétt,	lög nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir - 3. gr. laga um tæknifrjóvgun nr. 55/1996, lög um þungunarrof					

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið-aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
c) að fatlað fólk, þar með talin börn, fái haldið frjósemi sinni til jafns við annað fólk.	stjórnarskrá, lög um mse, hegningarlög,					
2. Aðildarríkin skulu tryggja réttindi og ábyrgð fatlaðs fólks að því er varðar lögráð, forsjá, fjárhald, ættleiðingar barna eða sambærilega þætti, þar sem þessi hugtök eru til í landslögum; skulu hagsmunir barnsins í öllum málum vera í fyrirrúmi. Aðildarríkin skulu veita fötluðu fólki viðeigandi aðstoð við að uppfylla skyldur sínar sem uppalendur barna.	lög um málefni fatlaðra með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, stjórnarskrá, lög um ráðgjöf um fræðslu varðandi kynlíf og barneignir	Reglugerð um breytingu á reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005				
3. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum jafnan rétt með tilliti til fjölskyldulífs. Til þess að þessi réttur verði að veruleika og í því skyni að koma í veg fyrir að fötluðum börnum sé leynt, þau yfirgefin, vanrækt eða að þau séu þolendur aðskilnaðar skuldbinda aðildarríkin sig til þess að veita fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra snemma alhliða upplýsingar, þjónustu og stuðning.	17. og 15. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir - 8. gr hjúskaparlaga nr. 31/1993					
4. Aðildarríkin skulu tryggja að barn sé ekki tekið frá foreldrum sínum gegn vilja þeirra nema til þess bær yfirvöld ákveði, með fyrirvara um endurskoðun dómstóla og í samræmi við gildandi lög og málsmeðferð, að slíkur aðskilnaður sé nauðsynlegur vegna þess sem er barninu fyrir bestu. Barn skal aldrei taka frá foreldrum sínum á grundvelli fötlunar barnsins eða annars foreldris eða beggja.	Barnaverndarlög nr. 80/2002 - 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu					
5. Aðildarríkin skulu reyna til þrautar, ef kjarnafjölskylda getur ekki annast fatlað barn, að sjá barninu fyrir annarri umönnun innan stórfjölskyldunnar, en að öðrum kosti tryggja því umönnun hjá fjölskyldu innan nærsamfélagsins.	lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (sjá frumvarpið)					
24. gr.						
Menntun.						
1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til menntunar. Í því skyni að þessi réttur verði að veruleika án mismununar og á grundvelli jafnra tækifæra skulu aðildarríkin tryggja menntakerfi án aðgreiningar á öllum skólastigum og við símenntun sem beinist að því:	76. gr. Stjórnarskrár, 17. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, 34. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og 6. mgr. 16. gr. laga um háskóla nr. 63/2006		Mennta og barnamálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerðir D.1, D.2, D.3, D.4, D.5, D.6, D.7 og D.8.
a) að mannleg geta og tilfinning fyrir reisn og eigin verðleikum þroskist til fulls og að virðing fyrir mannréttindum, grundvallarfrelsi og mannlegum margbreytileika vaxi,						

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
b) að fatlað fólk geti þroskað til fulls persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu,						
c) að gera fötluðu fólki kleift að taka virkan þátt í frjálsu samfélagi.						
2. Til að þessi réttur megi verða að veruleika skulu aðildarríkin tryggja:						
a) að fatlað fólk sé ekki útilokað frá almenna menntakerfinu á grundvelli fötlunar og að fötluð börn séu ekki útilokuð frá gjaldfrjálsu skyldunámi á grunnskólastigi eða námi á framhaldsskólastigi á grundvelli fötlunar,	Lög um grunnskóla nr. 91/2008, Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008,					
b) að fatlað fólk hafi aðgang til jafns við annað fólk að endurgjaldslausri grunn- og framhaldsskólamenntun án aðgreiningar, sem uppfyllir almennar kröfur um gæði, í þeim samfélögum þar sem það býr,	Lög um grunnskóla nr. 91/2008, Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008,					
c) að viðeigandi aðlögun sé veitt í samræmi við þarfir viðkomandi einstaklings		Reglugerðir á grunn- og framhaldsskólastigi um nemendur með sérþarfir				
d) að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning innan almenna menntakerfisins til þess að greiða fyrir skilvirkri menntun þess,	Lög um leikskóla nr. 90/2008, Lög um grunnskóla nr. 91/2008, Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, Lög um háskóla nr. 63/2006, Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010	Reglugerðir á grunn- og framhaldsskólastigi um nemendur með sérþarfir				
e) að skilvirkur, einstaklingsmiðaður stuðningur sé veittur í umhverfi sem hámarkar námsþroska og félagsþroska sem samræmist markmiðinu um fulla þátttöku án aðgreiningar.	Lög um leikskóla nr. 90/2008, Lög um grunnskóla nr. 91/2008, Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008,	Reglugerðir á grunn- og framhaldsskólastigi um nemendur með sérþarfir				
3. Aðildarríkin skulu gera fötluðu fólki kleift að öðlast hagnýta og félagslega færni í því skyni að greiða fyrir fullri þátttöku þess, til jafns við annað fólk, í skólastarfi og sem borgarar í samfélaginu. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í þessu skyni, meðal annars:	Lög um leikskóla nr. 90/2008, Lög um grunnskóla nr. 91/2008, Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, Lög um háskóla nr. 63/2006, Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010	Reglugerðir á grunn- og framhaldsskólastigi um nemendur með sérþarfir				
a) auðvelda fólki að læra punktaletur, óhefðbundna ritun, auknar og óhefðbundnar samskiptaleiðir, -máta og -form og færni í skynjun og hreyfifærni, ásamt því að greiða fyrir jafningjastuðningi og jafningjaráðgjöf,	lög um stöðu íslenskrar tungu og íslenskt táknmáls nr. 61/2011					
b) auðvelda fólki að læra táknmál og efla sjálfsmynd heyrnarlauss og heyrnarskerts fólks með tilliti til tungumáls,	lög um stöðu íslenskrar tungu og íslenskt táknmáls nr. 61/2011					
c) tryggja að menntun fólks, og þá sérstaklega barna, sem er blint eða sjónskert, heyrnarlaust eða heyrnarskert eða fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu fari fram á viðeigandi tungumálum og tjáningarmáta sem hentar viðkomandi einstaklingi og í umhverfi sem hámarkar námsþroska og félagsþroska.	lög um stöðu íslenskrar tungu og íslenskt táknmáls nr. 61/2011					

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
4. Í því skyni að tryggja að fyrrnefnd réttindi verði að veruleika skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til þess að ráða kennara, þar á meðal fatlaða kennara með sérþekkingu á táknmáli og/eða punktaletri, og þjálfa fagfólk og starfsfólk sem starfar á öllum sviðum menntakerfisins. Slík þjálfun skal fela í sér vitund um fötlun og notkun viðeigandi aukinna og óhefðbundinna samskiptaleiða, -máta og -forma, kennsluaðferða og námsgagna sem er ætlað að styðja fatlað fólk.	Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda nr. 97/2019					
5. Aðildarríkin skulu tryggja að fatlað fólk hafi aðgang að almennu námi á háskólastigi, starfsþjálfun, fullorðinsfræðslu og símenntun án mismununar og til jafns við annað fólk. Aðildarríkin skulu, í þessu skyni, tryggja að fatlað fólk fái notið viðeigandi aðlögunar.	Lög um háskóla nr. 63/2006					
25. gr.						
Heilbrigði.						
Aðildarríkin viðurkenna að fatlað fólk hafi rétt til þess að njóta besta mögulega heilbrigðis án mismununar á grundvelli fötlunar. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja fötluðu fólki aðgang að heilbrigðisþjónustu, sem tekur mið af kyni, þar á meðal heilsutengdri endurhæfingu. Aðildarríkin skulu sérstaklega:	1. gr. laga um heilbrigðisþj., nr. 40/2007 1. gr. laga um þj. við fatlað fólk, nr. 38/2018, lög um ófrjósemisaðgerðir nr. 35/2019.	2. gr. reglugerðar um heilsugæslust., nr. 787/2007	Heilbrigðisráðuneyti.			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerðir B.10, B.11 og E.6
a) sjá fötluðu fólki fyrir heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisáætlunum sem eru ókeypis eða á viðráðanlegu verði og eins að umfangi, gæðum og á sama stigi og gildir fyrir annað fólk, meðal annars á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis og að því er varðar samfélagsáætlanir á sviði lýðheilsu,	3. gr. laga um þungunarrof, nr. 43/2019 1. gr. og 7. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007. 1. og 2. gr. laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir, nr. 25/1975.	Reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, nr. 1251/2018				
b) sjá fötluðu fólki fyrir þeirri heilbrigðisþjónustu sem það þarfnast sérstaklega vegna fötlunar sinnar, þar á meðal greiningu og inngripum eins fljótt og auðið er og eftir því sem við á og þjónustu sem miðar að því að draga úr fötlun eins og frekast er unnt og koma í veg fyrir frekari fötlun, þar með talið meðal barna og eldra fólks,	3. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997	Reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, nr. 1251/2018				
c) bjóða fram fyrrnefnda heilbrigðisþjónustu eins nálægt heimabyggð fólks og frekast er unnt, þar á meðal í dreifbýli,	2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 6. gr., laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.					

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
d) gera þá kröfu til fagfólks í heilbrigðisþjónustu að það annist fatlað fólk eins vel og annað fólk, þar á meðal á grundvelli frjáls og upplýsts samþykkis, meðal annars með vitundarvakningu um mannréttindi, mannlega reisn, sjálfræði og þarfir fatlaðs fólks með þjálfun og útbreiðslu siðferðilegra viðmiða fyrir starfsfólk, bæði innan einkarekinnar og opinberrar heilbrigðisþjónustu,	1. gr., 13. gr., 17. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012. 1. gr., 5. gr., 7. gr., 8. gr. og 9. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997.	Ýmsar reglugerðir um ákv. starfsstéttir				
e) leggja bann við mismunun gagnvart fötluðu fólki á sviði sjúkratrygginga og líftrygginga, þar sem slíkar tryggingar eru heimilar að landsrétti, sem skulu veittar á sanngjarnan og réttmætan hátt,						
f) koma í veg fyrir að einstaklingum sé synjað um heilsugæslu eða heilbrigðisþjónustu eða um mat og drykk á grundvelli fötlunar.	1. gr. laga um heilbrigðisþj., nr. 40/2007 1. gr. laga um þj. við fatlað fólk, nr. 38/2018. 1. og 3. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997.					
26. gr.						
Hæfing og endurhæfing.						
1. Aðildarríkin skulu gera skilvirkar og viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með jafningjastuðningi, til þess að gera fötluðu fólki kleift að öðlast og viðhalda sem mestu sjálfstæði, fullri líkamlegri, andlegri og félagslegri getu, ásamt starfsgetu, og að vera fullir þátttakendur á öllum sviðum lífsins án aðgreiningar. Til þess að svo megi verða skulu aðildarríkin skipuleggja, efla og útvíkka heildstæða þjónustu og áætlanagerð á sviði hæfingar og endurhæfingar, einkum að því er varðar heilbrigði, atvinnu, menntun og félagsþjónustu, með þeim hætti að slík þjónusta og áætlanir:	Uppfært okt. 2025: Lög nr. 104/2024, um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á endurhæfingar- og örorkukerfinu.		Félags- og húsnæðismálaráðuneyti, heilbrigðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerðir E.8 og E.12
a) hefjist eins snemma og frekast er unnt og séu byggðar á þverfaglegu mati á þörfum og styrkleikum hvers einstaklings um sig,						
b) styrki þátttöku í heimabyggð og á öllum sviðum þjóðfélagsins án aðgreiningar, séu valfrjálsar og standi fötluðu fólki til boða sem næst heimabyggð þess, þar á meðal í dreifbýli.						
2. Aðildarríkin skulu efla þróun grunnþjálfunar og símenntunar fagfólks og starfsfólks sem vinnur við hæfingu og endurhæfingu.	13. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012.					
3. Aðildarríkin skulu stuðla að því að hjálpartæki og tækni, sem eru hönnuð fyrir fatlað fólk og notuð eru til hæfingar og endurhæfingar, séu tiltæk og þekking á þeim sé fyrir hendi.	8. gr. laga um þj. við fatlað fólk með langvarandi stuðnþ. nr. 38/2018.	Reglugerð um styrki vegna hjálpartækja, nr. 1155/2013.				Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð C.4.
27. gr.						
Vinna og starf.						

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks, til jafns við annað fólk, til vinnu; í því felst réttur til að fá tækifæri til að afla sér lífsviðurværis með vinnu að eigin vali eða samþykki á vinnumarkaði og í vinnuumhverfi sem fötluðu fólki stendur opið, er án aðgreiningar og er því aðgengilegt. Aðildarríkin skulu tryggja og stuðla að því að rétturinn til vinnu verði að veruleika, einnig fyrir þau sem verða fötluð meðan þau gegna starfi, með því að gera viðeigandi ráðstafanir, þar með talið með lagasetningu, til þess meðal annars:	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.		Félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerðir D.8, D.9,D.10 og D.11
a) að leggja bann við mismunun á grundvelli fötlunar að því er varðar öll málefni sem tengjast atvinnu af hvaða tagi sem er, meðal annars nýliðunar-, ráðningar- og starfsskilyrði, starfsöryggi, starfsframa og öryggi og hollustuhætti á vinnustað,	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					
b) að vernda rétt fatlaðs fólks, til jafns við rétt annars fólks, til sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða, þar á meðal jafnra tækifæra og sama endurgjalds fyrir jafnverðmæt störf, öryggis og hollustu á vinnustað þar á meðal verndar gegn áreitni, og úrbóta vegna misréttis sem það telur sig hafa orðið fyrir;	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					
c) að tryggja að fatlað fólk geti nýtt réttindi sín sem meðlimir stéttarfélaga til jafns við annað fólk;	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					
d) að gera fötluðu fólki kleift að hafa skilvirkan aðgang að almennri tækni- og starfsráðgjöf, atvinnumiðlun og starfs- og símenntun;	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					
e) að efla atvinnutækifæri og þróun starfsframa fyrir fatlað fólk á vinnumarkaði, ásamt því að auka aðstoð við að finna, öðlast og halda starfi og snúa aftur á vinnumarkað;	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					
f) að fjölga tækifærum til að starfa sjálfstætt, stunda frumkvöðlastarfsemi, þróa samvinnufélög og stofna eigin fyrirtæki;	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					
g) að ráða fatlað fólk til starfa innan opinbera geirans;	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
h) að stuðla að því að fatlað fólk verði ráðið til starfa innan einkageirans með viðeigandi stefnu og ráðstöfunum sem geta falist í áætlunum um sértækar aðgerðir, hvatningu og öðrum aðgerðum;	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					
i) að tryggja að fatlað fólk fái viðeigandi aðlögun á vinnustað;	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					
j) að efla möguleika fatlaðs fólks til að afla sér starfsreynslu á almennum vinnumarkaði,	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					
k) að efla starfstengda og faglega endurhæfingu fatlaðs fólks, að það geti haldið störfum sínum og áætlanir um að það geti snúið aftur til starfa.	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					
2. Aðildarríkin skulu tryggja að fötluðu fólki sé ekki haldið í þrældómi eða ánauð og að því sé veitt vernd, til jafns við annað fólk, gegn þvingunar- eða nauðungarvinnu.	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					
28. gr.						
Viðunandi lífskjör og félagsleg vernd.						
1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks og fjölskyldna þess til viðunandi lífskjara, þar á meðal viðunandi fæðis, klæða og húsnæðis, og til sífellt batnandi lífsskilyrða og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika án mismununar á grundvelli fötlunar.	Lög nr. 100/2007 um almannatryggingar, lög um félagslega aðstoð nr. 99/2007 Uppfært okt. 2025: Lög nr. 104/2024, um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á endurhæfingar- og örorkukerfinu.	Reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna.	Félags- og húsnæðismálaráðuneyti			
2. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til félagslegrar verndar og til þess að njóta þess réttar án mismununar á grundvelli fötlunar og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika, þar á meðal ráðstafanir:	Lög nr. 100/2007 um almannatryggingar, lög um félagslega aðstoð nr. 99/2007 Uppfært okt. 2025: Lög nr. 104/2024, um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á endurhæfingar- og örorkukerfinu.					Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerðir C.1, C.2 o.fl.
a) til þess að tryggja fötluðu fólki jafnan aðgang að hreinu vatni á við annað fólk og að tryggja aðgang að viðeigandi þjónustu, búnaði og annarri aðstoð á viðráðanlegu verði vegna þarfa sem tengjast fötlun,						
b) til þess að tryggja fötluðu fólki, einkum fötluðum konum og stúlkum og fötluðu eldra fólki, aðgang að áætlunum á sviði félagslegrar verndar og áætlunum um að draga úr fátækt,						

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
c) til þess að tryggja fötluðu fólki og fjölskyldum þess, sem lifa í fátækt, aðgang að aðstoð frá hinu opinbera til þess að mæta útgjöldum vegna fötlunar, þar á meðal útgjöldum vegna viðeigandi þjálfunar, ráðgjafar, fjárhagslegrar aðstoðar og hvíldarumönnunar,						
d) til þess að tryggja fötluðu fólki aðgang að húsnæðiskerfi á vegum hins opinbera,	14. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998 - XII. Kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991- 78. gr stjskr.					Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð C.5.
e) til þess að tryggja fötluðu fólki jafnan aðgang á við annað fólk að eftirlaunum og eftirlaunakerfum.	Lög nr. 100/2007 um almannatryggingar, lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, lög um starfsemi lífeyrissjóða					
29. gr.						
Þátttaka í stjórnmálum og opinberu lífi.						
Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólki stjórnmálaleg réttindi og tækifæri til þess að njóta þeirra til jafns við annað fólk og skulu jafnframt:	33. gr. stjskr.		Dómsmálaráðuneyti og félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerðir í A-flokki
a) tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að taka virkan og fullan þátt í stjórnmálum og opinberu lífi til jafns við annað fólk, með beinum hætti eða fyrir atbeina fulltrúa að eigin frjálsu vali, þar með eru talin réttur og tækifæri til þess að kjósa og vera kosið, þar á meðal með því:	Kosningalög nr. 112/2021					
i. að tryggja að kosningaaðferðir, kosningaaðstaða og kjörgögn séu við hæfi, aðgengileg og auðskilin og auðnotuð,	Kosningalög nr. 112/2021					
ii. að vernda rétt fatlaðs fólks til þess að taka þátt í leynilegri atkvæðagreiðslu í kosningum og þjóðaratkvæðagreiðslum án ógnana og til þess að bjóða sig fram í kosningum, að gegna embættum með virkum hætti og að sinna öllum opinberum störfum á öllum stigum stjórnsýslu, jafnframt því að greiða fyrir notkun hjálpartækja og nýrrar tækni þar sem við á,	Kosningalög nr. 112/2021					
iii. að tryggja að fatlað fólk geti tjáð vilja sinn sem kjósendur á frjálsan hátt og að heimilað sé í þessu skyni, þar sem nauðsyn krefur og að ósk þess, að það njóti aðstoðar manneskju að eigin vali við að greiða atkvæði,	Kosningalög nr. 112/2021					

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
b) vinna á virkan hátt að mótun umhverfis þar sem fatlað fólk getur tekið virkan og fullan þátt í opinberri starfsemi, án mismununar og til jafns við annað fólk, og hvetja til þátttöku þess í opinberri starfsemi, þar á meðal:						Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerðir A.3 og A.10
i. þátttöku í starfsemi frjálsra félagasamtaka og samtaka, sem láta sig málefni almennings varða og stjórnmálalíf viðkomandi lands, og í störfum og stjórn stjórnmálaflokka,						
ii. þátttöku í því að móta og gerast aðilar að samtökum fatlaðs fólks til að koma fram fyrir hönd fatlaðs fólks á alþjóðavettvangi, heima fyrir á landsvísu og innan landsvæða og sveitarfélaga.						
30. gr.						
Þátttaka í menningarlífi, tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi.						
1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til þess að taka þátt í menningarlífi til jafns við annað fólk og skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk:			Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð B.12.
a) njóti aðgengis að menningarefni í aðgengilegu formi,	Lög um Ríkisútvarpið, ríkisfjölmiðil í almannaeigu nr. 23/2013, bókasafnslög nr. 150/2012, safnalög nr. 141/2011, lög um landsbókasafn nr. 142/2011, lög um menningaminjar nr 80/2012, lög um þjóðminjasafn nr.140/2011					
b) njóti aðgengis að sjónvarpsefni, kvikmyndum, leikhúsi og öðrum menningarviðburðum í aðgengilegu formi,	Lög um Ríkisútvarpið, ríkisfjölmiðil í almannaeigu nr. 23/2013, bókasafnslög nr. 150/2012, safnalög nr. 141/2011, lög um landsbókasafn nr. 142/2011, lög um menningaminjar nr 80/2012, lög um þjóðminjasafn nr.140/2012					

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
c) njóti aðgengis að stöðum þar sem flutningur menningarefnis eða þjónusta á sviði menningar fer fram, t.d. leikhúsum, söfnum, kvikmyndahúsum, bókasöfnum og ferðaþjónustu og njóti, eftir því sem við verður komið, aðgengis að minnisvörðum og stöðum sem hafa þjóðmenningarlegt gildi.	Lög um mannvirki	Byggingareglugerð				
2. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk fái tækifæri til að þróa og nota sköpunargáfu sína og listræna og vitsmunalega getu, ekki einvörðungu í eigin þágu, heldur einnig í því skyni að auðga samfélagið.						
3. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir, í samræmi við alþjóðalög, til þess að tryggja að lög, sem vernda hugverkarétt, feli ekki í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki eða óréttmætar hindranir við aðgang þess að menningarefni.	Höfundalög nr. 73/1972					
4. Fatlað fólk skal eiga rétt, til jafns við annað fólk, á viðurkenningu og stuðningi við sérstaka menningar- og tungumálssjálfsmynd sína, þar á meðal táknmál og menningu heyrnarlauss og heyrnarskerts fólks.	Lög um stöðu íslensku og íslensks táknmáls nr. 61/2011					
5. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir, í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að taka til jafns við annað fólk þátt í tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi, til þess að:	Íþróttalög nr. 64/1998, Æskulýðslög nr. 70/2007					
a) hvetja til og efla þátttöku fatlaðs fólks, eins og frekast er unnt, í almennu íþróttastarfi á öllum stigum,	Íþróttalög nr. 64/1998, Æskulýðslög nr. 70/2007					
b) tryggja fötluðu fólki tækifæri til þess að skipuleggja, þróa og taka þátt í íþrótta- og tómstundastarfi fyrir fatlað fólk og stuðla í því skyni að framboði á viðeigandi leiðsögn, þjálfun og úrræðum til jafns við annað fólk;						
c) tryggja fötluðu fólki aðgang að stöðum þar sem íþrótta- og tómstundastarf fer fram og að ferðamannastöðum;	lög um nátturuvernd, íþróttalög					
d) tryggja fötluðum börnum jafnt aðgengi á við önnur börn til þátttöku í leikjum, tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi, þar á meðal innan skólakerfisins;	Íþróttalög nr. 64/1998, Æskulýðslög nr. 70/2007					
e) tryggja fötluðu fólki aðgang að þjónustu þeirra sem annast skipulagningu tómstundastarfs, ferðamennsku. frístunda- og íþróttastarfs.	Íþróttalög nr. 64/1998, Æskulýðslög nr. 70/2007					
31. gr.						
Töifræðilegar upplýsingar og gagnasöfnun.						

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að safna viðeigandi upplýsingum, meðal annars tölfræðilegum gögnum og rannsóknargögnum, sem gera þeim kleift að móta og framfylgja stefnum samningi þessum til framkvæmdar. Vinnuferli við að safna og viðhalda þessum upplýsingum skulu:	Lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagsýslugerð nr. 163/2007		Félags- og húsnæðismálaráðuneyti o.fl.			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð A.11
a) vera í samræmi við lögmæltar öryggisráðstafanir, þar á meðal löggjöf um gagnavernd, til þess að tryggja trúnað og virðingu fyrir einkalífi fatlaðs fólks;						
b) vera í samræmi við alþjóðlega viðurkennd viðmið um vernd mannréttinda og grundvallarfrelsis og siðferðileg viðmið við söfnun og notkun tölfræðilegra upplýsinga.						
2. Upplýsingar, sem er safnað samkvæmt þessari grein, skal sundurliða eftir því sem við á og nota til þess að meta hvernig aðildarríkjunum miðar að innleiða skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum og til að greina og takast á við þær hindranir sem fatlað fólk stendur frammi fyrir þegar það hyggst nýta sér réttindi sín.						
3. Aðildarríkin skulu ábyrgjast miðlun fyrrnefndra tölfræðilegra upplýsinga og tryggja fötluðu fólki og öðru fólki aðgengi að þeim.						
32. gr.						
Alþjóðlegt samstarf.						
1. Aðildarríkin viðurkenna mikilvægi alþjóðlegs samstarfs og eflingu þess til stuðnings innlendum aðgerðum til þess að tilgangur og markmið samnings þessa megi verði að veruleika og munu gera viðeigandi og skilvirkar ráðstafanir hvað það varðar milli og meðal ríkja og, eftir því sem við á, í samvinnu við hlutaðeigandi alþjóða- og svæðisstofnanir og borgaralegt samfélag, einkum samtök fatlaðs fólks. Slíkar ráðstafanir gætu meðal annars tekið til þess:	Lög um þróunarsamvinnu nr. 121/2008		Utanríkisráðuneytið			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 5/154 um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024–2028. Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 Aðgerð E.10.
a) að tryggja að alþjóðlegt samstarf, þar á meðal alþjóðlegar þróunaráætlanir, nái til fatlaðs fólks og sé því aðgengilegt,						
b) að greiða fyrir og styðja uppbyggingu þekkingar og getu, þar á meðal með því að skiptast á og miðla upplýsingum, reynslu, þjálfunaráætlunum og bestu starfsvenjum,						
c) að greiða fyrir samvinnu á sviði rannsókna og auðvelda aðgengi að vísinda- og tækniþekkingu,						

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
d) að láta í té, eftir því sem við á, tækni- og efnahagsaðstoð, meðal annars með því að auðvelda aðgang að og miðla aðgengilegri og styðjandi tækni og með yfirfærslu á tækni.						
2. Ákvæði þessarar greinar hafa engin áhrif á þá skyldu sérhvers aðildarríkis að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum.						
33. gr.						
Framkvæmd og eftirlit innanlands.						
1. Aðildarríkin skulu tilnefna, í samræmi við stjórnskipulag sitt, eina miðstöð eða fleiri innan stjórnsýslunnar vegna mála er varða framkvæmd samnings þessa og taka til tilhlýðilegrar umfjöllunar hvort koma skuli á eða tiltaka samræmingarkerfi innan stjórnsýslunnar í því skyni að greiða fyrir skyldum aðgerðum á ólíkum sviðum og ólíkum stigum.			Dómsmálaráðuneyti, félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Tillaga um að tveir aðilar verði tilnefndir af hálfu íslenskra stjórnvalda, þ.e. (1) stýrihópur stjórnarráðsins um mannréttindi og (2) verkefnisstjórn um landsáætlun um innleiðingu samningsins. Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð A.14 Uppfært okt. 2025: Frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs
2. Aðildarríkin skulu, í samræmi við réttar- og stjórnkerfi hvers ríkis um sig, viðhalda, treysta, tiltaka eða koma á innviðum, þar á meðal einu eða fleiri sjálfstæðum kerfum, eftir því sem við á, í því skyni að styrkja, vernda og hafa eftirlit með framkvæmd samnings þessa. Aðildarríkin skulu, þegar þau tiltaka slíkt kerfi eða koma því á, taka mið af þeim meginreglum sem gilda um stöðu og starfsemi þjóðbundinna mannréttindastofnana.	Uppfært okt. 2025: Lög nr. 88/2024, um Mannréttindastofnun Íslands 2024. 4. mgr. 2. gr.					
3. Borgaralegt samfélag, einkum fatlað fólk og samtök sem koma fram fyrir þess hönd, skal eiga hlut að og taka fullan þátt í eftirlitsferlinu.						Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð A.13

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
1. gr.						
Markmið.						
Markmiðið með samningi þessum er að efla, verja og tryggja að allt fatlað fólk njóti til fulls og til jafns við annað fólk allra mannréttinda og grundvallarfrelsis og að efla virðingu fyrir eðlislægri reisn þess.	65. gr. stjskr. 14. gr. MSE		Öll ráðuneyti sem bera ábyrgð á aðgerðum í framkvæmd aðgerða í landsáætlun			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 (landsáætlun).
Til fatlaðs fólks teljast m.a. þau sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og virka samfélagsþátttöku til jafns við annað fólk.	2. tl. 2. gr. laga nr. 38/2018 Lög nr. 88/2011, um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.		Félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs fólks á þingmálaskrá.
2. gr.						
Skilgreiningar.						
Í samningi þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:						
„Samskipti“ taka til tungumála, framsetningar texta, punktaleturs, snertitáknmáls, stækkaðs leturs, aðgengilegrar margmiðlunar, einnig ritmáls, talmáls, auðskilins máls, talgervla og aukinna og óhefðbundinna samskiptaleiða, -máta og -forms, meðal annars aðgengilegra upplýsinga- og samskiptatækni, "tungumál" tekur til talaðs máls og táknmáls og annars konar máls sem ekki er talað,	Lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls Bókasafnalög nr. 150/2012	Reglugerð nr. 939/2013 um Hljóðbókasafn Íslands, með síðari breytingum	Mennta- og barnamálaráðuneyti, félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð B.3.
„Mismunun á grundvelli fötlunar“ merkir hvers konar aðgreiningu, útilokun eða takmörkun á grundvelli fötlunar sem hefur þann tilgang eða þau áhrif að torvelda eða koma í veg fyrir að öll mannréttindi og grundvallarfrelsi séu viðurkennd, þeirra sé notið eða þau séu nýtt, á jafnréttisgrundvelli, á sviði stjórnmála, efnahagsmála, félagsmála og menningarmála, sem borgari eða á öðrum sviðum. Hugtakið tekur til mismununar í hvaða mynd sem er, þar með talið þegar fötluðu fólki er neitað um viðeigandi aðlögun,	65. gr. stjskr. 14. gr. MSE 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 38/2018	Reglugerð nr. 1036/2018 um eftirlit og eftirfylgni vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, með síðari breytingum.	Dómsmálaráðuneyti, félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs fólks á þingmálaskrá.
„Viðeigandi aðlögun“ merkir nauðsynlegar og viðeigandi breytingar og lagfæringar, sem eru ekki umfram það sem eðlilegt má teljast eða of íþyngjandi, þar sem þeirra er þörf í sérstöku tilviki, til þess að tryggt sé að fatlað fólk fái notið eða geti nýtt sér, til jafns við annað fólk, öll mannréttindi og grundvallarfrelsi,	Lög nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls Bókasafnalög nr. 150/2012 Lög nr. 38/2011 um fjölmiðla Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði Lög nr. 160/2010 um mannvirki	Reglugerð nr. 1163/2011 um framhaldsfræðslu Byggingarreglugerð nr. 112/2012 Reglugerð nr. 939/2013 um Hljóðbókasafn Íslands, með síðari breytingum Reglugerð nr. 230/2012 um nemendur með sérþarfir í framhaldsskólum	Dómsmálaráðuneyti, félags- og húsnæðismálaráðuneyti, innviðaráðuneyti			

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
„Algild hönnun“ merkir hönnun framleiðsluvara, umhverfis, áætlana og þjónustu, sem allt fólk getur nýtt sér, að því marki sem mögulegt er, án þess að koma þurfi til umbreyting eða sérstök hönnun. "Algild hönnun" á ekki að útiloka hjálpartæki fyrir tiltekna hópa fatlaðs fólks, þar sem þeirra er þörf.	Skipulagslög nr. 123/2010 Lög nr. 160/2010 um mannvirki	Byggingarreglugerð nr. 112/2012 Skipulagsreglugerð nr. 90/2013 Reglugerð nr. 170/2009 um styrki og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða. Reglugerð nr. 760/2011 um styrki vegna hjálpartækja	Félags- og húsnæðismálaráðuneyti			
3. gr.						
Almennar meginreglur						
Meginreglur samnings þessa eru eftirfarandi:						
a) virðing fyrir eðlislægri reisn, sjálfræði einstaklinga, þar með talið frelsi til að taka eigin ákvarðanir, og sjálfstæði einstaklinga						
b) bann við mismunun,						
c) full og virk þátttaka í samfélaginu án aðgreiningar,						
d) virðing fyrir fjölbreytni og viðurkenning á fötluðu fólki sem hluta af mannlegum margbreytileika og mannkyni						
e) jöfn tækifæri,						
f) aðgengi,						
g) jafnrétti á milli karla og kvenna,						
h) virðing fyrir stigvaxandi getu fatlaðra barna og virðing fyrir rétti þeirra til að varðveita sjálfsmynd sína,						
4. gr						
Almennar skuldbindingar						
Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að efla og tryggja að fullu öll mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi á grundvelli fötlunar.	13., 19., 21. og 65. gr. stjskr. Stjórnskipunarvenjur Þjóðréttarvenjur		Félags- og húsnæðismálaráðuneyti og önnur ráðuneyti sem bera ábyrgð á aðgerðum í landsáætlun			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027.
Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:						
a) að samþykkja alla viðeigandi löggjöf og ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og aðrar ráðstafanir til að tryggja þau réttindi sem viðurkennd eru með samningi þessum,						Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerðir E.7, F.1 og F.2
b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með lagasetningu, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin,						Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerðir A.14, B.4 og E.2.
c) að taka mið af vernd og framgangi mannréttinda fatlaðs fólks við alla stefnumótun og áætlanagerð,						

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
d) að aðhafast ekkert það sem fer í bága við samning þennan og sjá til þess að opinber yfirvöld og stofnanir vinni í samræmi við ákvæði hans,						
e) að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að uppræta mismunun á grundvelli fötlunar af hálfu sérhvers einstaklings, samtaka eða einkaaðila,						
f) að framkvæma eða gangast fyrir rannsóknum og þróun á algildri hönnun framleiðsluvara, þjónustu, tækja og aðstöðu í samræmi við 2. gr. samnings þessa, sem breyta þarf sem allra minnst og með sem minnstum tilkostnaði til þess að mæta sérstökum þörfum fatlaðs fólks, til að stuðla að framboði á þeim og notkun og til að stuðla að algildri hönnun í þróun staðla og leiðbeininga,	lög um mannvirki nr 160/2010, lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr.3/2003	Byggingareglugerð nr 112/2012				
g) að framkvæma eða gangast fyrir rannsóknum og þróun á nýrri tækni, og sjá til þess að hún sé tiltæk og notuð, þar á meðal upplýsinga- og samskiptatækni, ferliaðstoð, búnaði og hjálpartækni sem henta fötluðu fólki, með áherslu á tækni á viðráðanlegu verði,	lög um mannvirki nr 160/2010, lög um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr.3/2003	Byggingareglugerð nr 112/2012				Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð E.13
h) að láta fötluðu fólki í té aðgengilegar upplýsingar um ferliaðstoð, búnað og hjálpartækni, þar á meðal nýja tækni auk annarra tegunda aðstoðar, stuðningsþjónustu og búnaðar,	Lög um sjúkratryggingar nr.112/2008	Viðeigandi reglugerðir, eru töluvert margar				
i) að efla þjálfun og þekkingu fagfólks og starfsfólks sem vinnur með fötluðu fólki á þeim réttindum sem eru viðurkennd með samningi þessum í því skyni að betrumbæta þá aðstoð og þjónustu sem þau réttindi tryggja.	Lög um réttindagæslu f. fatlað fólk nr. 88/2011, réttindagæslumenn í III. kafla, persónulegir talsmenn í IV. Kafla laganna - Lög um NPA nr. 38/2018					
Að því er varðar efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi skuldbindur sérhvert aðildarríki sig til þess að gera ráðstafanir, eins og efni þess frekast leyfa og með þátttöku í alþjóðasamstarfi, eftir því sem þörf krefur, í því skyni að fyrrnefnd réttindi verði í einu og öllu virk í áföngum með fyrirvara um þær skuldbindingar samkvæmt samningi þessum sem verða nú þegar virkar í samræmi við alþjóðalög.	Lög um réttindagæslu f. fatlað fólk nr. 88/2011, réttindagæslumenn í III. kafla, persónulegir talsmenn í IV. Kafla laganna - Ákvæði um NPA í lögum nr. 38/2018					

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
3. Við þróun og innleiðingu löggjafar og stefnu við innleiðingu samnings þessa og við annan undirbúning og framkvæmd ákvarðana varðandi málefni fatlaðs fólks, skulu aðildarríkin hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, þar á meðal fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.	Ath. hér líka 3. mgr. 33. gr. samningsins varðandi eftirlit og 4. mgr. 35. gr. varðandi skýrslur til eftirlitsnefndar. Lög um þjónustu við fatlað fólk. Ný lög - ath. 1 gr. vísað í samning kveðið á um samráðsskyldu - félagsþjónustulögin komin almenna skyldan í 1.gr. og notendaráðin - hvað um önnur svið sem samningur tekur til í öðrum lögum tryggt þetta ath. menntun, ath. hafa önnur ráðuneyti gert. hvar eru sérstakir hagsmunir t.d. í öðrum ráðuneytiss. Ath. GC nr. 7.					
4. Ekkert í samningi þessum hefur áhrif á ákvæði sem stuðla frekar að því að réttindi fatlaðs fólks verði að veruleika og lög aðildarríkis eða alþjóðalög, sem gilda gagnvart hlutaðeigandi aðildarríki, kunna að innihalda.						
Eigi skal takmarka eða víkja frá nokkrum mannréttindum og grundvallarfrelsi, sem eru viðurkennd eða gilda í aðildarríki að samningi þessum samkvæmt lögum, samningum, reglum eða venju, undir því yfirskini að samningur þessi viðurkenni ekki slík réttindi eða frelsi eða viðurkenni þau í minna mæli.						
5. Ákvæði samnings þessa gilda alls staðar í sambandsríkjum án nokkurra takmarkana eða undanþága.						
5. gr						
Jafnrétti og bann við mismunun.						
1. Aðildarríkin viðurkenna að allar manneskjur eru jafnar fyrir og samkvæmt lögum og eiga rétt á jafnri vernd og jöfnum ávinningi af lögum án nokkurar mismununar.	65. gr. stjskr. nr. 33/1944, lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018, lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði 1. mgr. 42. gr .laga um félagslegsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 2.mgr.1.gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 og 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993	Bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 85/2018 að innan árs frá gildistöku lagana leggi hann fram frumvarp þar sem kveðið verði á um að lögunum verði breytt þannig þau gildi einnig óháð trú, lífsskoðun, fötlun, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins. Reglugerðarheimild í nýjum lögum, en engin reglugerð komin.	Öll ráðuneyti sem bera ábyrgð á lagaframkvæmd skv. landsáætlun			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerðir E.2 og E-14.

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
2. Aðildarríkin skulu banna hvers kyns mismunun á grundvelli fötlunar og tryggja fötluðu fólki jafna og skilvirka réttarvernd gegn mismunun af hvaða ástæðu sem er.	65 gr. stjskr, 180. og 235 gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940	Á vinnumarkaði, lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði. Utan vinnumarkaðar; bráðabirgðaákvæði í lögum nr. 85/2018				
3. Aðildarríkin skulu, í því skyni að efla jafnrétti og uppræta mismunun, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fötluðu fólki standi viðeigandi aðlögun til boða.	10. gr. laga, nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði, 11. gr. stjórnsýslulaga, 2. mgr. 1. gr. laga um réttindi sjúklinga 74/1997					
4. Eigi ber að líta á sértækar aðgerðir, sem eru nauðsynlegar til þess að flýta fyrir eða ná fram raunverulegu jafnrétti fyrir fatlað fólk, sem mismunun í skilningi samnings þessa.						
6. gr.						
Fatlaðar konur.						
1. Aðildarríkin viðurkenna að fatlaðar konur og stúlkur verða fyrir fjölþættri mismunun og skulu gera ráðstafanir til þess að tryggja að þær fái notið til fulls allra mannréttinda og grundvallarfrelsis til jafns við annað fólk.	65. gr. stjskr. um jafnrétti		Dómsmálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð E-11.
2. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fullu þróun, framgang og valdeflingu kvenna í því skyni að tryggt sé að þær geti nýtt sér og notið þeirra mannréttinda og grundvallarfrelsis sem samningur þessi kveður á um.	lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008		Dómsmálaráðuneyti			
7. gr.						
Fötluð börn.						
1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að fötluð börn fái notið allra mannréttinda og grundvallarfrelsis til fulls og jafns við önnur börn.	3.mgr. 76.gr. stjskr. - 1. mgr. 2. gr. Barnasáttmálans, lög nr. 19/2013 - 13. gr. l. nr. 38/2018, barnaverndarlög (2.mgr.2.gr.) og 1.tl. 2. gr. laga um samning sþ. um réttindi barna, lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.		Mennta- og barnamálaráðuneyti og félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Lög nr. 86/2021, um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna Uppfært okt. 2025: Heildarendurskoðun barnaverndarlaga á þingmálaskrá.
2. Í öllum aðgerðum, sem snerta fötluð börn, skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er viðkomandi barni fyrir bestu.	a-liður 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, 1. tl. 3. gr. laga um samning sþ. um réttindi barnsins					Uppfært október 2025: Lög nr. 86/2021, um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna Uppfært okt. 2025: Heildarendurskoðun barnaverndarlaga á þingmálaskrá. Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð E.1 og E.7.

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
3. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum rétt til þess að láta skoðanir sínar óhindrað í ljós um öll málefni er þau varða, jafnframt því að sjónarmiðum þeirra sé gefið tilhlýðilegt vægi í samræmi við aldur þeirra og þroska og til jafns við önnur börn og veita þeim aðstoð þar sem tekið er viðeigandi tillit til fötlunar þeirra og aldurs til þess að sá réttur megi verða að veruleika.	Barnaverndarlög (1.mgr.1.gr.), barnalög og 1.tl.12.gr. laga um samning sþ. um réttindi barnsins					
8. gr.						
Vitundarvakning						
1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að samþykkja tafarlausar, árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir:			Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti og önnur ráðuneyti sem bera ábyrgð á framkvæmd aðgerða í landsáætlun.			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 - aðgerðir skv. flokki A
a) til þess að koma á vitundarvakningu alls staðar innan samfélagsins, þar á meðal innan fjölskyldunnar, um fatlað fólk og að auka virðingu fyrir réttindum og mannlegri reisn þess,						
b) til þess að vinna gegn staðalímyndum, fordómum og skaðlegum venjum sem tengjast fötluðu fólki, þar á meðal þeim sem tengjast kyni og aldri, á öllum sviðum lífsins,						
c) til þess að efla vitund um getu og framlag fatlaðs fólks.						
2. Meðal aðgerða í þessu skyni má nefna:						
a) að standa fyrir og vinna stöðugt að skilvirkum átaksverkefnum um vitundarvakningu hjá almenningi sem miða að því:						
i. að gera almenning móttækilegan fyrir réttindum fatlaðs fólks,						
ii. að styrkja jákvæða ímynd fatlaðs fólks og efla samfélagslega vitund um málefni þess,						
iii. að stuðla að viðurkenningu á færni, verðleikum og getu fatlaðs fólks sem og á framlagi þess til vinnustaða sinna og vinnumarkaðarins	Lög um opinber innkaup nr. 84/2007, lög um jafna meðferð á vinnumarkaði					
b) að ýta undir að á öllum sviðum menntakerfisins, þar með talið hjá öllum börnum frá unga aldri, ríki virðing fyrir réttindum fatlaðs fólks	Lög um leikskóla nr. 90/2008, lög um grunnskóla nr. 91/2008 og lög um framhaldsskóla nr. 92/2008	Reglugerðir fyrir grunn- og framhaldsskóla um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins. Þar er m.a. kveðið á um skólabrag og gagnkvæma virðingu í skólastarfi. Aðalnámskrár leik-, grunn- og framhaldsskóla þar sem grunnþættir eru m.a.: lýðræði, jafnrétti og mannréttindi	Mennta- og barnamálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 - Aðgerð A.4.

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
c) að hvetja allar gerðir fjölmiðla til að gefa þá mynd af fötluðu fólki sem samræmist tilgangi samnings þessa,			Félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 - Aðgerð A.5.
d) að efla fræðsluáætlanir til vitundarvakningar um fatlað fólk og réttindi þess						Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 - Aðgerð A.2.
9. gr.						
Aðgengi						
1. Til að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt á öllum sviðum lífsins skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja fötluðu fólki aðgengi, til jafns við annað fólk, að efnislegu umhverfi sínu, samgöngum, upplýsingum og samskiptum þar með talin samskiptatækni og -kerfi og að annarri aðstöðu og þjónustu sem opin er eða veitt almenningi hvort sem er í þéttbýli eða dreifbýli. Ráðstafanir þessar, sem skulu fela í sér að bera kennsl á og útrýma hindrunum og tálmunun aðgengis, skulu meðal annars ná til:	Lög um mannvirki nr. 160/2010, 21. gr. verja tjáningar og skoðanafrelsi, 29 gr. þátttöku að upplýsingum. 1. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (38/2018) Lög um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannaþágu nr. 23/2013, 3. gr. um miðlun og 6. gr. um textun. lög um bifreiðargjald nr. 39/1988	Byggingarreglugerð nr. 112/2012, algild hönnun, undanþáguákvæði frá greiðslu bifreiðagjalda í lögum nr. 39/1988	Félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 - Aðgerðir í B-flokki
a) bygginga, vega, samgangna og annarrar aðstöðu innan dyra sem utan, þar á meðal skóla, íbúðarhúsnæðis, heilbrigðisstofnana og vinnustaða,	Lög nr. 160/2010 um mannvirki - Lög um farþegaflutninga og farmflutninga á landi 40/1991, 19gr.	Rgl. nr 475/2017 um gildistöku rgl. ESB nr 181/2011 um réttindi farþega. Byggingarreglugerð nr. 112/2012, algild hönnun	Innviðaráðuneyti			
b) upplýsinga og samskipta auk annarrar þjónustu, þar á meðal rafrænnar þjónustu og neyðarþjónustu.	Fjarskiptalög nr 81/2003		Fjármála- og efnahagsráðuneyti, félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð B.1
2. Aðildarríki skulu ennfremur gera viðeigandi ráðstafanir til þess að:						
a) þróa, breiða út þekkingu á og fylgjast með innleiðingu lágmarksviðmiða og leiðbeininga um aðgengi að aðstöðu og þjónustu sem opin er eða veitt almenningi	Lög um mannvirki nr 160/2010	Byggingareglugerð nr. 112/2012				
b) tryggja að einkaaðilar, sem bjóða fram aðstöðu og þjónustu sem veitt er eða opin almenningi, taki mið af öllum þáttum aðgengis fatlaðs fólks,	skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki nr. 160/2010	Byggingareglugerð nr. 112/2012				Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð B.6.
c) standa fyrir fræðslu fyrir hagsmunaaðila um þau aðgengisvandamál sem fatlað fólk stendur frammi fyrir,	skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki nr. 160/2011	Byggingareglugerð nr. 112/2012				

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
d) hafa merkingar með punktaletri og á auðlesnu og auðskiljanlegu formi í byggingum og annarri aðstöðu, sem almenningi stendur opin,	Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslenskt táknmál nr. 61/2011, 4. gr. um íslenskt punktaletur, lög um þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda,sjónskerta,daufblinda og einstaklinga sampætta sjón og heyrnaskerðingu nr. 160/2008	Byggingareglugerð nr. 112/2012				
e) láta í té ýmiss konar aðstoð og þjónustu millilliða, þar á meðal fylgdarmanna, lesara og faglærðra táknmálstúlka, í því skyni að auðvelda aðgengi að byggingum og annarri aðstöðu sem opin er almenningi,	Lög um stöðu íslenskrar tungu og íslenskt táknmál nr. 61/2011, 3. gr. um íslenskt táknmál					
f) efla önnur viðeigandi form aðstoðar og stuðnings við fatlað fólk í því skyni að tryggja aðgang þess að upplýsingum,						
g) efla aðgengi fatlaðs fólks að nýrri upplýsinga- og samskiptatækni og -kerfum, þar á meðal netinu,						
h) við hönnun, þróun, framleiðslu og dreifingu aðgengilegrar upplýsinga- og samskiptatækni og kerfa þar að lútandi sé frá upphafi unnið að því að slík tækni og kerfi verði aðgengileg með sem minnstum tilkostnaði.						
10. gr.						
Réttur til lífs						
Aðildarríkin árétta að sérhver manneskja eigi eðlislægan rétt til lífs og skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk fái notið hans á virkan hátt til jafns við annað fólk.	6. gr. barnasáttmála sþ. og 2. gr. MSE sem hefur lagagildi hér sbr. l 62/1994, bann við dauðarefsingum í 2. mgr. 69. gr. stjskr.		Dómsmálaráðuneyti, forsætisráðuneyti			
11. gr.						
Aðstæður sem skapa hættu og neyðarástand sem kallar á mannúðaraðstoð						
Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt alþjóðalögum, þar með talin alþjóðleg mannúðarlög og alþjóðleg mannréttindalög, til þess að tryggja vernd og öryggi fatlaðs fólks þegar hættuástand ríkir, þar á meðal vopnuð átök, neyðarástand sem kallar á mannúðaraðstoð og náttúruhamfarir.	Lög um almannavarnir nr. 82/2008 - lög um útlendinga nr. 80/2016, 6. tl. 3. gr. Lög um samræmda neyðarsvörun nr. 40/2008	24. gr. reglugerðar um útlendinga nr. 540/2017				Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 - Aðgerðir E.3 og E.10.
12. gr.						
Jöfn viðurkenning fyrir lögum						
1. Aðildarríkin árétta að fatlað fólk á rétt á því að vera viðurkennt alls staðar sem persónur að lögum.	1. mgr. 65. gr. stjskr. Lögræðislög		Dómsmálaráðuneyti			

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
2. Aðildarríkin skulu viðurkenna að fatlað fólk njóti löghæfis til jafns við annað fólk á öllum sviðum lífsins.	3.mgr.1.gr. laga um réttindagæslu f. fatlað fólk, lögfræðislög		Dómsmálaráðuneyti, félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs fólks á þingmálaskrá.
3. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk fái þann stuðning sem það kann að þarfnast þegar það nýtir löghæfi sitt.	Lög um réttindagæslu f. fatlað fólk nr. 88/2011, réttindagæslumenn í III. kafla, persónulegir talsmenn í IV. Kafla laganna - Lög um NPA nr. 38/2018	Reglugerð um persónulega talsmenn fatlaðs fólks nr. 972/2012 - reglugerð um réttindagæslumenn fatlaðs fólks nr. 973/2012	Dómsmálaráðuneyti, félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs fólks á þingmálaskrá. Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 - Aðgerð E.5.
4. Aðildarríkin skulu tryggja að allar ráðstafanir, sem varða nýtingu löghæfis, feli í sér viðeigandi og árangursríka vernd til þess að koma í veg fyrir misnotkun í samræmi við alþjóðleg mannréttindalög. Með slíkri vernd skal tryggt að ráðstafanir sem varða nýtingu löghæfis virði réttindi, vilja og óskir einstaklingsins, leiði ekki til hagsmunaárekstra eða hafi ótilhlýðileg áhrif, séu í samræmi við og sniðin að aðstæðum viðkomandi einstaklings, gildi í skemmsta mögulega tíma og séu endurskoðaðar reglulega af til þess bæru sjálfstæðu og óháðu yfirvaldi eða dómstóli. Verndin skal taka mið af og vera í samræmi við þau áhrif sem slíkar ráðstafanir hafa á réttindi og hagsmuni einstaklingsins.	Lögræðislög nr. 71/1997, lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011					
5. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi og árangursríkar ráðstafanir, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, til þess að tryggja jafnan rétt fatlaðs fólks til þess að eiga eða erfa eignir, stýra eigin fjármálum og hafa til jafns við annað fólk aðgang að bankalánum, veðlánum og annars konar lánafyrirgreiðslu, jafnframt því að tryggja að fatlað fólk sé ekki svipt eignum sínum eftir geðþótta.		reglugerð um persónulega talsmenn fatlaðs fólks nr. 972/2012				
13. gr.						
Aðgangur að réttarvörslukerfinu						

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólki virkan aðgang að réttinum til jafns við annað fólk, meðal annars með aðlögun málsmeðferðar og aðlögun með tilliti til aldurs í því skyni að greiða fyrir virkri þátttöku þess, beinni eða óbeinni, þar á meðal sem vitni, í allri málsmeðferð, þar með talið á rannsóknarstigi eða öðrum fyrri stigum máls.	1. mgr. 70. gr. stjskr. - réttindagæslumenn skv. lögum nr. 88/2011 - UT á vitnaskyldu í 2. og 3. mgr. 49. gr. laga um meðferð einkamála nr. 19/1990 - gjafsókn í XX. kafla alga nr. 91/1991	reglugerð um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar nr. 45/2008 með síðari breytingum	Dómsmálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 - Aðgerð E.9
2. Í því skyni að tryggja fötluðu fólki virkan aðgang að réttinum skulu aðildarríkin efla viðeigandi þjálfun fyrir þau sem starfa á sviði réttarvörslu, þar á meðal lögreglu og starfsfólk fangelsa.	Lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011, lög um meðferð einkamála nr 91/1991	reglugerð um skilyrði gjafsóknar og starfshætti gjafsóknarnefndar nr. 45/2008 með síðari breytingum	Dómsmálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 - Aðgerð A.8.
14. gr.						
Frelsi og öryggi einstaklingsins						
1. Aðildarríkin skulu tryggja að fatlað fólk, til jafns við annað fólk:	eftirlit með OPCAT hjá UA sbr. lög nr. 147/2018		Félags- og húsnæðismálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti			
a) njóti réttar til frelsis og persónulegs öryggis,	67. og 71. gr. stjskr.					
b) sé ekki svipt frelsi sínu með ólögmætum hætti eða geðþóttaákvörðunum og að frelsissvipting í hvaða mynd sem er sé lögum samkvæmt og að fötlun skuli ekki undir neinum kringumstæðum réttlæta frelsissviptingu.	10. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, 3. mgr. 15. gr. sömu laga varðandi verulega og viðvarandi skerðingu á ferðafrelsi einstaklings - 14. gr. laga um réttindagæslu fyrir fatlað fólk					Uppfært okt. 2025: Frumvarp til laga um öryggisráðstafanir skv. dómsúrlausn á þingmálskrá. Uppfært okt. 2025: Frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs fólks á þingmálaskrá.
2. Sé fatlað fólk svipt frelsi sínu á einhvern hátt skulu aðildarríkin tryggja að því séu tryggð mannréttindi til jafns við annað fólk í samræmi við alþjóðleg mannréttindalög og að meðferð þess samræmist markmiðum og meginreglum samnings þessa, meðal annars með því að tryggja því viðeigandi aðlögun.	OPCAT - lögræðislög nr. 71/1997					
15. gr.						
Frelsi frá pyndingum eða grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.						
1. Enginn skal sæta pyndingum eða grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Einkum og sér í lagi er óheimilt að gera læknisfræði- eða vísindatilraunir á nokkurri manneskju án samþykkis hennar.	68.gr. stjskr. - OPCAT - 22. og 21. gr. laga um vísindarannsóknir á heilbrigðissviði nr. 44/2014 - 2.-5. gr. MSE sbr. lög nr. 62/1994		Félags- og húsnæðismálaráðuneyti, dómsmálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 - Aðgerð E.4.

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
2. Aðildarríkin skulu gera allar skilvirkar ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, réttarkerfisins, eða aðrar ráðstafanir, í því skyni að vernda fatlað fólk, jafnt og annað fólk, fyrir pyndingum eða annarri grimmilegri, ómannlegri eða niðurlægjandi meðferð eða refsingu.	lög um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn nr. 26/2007 - lög um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007 nr.47/2010 -					
16. gr.						
Frelsi frá misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum.						
1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, félags- og menntamála og aðrar ráðstafanir í því skyni að vernda fatlað fólk, jafnt innan heimilis sem utan, fyrir hvers kyns misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingum, þar á meðal kynbundnum hliðum þessa.	2. mgr. 194. gr. og 197. gr hegningarlaga nr. 19/1940		Öll ráðuneyti sem bera ábyrgð á lagaframkvæmd skv. landsáætlun			
2. Aðildarríkin skulu einnig gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir hvers konar misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar, þar á meðal með því að tryggja fötluðu fólki og fjölskyldum þess og umönnunaraðilum, viðeigandi aðstoð og stuðning, sem tekur mið af kyni og aldri, meðal annars með upplýsingagjöf og fræðslu um hvernig beri að forðast, átta sig á og tilkynna um misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar. Aðildarríkin skulu tryggja að við þá þjónustu þar sem vernd er veitt sé tekið mið af kyni, aldri og fötlun.						
3. Í því skyni að koma í veg fyrir misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar í hvaða mynd sem er skulu aðildarríkin tryggja að óháð yfirvöld hafi virkt eftirlit með allri aðstöðu og áætlunum sem er ætlað að þjóna fötluðu fólki.						

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
4. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að efla líkamlegan, vitsmunalegan og sálrænan bata, endurhæfingu og félagslega enduraðlögun fatlaðs fólks, sem verður þolendur misnotkunar í gróðaskyni, ofbeldis eða misþyrminga í einhverri mynd, meðal annars með því að bjóða fram þjónustu sem veitir vernd. Slíkur bati og enduraðlögun skulu fara fram í umhverfi sem stuðlar að bættri heilsu, velferð, sjálfsvirðingu, reisn og sjálfræði viðkomandi einstaklings, þar sem tillit skal tekið til kyn- og aldursbundinna þarfa.	15.tl.1.mgr.1.kafla félagsmálasáttmála Evrópu (óháð orsök)					
5. Aðildarríkin skulu taka upp skilvirka löggjöf og stefnu, þar á meðal löggjöf og stefnu þar sem sérstakt tillit er tekið til kvenna og barna, til að tryggja að misnotkun í gróðaskyni, ofbeldi og misþyrmingar sem beinast gegn fötluðu fólki verði greindar, rannsakaðar og eftir atvikum ákært vegna þeirra.						
17. gr.						
Verndun friðhelgi einstaklingsins						
Allt fatlað fólk á rétt á virðingu fyrir líkamlegri og andlegri friðhelgi til jafns við annað fólk.	71.gr. stjskr. - 7. gr. laga um réttindi sjúklinga nr. 74/1997 - 18. gr. laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir nr. 25/1975 - 4. og 5. gr. laga um þungunarrof nr. 43/2019 - 11. gr. laga um kynrænt sjálfræði nr.80/2019		Öll ráðuneyti sem bera ábyrgð á lagaframkvæmd skv. landsáætlun			
18. gr.						
Ferðafrelsi og ríkisfang.						
1. Aðildarríkin skulu viðurkenna rétt fatlaðs fólks, til jafns við annað fólk, til ferðafrelsis og frelsis til að velja sér búsetu og rétt til ríkisfangs, meðal annars með því að ábyrgjast að fatlað fólk:	66. gr. stjskr. Lög um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952		Félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð B.9
a) hafi rétt til að öðlast ríkisfang og breyta því og sé ekki svipt ríkisfangi sínu eftir geðþótta eða á grundvelli fötlunar,	66. gr. stjskr. Lög um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1953		Utanríkisráðuneyti, Forsætisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti			
b) sé ekki, á grundvelli fötlunar, svipt tækifæri til að fá, hafa umráð yfir og nýta sér skjöl um ríkisfang sitt eða önnur auðkenningarskjöl eða til að nýta sér viðeigandi ferli, svo sem málsmeðferð vegna innflytjendamála, sem kann að vera nauðsynlegt til þess að greiða fyrir nýtingu réttarins til ferðafrelsis,			Utanríkisráðuneyti, Forsætisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti			

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
c) hafi frelsi til að yfirgefa hvaða land sem er, þar með talið sitt eigið,	2. mgr. 66. gr. stjskr		Utanríkisráðuneyti, Forsætisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti			
d) sé ekki, eftir geðþótta eða á grundvelli fötlunar, svipt réttinum til að koma til síns eigin lands.			Utanríkisráðuneyti, Forsætisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti			
2. Fötluð börn skulu skráð þegar eftir fæðingu og eiga frá fæðingu rétt til nafns, rétt til þess að öðlast ríkisfang og, eftir því sem unnt er, rétt til þess að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.	lög um íslenskan ríkisborgararétt nr. 100/1952 - 7. gr. barnalaga nr. 76/2003 - 2. gr. laga um mannanöfn nr. 45/2003		Utanríkisráðuneyti, Forsætisráðuneyti, dómsmálaráðuneyti			
19. gr.						
Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu.						
Aðildarríki samnings þessa viðurkenna jafnan rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og eiga valkosti til jafns við annað fólk og skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk megi að fullu njóta þessa réttar og fullrar aðildar og þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar, meðal annars með því að tryggja:	Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018	Rgl. nr. 1054/2010 um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Í bráðabirgðaákvæði laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, er lögð áhersla á að fötluðu fólki sem býr á stofnunum eða herbergjasambýlum skuli bjóðast aðrir búsetukostir.	Félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerðir C.5 og C.6.
a) að fatlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við annað fólk, og að því sé ekki gert að eiga heima í tilteknu búsetuformi	lög um málefni fatlaðra með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018					
b) að fatlað fólk hafi aðgang að ýmiss konar þjónustu, svo sem heimaþjónustu, búsetuþjónustu og annarri samfélagslegri stuðningsþjónustu, þar á meðal persónulegri aðstoð, sem nauðsynleg er til stuðnings lífi án aðgreiningar í samfélaginu og til að koma í veg fyrir einangrun og aðskilnað frá samfélaginu,	lög um félagsþjónustu sveitafélaga, lög um málefni fatlaðra með langvarandi stunðningsþarfir 38/2018					
c) að samfélagsþjónusta og aðstaða fyrir almenning standi fötluðu fólki til boða til jafns við annað fólk og mæti þörfum þess.						
20. gr.						
Ferlimál einstaklinga.						
Aðildarríkin skulu gera skilvirkar ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk geti farið allra sinna ferða og tryggja sjálfstæði þess í þeim efnum, eftir því sem frekast er unnt, meðal annars með því:	lög nr. 160/2008 um þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda,sjónskerta og eintaklinga með samþætta sjón- og heyrnaskerðingu. Lög nr. 42/2007 um heyrna og talmeinastöð íslands	esb reglugerð nr. 1107/2006 um réttindi fatlaðs og hreyfihamlaðs fólks sem ferðast með flugi. Esb reglugerð 1177/2010 um réttindi fatlaðs fólks sem ferðast á sjó.	Innviðaráðuneyti, félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð B.4

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
a) að greiða fyrir því að fatlað fólk geti farið allra sinna ferða með þeim hætti og á þeim tíma sem það kýs og á viðráðanlegu verði;	29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 19. gr. laga nr. 28/2017 um almenningssamgöngur	Reglugerð nr. 181/2011 um réttindi farþega í hópbifreiðum				
b) að greiða fyrir aðgangi fatlaðs fólks að gæðaferliaðstoð, -búnaði, -stuðningstækni og ýmiss konar persónulegri aðstoð og milliliðum, þar á meðal með því að hafa búnað og þjónustu tiltæk á viðráðanlegu verði,	29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, 19. gr. laga nr. 28/2017 um almenningssamgöngur	reglugerð nr. 233/2010 um úthlutun á hjálpartækjum á vegum Þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga - reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 - reglugerð nr. 1155/2013				
c) að sjá fyrir fræðslu og þjálfun í hreyfifærni fyrir fatlað fólk og sérhæft starfsfólk sem vinnur með fötluðu fólki,	lög nr. 160/2008 um þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda,sjónskerta og eintaklinga með samþætta sjón- og heyrnaskerðingu.					
d) að hvetja framleiðendur hjálpartækja, búnaðar og stuðningstækni til þess að taka tillit til allra þátta ferlimála fatlaðs fólks.	lög um sjúkrastryggingar	viðeigandi reglugerðir				
21. gr.						
Tjáningar- og skoðanafrelsi og aðgangur að upplýsingum.						
Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk geti nýtt sér rétt sinn til tjáningar- og skoðanafrelsis, þar með talið frelsis til að leita eftir, taka við og miðla upplýsingum og hugmyndum, til jafns við annað fólk, með hvers kyns samskiptamiðlum að eigin vali, samanber skilgreiningu í 2. gr. samnings þessa, þar á meðal með því:	73. gr. stjskr.- lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018		Félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð B.3
a) að láta fötluðu fólki í té upplýsingar, sem almenningi eru ætlaðar, í aðgengilegu formi og með aðgengilegri tækni, sem tekur mið af mismunandi fötlun, tímanlega og án aukakostnaðar,	73. gr. stjskr.- lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2019, lög nr. 116/2012 um málefni innflytjenda.					
b) að viðurkenna og auðvelda notkun táknmáls, punktaleturs, aukinna og óhefðbundinna samskipta og allra annarra aðgengilegra samskiptaleiða, -máta og -forma sem fatlað fólk kýs að nota í opinberum samskiptum,	73. gr. stjskr.- lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, lög nr. 116/2012 um málefni innflytjenda.					
c) að brýna fyrir einkaaðilum sem bjóða almenningi þjónustu, þar á meðal gegnum netið, að veita upplýsingar og þjónustu í aðgengilegu og nothæfu formi fyrir fatlað fólk,	73. gr. stjskr.- lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2019, lög nr. 116/2012 um málefni innflytjenda.					

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
d) að hvetja fjölmiðla, þar með taldar upplýsingaveitur á netinu, til þess að gera þjónustu sína aðgengilega fötluðu fólki,	73. gr. stjskr.- lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2019, lög nr. 116/2012 um málefni innflytjenda. Lög um fjölmiðla					
e) að viðurkenna og efla notkun táknmáls.	73. gr. stjskr.- lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2019, lög nr. 116/2012 um málefni innflytjenda.					
22. gr.						
Virðing fyrir einkalífi.						
1. Engin fötluð manneskja skal, óháð búsetustað eða formi, sæta ólögmætum afskiptum eða geðþótta afskiptum af einkalífi sínu, fjölskyldu, skriflegum samskiptum eða öðrum samskiptum eða ólögmætum árásum á æru sína og orðstír. Fatlað fólk á rétt á lagalegri vernd gegn slíkum afskiptum eða árásum.	71. gr. stjskr. - Samningur SÞ um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi - Mannréttindasáttmáli Evrópu - lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk nr. 88/2011.		Dómsmálaráðuneyti Félags- og húsnæðismálaráðuneyti			
2. Aðildarríkin skulu vernda trúnað um upplýsingar um persónulega hagi, heilsufar og endurhæfingu fatlaðs fólks til jafns við annað fólk.	Lög um sjúkraskrár nr. 55/2009 - Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.					Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð A.9
23. gr.						
Virðing fyrir heimili og fjölskyldu.						
1. Aðildarríkin skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir í því skyni að uppræta mismunun gagnvart fötluðu fólki í öllum málum sem lúta að hjónabandi, fjölskyldu, foreldrahlutverki og samböndum, á sama hátt og gildir um annað fólk, til þess að tryggja:	71. gr. Stjskr, lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000		Félags- og húsnæðismálaráðuneyti, heilbrigðisráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð C.7.
a) að réttur alls fatlaðs fólks, sem hefur náð tilskildum aldri, til að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu, með frjálsu og fullu samþykki hjónaefnanna, sé virtur,	7. og 8. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993					
b) að réttur fatlaðs fólks til frjálsrar og ábyrgrar ákvarðanatöku um fjölda barna og tíma milli fæðinga og til að hafa aðgang, sem hæfir aldri þess, að upplýsingum og fræðslu um frjósemisheilbrigði og fjölskylduáætlanir sé viðurkenndur og að því séu veitt nauðsynleg úrræði sem gera því kleift að nýta sér þennan rétt,	lög nr. 25/1975 um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir - 3. gr. laga um tæknifrjóvgun nr. 55/1996, lög um þungunarrof					

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið-aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
c) að fatlað fólk, þar með talin börn, fái haldið frjósemi sinni til jafns við annað fólk.	stjórnarskrá, lög um mse, hegningarlög,					
2. Aðildarríkin skulu tryggja réttindi og ábyrgð fatlaðs fólks að því er varðar lögráð, forsjá, fjárhald, ættleiðingar barna eða sambærilega þætti, þar sem þessi hugtök eru til í landslögum; skulu hagsmunir barnsins í öllum málum vera í fyrirrúmi. Aðildarríkin skulu veita fötluðu fólki viðeigandi aðstoð við að uppfylla skyldur sínar sem uppalendur barna.	lög um málefni fatlaðra með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, stjórnarskrá, lög um ráðgjöf um fræðslu varðandi kynlíf og barneignir	Reglugerð um breytingu á reglugerð um ættleiðingar nr. 238/2005				
3. Aðildarríkin skulu tryggja fötluðum börnum jafnan rétt með tilliti til fjölskyldulífs. Til þess að þessi réttur verði að veruleika og í því skyni að koma í veg fyrir að fötluðum börnum sé leynt, þau yfirgefin, vanrækt eða að þau séu þolendur aðskilnaðar skuldbinda aðildarríkin sig til þess að veita fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra snemma alhliða upplýsingar, þjónustu og stuðning.	17. og 15. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir - 8. gr hjúskaparlaga nr. 31/1993					
4. Aðildarríkin skulu tryggja að barn sé ekki tekið frá foreldrum sínum gegn vilja þeirra nema til þess bær yfirvöld ákveði, með fyrirvara um endurskoðun dómstóla og í samræmi við gildandi lög og málsmeðferð, að slíkur aðskilnaður sé nauðsynlegur vegna þess sem er barninu fyrir bestu. Barn skal aldrei taka frá foreldrum sínum á grundvelli fötlunar barnsins eða annars foreldris eða beggja.	Barnaverndarlög nr. 80/2002 - 8. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu					
5. Aðildarríkin skulu reyna til þrautar, ef kjarnafjölskylda getur ekki annast fatlað barn, að sjá barninu fyrir annarri umönnun innan stórfjölskyldunnar, en að öðrum kosti tryggja því umönnun hjá fjölskyldu innan nærsamfélagsins.	lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir (sjá frumvarpið)					
24. gr.						
Menntun.						
1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til menntunar. Í því skyni að þessi réttur verði að veruleika án mismununar og á grundvelli jafnra tækifæra skulu aðildarríkin tryggja menntakerfi án aðgreiningar á öllum skólastigum og við símenntun sem beinist að því:	76. gr. Stjórnarskrár, 17. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, 34. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 og 6. mgr. 16. gr. laga um háskóla nr. 63/2006		Mennta og barnamálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerðir D.1, D.2, D.3, D.4, D.5, D.6, D.7 og D.8.
a) að mannleg geta og tilfinning fyrir reisn og eigin verðleikum þroskist til fulls og að virðing fyrir mannréttindum, grundvallarfrelsi og mannlegum margbreytileika vaxi,						

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
b) að fatlað fólk geti þroskað til fulls persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, ásamt andlegri og líkamlegri getu,						
c) að gera fötluðu fólki kleift að taka virkan þátt í frjálsu samfélagi.						
2. Til að þessi réttur megi verða að veruleika skulu aðildarríkin tryggja:						
a) að fatlað fólk sé ekki útilokað frá almenna menntakerfinu á grundvelli fötlunar og að fötluð börn séu ekki útilokuð frá gjaldfrjálsu skyldunámi á grunnskólastigi eða námi á framhaldsskólastigi á grundvelli fötlunar,	Lög um grunnskóla nr. 91/2008, Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008,					
b) að fatlað fólk hafi aðgang til jafns við annað fólk að endurgjaldslausri grunn- og framhaldsskólamenntun án aðgreiningar, sem uppfyllir almennar kröfur um gæði, í þeim samfélögum þar sem það býr,	Lög um grunnskóla nr. 91/2008, Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008,					
c) að viðeigandi aðlögun sé veitt í samræmi við þarfir viðkomandi einstaklings		Reglugerðir á grunn- og framhaldsskólastigi um nemendur með sérþarfir				
d) að fatlað fólk fái nauðsynlegan stuðning innan almenna menntakerfisins til þess að greiða fyrir skilvirkri menntun þess,	Lög um leikskóla nr. 90/2008, Lög um grunnskóla nr. 91/2008, Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, Lög um háskóla nr. 63/2006, Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010	Reglugerðir á grunn- og framhaldsskólastigi um nemendur með sérþarfir				
e) að skilvirkur, einstaklingsmiðaður stuðningur sé veittur í umhverfi sem hámarkar námsþroska og félagsþroska sem samræmist markmiðinu um fulla þátttöku án aðgreiningar.	Lög um leikskóla nr. 90/2008, Lög um grunnskóla nr. 91/2008, Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008,	Reglugerðir á grunn- og framhaldsskólastigi um nemendur með sérþarfir				
3. Aðildarríkin skulu gera fötluðu fólki kleift að öðlast hagnýta og félagslega færni í því skyni að greiða fyrir fullri þátttöku þess, til jafns við annað fólk, í skólastarfi og sem borgarar í samfélaginu. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í þessu skyni, meðal annars:	Lög um leikskóla nr. 90/2008, Lög um grunnskóla nr. 91/2008, Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008, Lög um háskóla nr. 63/2006, Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010	Reglugerðir á grunn- og framhaldsskólastigi um nemendur með sérþarfir				
a) auðvelda fólki að læra punktaletur, óhefðbundna ritun, auknar og óhefðbundnar samskiptaleiðir, -máta og -form og færni í skynjun og hreyfifærni, ásamt því að greiða fyrir jafningjastuðningi og jafningjaráðgjöf,	lög um stöðu íslenskrar tungu og íslenskt táknmáls nr. 61/2011					
b) auðvelda fólki að læra táknmál og efla sjálfsmynd heyrnarlauss og heyrnarskerts fólks með tilliti til tungumáls,	lög um stöðu íslenskrar tungu og íslenskt táknmáls nr. 61/2011					
c) tryggja að menntun fólks, og þá sérstaklega barna, sem er blint eða sjónskert, heyrnarlaust eða heyrnarskert eða fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu fari fram á viðeigandi tungumálum og tjáningarmáta sem hentar viðkomandi einstaklingi og í umhverfi sem hámarkar námsþroska og félagsþroska.	lög um stöðu íslenskrar tungu og íslenskt táknmáls nr. 61/2011					

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
4. Í því skyni að tryggja að fyrrnefnd réttindi verði að veruleika skulu aðildarríkin gera viðeigandi ráðstafanir til þess að ráða kennara, þar á meðal fatlaða kennara með sérþekkingu á táknmáli og/eða punktaletri, og þjálfa fagfólk og starfsfólk sem starfar á öllum sviðum menntakerfisins. Slík þjálfun skal fela í sér vitund um fötlun og notkun viðeigandi aukinna og óhefðbundinna samskiptaleiða, -máta og -forma, kennsluaðferða og námsgagna sem er ætlað að styðja fatlað fólk.	Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda nr. 97/2019					
5. Aðildarríkin skulu tryggja að fatlað fólk hafi aðgang að almennu námi á háskólastigi, starfsþjálfun, fullorðinsfræðslu og símenntun án mismununar og til jafns við annað fólk. Aðildarríkin skulu, í þessu skyni, tryggja að fatlað fólk fái notið viðeigandi aðlögunar.	Lög um háskóla nr. 63/2006					
25. gr.						
Heilbrigði.						
Aðildarríkin viðurkenna að fatlað fólk hafi rétt til þess að njóta besta mögulega heilbrigðis án mismununar á grundvelli fötlunar. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja fötluðu fólki aðgang að heilbrigðisþjónustu, sem tekur mið af kyni, þar á meðal heilsutengdri endurhæfingu. Aðildarríkin skulu sérstaklega:	1. gr. laga um heilbrigðisþj., nr. 40/2007 1. gr. laga um þj. við fatlað fólk, nr. 38/2018, lög um ófrjósemisaðgerðir nr. 35/2019.	2. gr. reglugerðar um heilsugæslust., nr. 787/2007	Heilbrigðisráðuneyti.			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerðir B.10, B.11 og E.6
a) sjá fötluðu fólki fyrir heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisáætlunum sem eru ókeypis eða á viðráðanlegu verði og eins að umfangi, gæðum og á sama stigi og gildir fyrir annað fólk, meðal annars á sviði kyn- og frjósemisheilbrigðis og að því er varðar samfélagsáætlanir á sviði lýðheilsu,	3. gr. laga um þungunarrof, nr. 43/2019 1. gr. og 7. gr. laga um landlækni og lýðheilsu, nr. 41/2007. 1. og 2. gr. laga um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir, nr. 25/1975.	Reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, nr. 1251/2018				
b) sjá fötluðu fólki fyrir þeirri heilbrigðisþjónustu sem það þarfnast sérstaklega vegna fötlunar sinnar, þar á meðal greiningu og inngripum eins fljótt og auðið er og eftir því sem við á og þjónustu sem miðar að því að draga úr fötlun eins og frekast er unnt og koma í veg fyrir frekari fötlun, þar með talið meðal barna og eldra fólks,	3. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997	Reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, nr. 1251/2018				
c) bjóða fram fyrrnefnda heilbrigðisþjónustu eins nálægt heimabyggð fólks og frekast er unnt, þar á meðal í dreifbýli,	2. mgr. 3. gr., 1. mgr. 6. gr., laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 40/2007.					

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
d) gera þá kröfu til fagfólks í heilbrigðisþjónustu að það annist fatlað fólk eins vel og annað fólk, þar á meðal á grundvelli frjáls og upplýsts samþykkis, meðal annars með vitundarvakningu um mannréttindi, mannlega reisn, sjálfræði og þarfir fatlaðs fólks með þjálfun og útbreiðslu siðferðilegra viðmiða fyrir starfsfólk, bæði innan einkarekinnar og opinberrar heilbrigðisþjónustu,	1. gr., 13. gr., 17. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012. 1. gr., 5. gr., 7. gr., 8. gr. og 9. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997.	Ýmsar reglugerðir um ákv. starfsstéttir				
e) leggja bann við mismunun gagnvart fötluðu fólki á sviði sjúkratrygginga og líftrygginga, þar sem slíkar tryggingar eru heimilar að landsrétti, sem skulu veittar á sanngjarnan og réttmætan hátt,						
f) koma í veg fyrir að einstaklingum sé synjað um heilsugæslu eða heilbrigðisþjónustu eða um mat og drykk á grundvelli fötlunar.	1. gr. laga um heilbrigðisþj., nr. 40/2007 1. gr. laga um þj. við fatlað fólk, nr. 38/2018. 1. og 3. gr. laga um réttindi sjúklinga, nr. 74/1997.					
26. gr.						
Hæfing og endurhæfing.						
1. Aðildarríkin skulu gera skilvirkar og viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með jafningjastuðningi, til þess að gera fötluðu fólki kleift að öðlast og viðhalda sem mestu sjálfstæði, fullri líkamlegri, andlegri og félagslegri getu, ásamt starfsgetu, og að vera fullir þátttakendur á öllum sviðum lífsins án aðgreiningar. Til þess að svo megi verða skulu aðildarríkin skipuleggja, efla og útvíkka heildstæða þjónustu og áætlanagerð á sviði hæfingar og endurhæfingar, einkum að því er varðar heilbrigði, atvinnu, menntun og félagsþjónustu, með þeim hætti að slík þjónusta og áætlanir:	Uppfært okt. 2025: Lög nr. 104/2024, um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á endurhæfingar- og örorkukerfinu.		Félags- og húsnæðismálaráðuneyti, heilbrigðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerðir E.8 og E.12
a) hefjist eins snemma og frekast er unnt og séu byggðar á þverfaglegu mati á þörfum og styrkleikum hvers einstaklings um sig,						
b) styrki þátttöku í heimabyggð og á öllum sviðum þjóðfélagsins án aðgreiningar, séu valfrjálsar og standi fötluðu fólki til boða sem næst heimabyggð þess, þar á meðal í dreifbýli.						
2. Aðildarríkin skulu efla þróun grunnþjálfunar og símenntunar fagfólks og starfsfólks sem vinnur við hæfingu og endurhæfingu.	13. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012.					
3. Aðildarríkin skulu stuðla að því að hjálpartæki og tækni, sem eru hönnuð fyrir fatlað fólk og notuð eru til hæfingar og endurhæfingar, séu tiltæk og þekking á þeim sé fyrir hendi.	8. gr. laga um þj. við fatlað fólk með langvarandi stuðnþ. nr. 38/2018.	Reglugerð um styrki vegna hjálpartækja, nr. 1155/2013.				Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð C.4.
27. gr.						
Vinna og starf.						

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks, til jafns við annað fólk, til vinnu; í því felst réttur til að fá tækifæri til að afla sér lífsviðurværis með vinnu að eigin vali eða samþykki á vinnumarkaði og í vinnuumhverfi sem fötluðu fólki stendur opið, er án aðgreiningar og er því aðgengilegt. Aðildarríkin skulu tryggja og stuðla að því að rétturinn til vinnu verði að veruleika, einnig fyrir þau sem verða fötluð meðan þau gegna starfi, með því að gera viðeigandi ráðstafanir, þar með talið með lagasetningu, til þess meðal annars:	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.		Félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerðir D.8, D.9,D.10 og D.11
a) að leggja bann við mismunun á grundvelli fötlunar að því er varðar öll málefni sem tengjast atvinnu af hvaða tagi sem er, meðal annars nýliðunar-, ráðningar- og starfsskilyrði, starfsöryggi, starfsframa og öryggi og hollustuhætti á vinnustað,	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					
b) að vernda rétt fatlaðs fólks, til jafns við rétt annars fólks, til sanngjarnra og hagstæðra vinnuskilyrða, þar á meðal jafnra tækifæra og sama endurgjalds fyrir jafnverðmæt störf, öryggis og hollustu á vinnustað þar á meðal verndar gegn áreitni, og úrbóta vegna misréttis sem það telur sig hafa orðið fyrir;	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					
c) að tryggja að fatlað fólk geti nýtt réttindi sín sem meðlimir stéttarfélaga til jafns við annað fólk;	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					
d) að gera fötluðu fólki kleift að hafa skilvirkan aðgang að almennri tækni- og starfsráðgjöf, atvinnumiðlun og starfs- og símenntun;	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					
e) að efla atvinnutækifæri og þróun starfsframa fyrir fatlað fólk á vinnumarkaði, ásamt því að auka aðstoð við að finna, öðlast og halda starfi og snúa aftur á vinnumarkað;	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					
f) að fjölga tækifærum til að starfa sjálfstætt, stunda frumkvöðlastarfsemi, þróa samvinnufélög og stofna eigin fyrirtæki;	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					
g) að ráða fatlað fólk til starfa innan opinbera geirans;	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
h) að stuðla að því að fatlað fólk verði ráðið til starfa innan einkageirans með viðeigandi stefnu og ráðstöfunum sem geta falist í áætlunum um sértækar aðgerðir, hvatningu og öðrum aðgerðum;	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					
i) að tryggja að fatlað fólk fái viðeigandi aðlögun á vinnustað;	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					
j) að efla möguleika fatlaðs fólks til að afla sér starfsreynslu á almennum vinnumarkaði,	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					
k) að efla starfstengda og faglega endurhæfingu fatlaðs fólks, að það geti haldið störfum sínum og áætlanir um að það geti snúið aftur til starfa.	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					
2. Aðildarríkin skulu tryggja að fötluðu fólki sé ekki haldið í þrældómi eða ánauð og að því sé veitt vernd, til jafns við annað fólk, gegn þvingunar- eða nauðungarvinnu.	Lög nr. 86/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.					
28. gr.						
Viðunandi lífskjör og félagsleg vernd.						
1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks og fjölskyldna þess til viðunandi lífskjara, þar á meðal viðunandi fæðis, klæða og húsnæðis, og til sífellt batnandi lífsskilyrða og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika án mismununar á grundvelli fötlunar.	Lög nr. 100/2007 um almannatryggingar, lög um félagslega aðstoð nr. 99/2007 Uppfært okt. 2025: Lög nr. 104/2024, um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á endurhæfingar- og örorkukerfinu.	Reglugerð nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna.	Félags- og húsnæðismálaráðuneyti			
2. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til félagslegrar verndar og til þess að njóta þess réttar án mismununar á grundvelli fötlunar og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika, þar á meðal ráðstafanir:	Lög nr. 100/2007 um almannatryggingar, lög um félagslega aðstoð nr. 99/2007 Uppfært okt. 2025: Lög nr. 104/2024, um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á endurhæfingar- og örorkukerfinu.					Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerðir C.1, C.2 o.fl.
a) til þess að tryggja fötluðu fólki jafnan aðgang að hreinu vatni á við annað fólk og að tryggja aðgang að viðeigandi þjónustu, búnaði og annarri aðstoð á viðráðanlegu verði vegna þarfa sem tengjast fötlun,						
b) til þess að tryggja fötluðu fólki, einkum fötluðum konum og stúlkum og fötluðu eldra fólki, aðgang að áætlunum á sviði félagslegrar verndar og áætlunum um að draga úr fátækt,						

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
c) til þess að tryggja fötluðu fólki og fjölskyldum þess, sem lifa í fátækt, aðgang að aðstoð frá hinu opinbera til þess að mæta útgjöldum vegna fötlunar, þar á meðal útgjöldum vegna viðeigandi þjálfunar, ráðgjafar, fjárhagslegrar aðstoðar og hvíldarumönnunar,						
d) til þess að tryggja fötluðu fólki aðgang að húsnæðiskerfi á vegum hins opinbera,	14. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998 - XII. Kafli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991- 78. gr stjskr.					Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð C.5.
e) til þess að tryggja fötluðu fólki jafnan aðgang á við annað fólk að eftirlaunum og eftirlaunakerfum.	Lög nr. 100/2007 um almannatryggingar, lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, lög um starfsemi lífeyrissjóða					
29. gr.						
Þátttaka í stjórnmálum og opinberu lífi.						
Aðildarríkin skulu tryggja fötluðu fólki stjórnmálaleg réttindi og tækifæri til þess að njóta þeirra til jafns við annað fólk og skulu jafnframt:	33. gr. stjskr.		Dómsmálaráðuneyti og félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerðir í A-flokki
a) tryggja að fötluðu fólki sé gert kleift að taka virkan og fullan þátt í stjórnmálum og opinberu lífi til jafns við annað fólk, með beinum hætti eða fyrir atbeina fulltrúa að eigin frjálsu vali, þar með eru talin réttur og tækifæri til þess að kjósa og vera kosið, þar á meðal með því:	Kosningalög nr. 112/2021					
i. að tryggja að kosningaaðferðir, kosningaaðstaða og kjörgögn séu við hæfi, aðgengileg og auðskilin og auðnotuð,	Kosningalög nr. 112/2021					
ii. að vernda rétt fatlaðs fólks til þess að taka þátt í leynilegri atkvæðagreiðslu í kosningum og þjóðaratkvæðagreiðslum án ógnana og til þess að bjóða sig fram í kosningum, að gegna embættum með virkum hætti og að sinna öllum opinberum störfum á öllum stigum stjórnsýslu, jafnframt því að greiða fyrir notkun hjálpartækja og nýrrar tækni þar sem við á,	Kosningalög nr. 112/2021					
iii. að tryggja að fatlað fólk geti tjáð vilja sinn sem kjósendur á frjálsan hátt og að heimilað sé í þessu skyni, þar sem nauðsyn krefur og að ósk þess, að það njóti aðstoðar manneskju að eigin vali við að greiða atkvæði,	Kosningalög nr. 112/2021					

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
b) vinna á virkan hátt að mótun umhverfis þar sem fatlað fólk getur tekið virkan og fullan þátt í opinberri starfsemi, án mismununar og til jafns við annað fólk, og hvetja til þátttöku þess í opinberri starfsemi, þar á meðal:						Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerðir A.3 og A.10
i. þátttöku í starfsemi frjálsra félagasamtaka og samtaka, sem láta sig málefni almennings varða og stjórnmálalíf viðkomandi lands, og í störfum og stjórn stjórnmálaflokka,						
ii. þátttöku í því að móta og gerast aðilar að samtökum fatlaðs fólks til að koma fram fyrir hönd fatlaðs fólks á alþjóðavettvangi, heima fyrir á landsvísu og innan landsvæða og sveitarfélaga.						
30. gr.						
Þátttaka í menningarlífi, tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi.						
1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til þess að taka þátt í menningarlífi til jafns við annað fólk og skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fatlað fólk:			Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð B.12.
a) njóti aðgengis að menningarefni í aðgengilegu formi,	Lög um Ríkisútvarpið, ríkisfjölmiðil í almannaeigu nr. 23/2013, bókasafnslög nr. 150/2012, safnalög nr. 141/2011, lög um landsbókasafn nr. 142/2011, lög um menningaminjar nr 80/2012, lög um þjóðminjasafn nr.140/2011					
b) njóti aðgengis að sjónvarpsefni, kvikmyndum, leikhúsi og öðrum menningarviðburðum í aðgengilegu formi,	Lög um Ríkisútvarpið, ríkisfjölmiðil í almannaeigu nr. 23/2013, bókasafnslög nr. 150/2012, safnalög nr. 141/2011, lög um landsbókasafn nr. 142/2011, lög um menningaminjar nr 80/2012, lög um þjóðminjasafn nr.140/2012					

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
c) njóti aðgengis að stöðum þar sem flutningur menningarefnis eða þjónusta á sviði menningar fer fram, t.d. leikhúsum, söfnum, kvikmyndahúsum, bókasöfnum og ferðaþjónustu og njóti, eftir því sem við verður komið, aðgengis að minnisvörðum og stöðum sem hafa þjóðmenningarlegt gildi.	Lög um mannvirki	Byggingareglugerð				
2. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk fái tækifæri til að þróa og nota sköpunargáfu sína og listræna og vitsmunalega getu, ekki einvörðungu í eigin þágu, heldur einnig í því skyni að auðga samfélagið.						
3. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir, í samræmi við alþjóðalög, til þess að tryggja að lög, sem vernda hugverkarétt, feli ekki í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki eða óréttmætar hindranir við aðgang þess að menningarefni.	Höfundalög nr. 73/1972					
4. Fatlað fólk skal eiga rétt, til jafns við annað fólk, á viðurkenningu og stuðningi við sérstaka menningar- og tungumálssjálfsmynd sína, þar á meðal táknmál og menningu heyrnarlauss og heyrnarskerts fólks.	Lög um stöðu íslensku og íslensks táknmáls nr. 61/2011					
5. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir, í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að taka til jafns við annað fólk þátt í tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi, til þess að:	Íþróttalög nr. 64/1998, Æskulýðslög nr. 70/2007					
a) hvetja til og efla þátttöku fatlaðs fólks, eins og frekast er unnt, í almennu íþróttastarfi á öllum stigum,	Íþróttalög nr. 64/1998, Æskulýðslög nr. 70/2007					
b) tryggja fötluðu fólki tækifæri til þess að skipuleggja, þróa og taka þátt í íþrótta- og tómstundastarfi fyrir fatlað fólk og stuðla í því skyni að framboði á viðeigandi leiðsögn, þjálfun og úrræðum til jafns við annað fólk;						
c) tryggja fötluðu fólki aðgang að stöðum þar sem íþrótta- og tómstundastarf fer fram og að ferðamannastöðum;	lög um nátturuvernd, íþróttalög					
d) tryggja fötluðum börnum jafnt aðgengi á við önnur börn til þátttöku í leikjum, tómstunda-, frístunda- og íþróttastarfi, þar á meðal innan skólakerfisins;	Íþróttalög nr. 64/1998, Æskulýðslög nr. 70/2007					
e) tryggja fötluðu fólki aðgang að þjónustu þeirra sem annast skipulagningu tómstundastarfs, ferðamennsku. frístunda- og íþróttastarfs.	Íþróttalög nr. 64/1998, Æskulýðslög nr. 70/2007					
31. gr.						
Töifræðilegar upplýsingar og gagnasöfnun.						

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að safna viðeigandi upplýsingum, meðal annars tölfræðilegum gögnum og rannsóknargögnum, sem gera þeim kleift að móta og framfylgja stefnum samningi þessum til framkvæmdar. Vinnuferli við að safna og viðhalda þessum upplýsingum skulu:	Lög um Hagstofu Íslands og opinbera hagsýslugerð nr. 163/2007		Félags- og húsnæðismálaráðuneyti o.fl.			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð A.11
a) vera í samræmi við lögmæltar öryggisráðstafanir, þar á meðal löggjöf um gagnavernd, til þess að tryggja trúnað og virðingu fyrir einkalífi fatlaðs fólks;						
b) vera í samræmi við alþjóðlega viðurkennd viðmið um vernd mannréttinda og grundvallarfrelsis og siðferðileg viðmið við söfnun og notkun tölfræðilegra upplýsinga.						
2. Upplýsingar, sem er safnað samkvæmt þessari grein, skal sundurliða eftir því sem við á og nota til þess að meta hvernig aðildarríkjunum miðar að innleiða skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum og til að greina og takast á við þær hindranir sem fatlað fólk stendur frammi fyrir þegar það hyggst nýta sér réttindi sín.						
3. Aðildarríkin skulu ábyrgjast miðlun fyrrnefndra tölfræðilegra upplýsinga og tryggja fötluðu fólki og öðru fólki aðgengi að þeim.						
32. gr.						
Alþjóðlegt samstarf.						
1. Aðildarríkin viðurkenna mikilvægi alþjóðlegs samstarfs og eflingu þess til stuðnings innlendum aðgerðum til þess að tilgangur og markmið samnings þessa megi verði að veruleika og munu gera viðeigandi og skilvirkar ráðstafanir hvað það varðar milli og meðal ríkja og, eftir því sem við á, í samvinnu við hlutaðeigandi alþjóða- og svæðisstofnanir og borgaralegt samfélag, einkum samtök fatlaðs fólks. Slíkar ráðstafanir gætu meðal annars tekið til þess:	Lög um þróunarsamvinnu nr. 121/2008		Utanríkisráðuneytið			Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 5/154 um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands fyrir árin 2024–2028. Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027 Aðgerð E.10.
a) að tryggja að alþjóðlegt samstarf, þar á meðal alþjóðlegar þróunaráætlanir, nái til fatlaðs fólks og sé því aðgengilegt,						
b) að greiða fyrir og styðja uppbyggingu þekkingar og getu, þar á meðal með því að skiptast á og miðla upplýsingum, reynslu, þjálfunaráætlunum og bestu starfsvenjum,						
c) að greiða fyrir samvinnu á sviði rannsókna og auðvelda aðgengi að vísinda- og tækniþekkingu,						

Ný þýðing samningsins 2020	Lög	Reglugerðir/reglur	Eftirlit og umsjón á hendi hvaða ráðuneytis.	Upplýsingar um efnið- aðgengileg gögn Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Áskoranir Uppfært okt. 2025: Á ekki lengur við.	Aðgerðir/áætlanir
d) að láta í té, eftir því sem við á, tækni- og efnahagsaðstoð, meðal annars með því að auðvelda aðgang að og miðla aðgengilegri og styðjandi tækni og með yfirfærslu á tækni.						
2. Ákvæði þessarar greinar hafa engin áhrif á þá skyldu sérhvers aðildarríkis að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum.						
33. gr.						
Framkvæmd og eftirlit innanlands.						
1. Aðildarríkin skulu tilnefna, í samræmi við stjórnskipulag sitt, eina miðstöð eða fleiri innan stjórnsýslunnar vegna mála er varða framkvæmd samnings þessa og taka til tilhlýðilegrar umfjöllunar hvort koma skuli á eða tiltaka samræmingarkerfi innan stjórnsýslunnar í því skyni að greiða fyrir skyldum aðgerðum á ólíkum sviðum og ólíkum stigum.			Dómsmálaráðuneyti, félags- og húsnæðismálaráðuneyti			Uppfært okt. 2025: Tillaga um að tveir aðilar verði tilnefndir af hálfu íslenskra stjórnvalda, þ.e. (1) stýrihópur stjórnarráðsins um mannréttindi og (2) verkefnisstjórn um landsáætlun um innleiðingu samningsins. Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð A.14 Uppfært okt. 2025: Frumvarp til laga um réttindavernd fatlaðs
2. Aðildarríkin skulu, í samræmi við réttar- og stjórnkerfi hvers ríkis um sig, viðhalda, treysta, tiltaka eða koma á innviðum, þar á meðal einu eða fleiri sjálfstæðum kerfum, eftir því sem við á, í því skyni að styrkja, vernda og hafa eftirlit með framkvæmd samnings þessa. Aðildarríkin skulu, þegar þau tiltaka slíkt kerfi eða koma því á, taka mið af þeim meginreglum sem gilda um stöðu og starfsemi þjóðbundinna mannréttindastofnana.	Uppfært okt. 2025: Lög nr. 88/2024, um Mannréttindastofnun Íslands 2024. 4. mgr. 2. gr.					
3. Borgaralegt samfélag, einkum fatlað fólk og samtök sem koma fram fyrir þess hönd, skal eiga hlut að og taka fullan þátt í eftirlitsferlinu.						Uppfært okt. 2025: Þingsályktun nr. 9/154 um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024–2027. Aðgerð A.13

Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 106. mál

3. október 2025

Landssamtökin Þroskahjálp vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fólk með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir og einhverft fólk og fötluð börn og ungmenni. Samtökin byggja stefnu sína og starfsemi á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, barnasáttmála SÞ og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að framfylgja, sem og á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, sem hafa það meginmarkmið ***að skilja engan eftir***.

Íslenska ríkið fullgilti samning SÞ um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að framfylgja öllum ákvæðum hans. Í **4. gr.** samningsins, sem hefur yfirskriftina ***Almennar skuldbindingar***, segir m.a.:

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að efla og tryggja að fullu öll mannréttindi og grundvallarfrelsi fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi á grundvelli fötlunar.

Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:

a) að samþykkja alla viðeigandi löggjöf og ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og aðrar ráðstafanir til að tryggja þau réttindi sem viðurkennd eru með samningi þessum,

b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með lagasetningu, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin, ...

Samkvæmt þingsályktun, sem Alþingi samþykkti mótatkvæðalaust 3. júní 2019, átti að leggja fram frumvarp um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks eigi síðar en 13. desember 2020. Það hefur nú loks verið gert.

Þann 20. mars 2024 samþykkti Alþingi tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027. Í aðgerð F.1. í framkvæmdaáætluninni, sem hefur yfirskriftina *Lögfesting samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks,* er gert ráð fyrir að samningurinn verði lögfestur á árinu 2025.

Í stjórnarsáttmála fráfarandi ríkisstjórnar sagði: *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verður lögfestur.* Fyrirheit um lögfestingu samningsins er einnig í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar.

Landssamtökin Þroskahjálp
Háaleitisbraut 13 · 108 Reykjavík

Með lögfestingu samnings SÞ um réttindi fatlaðs fólks yrði lagaleg vernd mannréttinda fatlaðs fólks verulega bætt og skýrð. Fatlaður einstaklingur getur þá borið ákvæði samningsins fyrir sig sem ótvíræða réttarreglu fyrir stjórnvöldum og dómstólum. Lögfesting samningsins mun auk þess vekja jafnt almenning og þá sem fjalla um málefni fatlaðs fólks fyrir dómstólum, í stjórnsýslu og við undirbúning að lagasetningu, til frekari vitundar um mannréttindi fatlaðs fólks og þá virðingu sem verður að ætlast til að þeim sé sýnd í lýðræðis- og réttarríki, sem grundvallast á mannnréttindum.

Lögfesting samnings SÞ um réttindi fatlaðs fólks er m.a. afar mikilvægur liður í að tryggja betri framfylgd laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsaþarfir, af hálfu ríkis og sveitarfélaga. Óumdeilanlegt er, að mati Þroskahjálpar, að mjög mikil þörf er á að bæta þá framfylgd verulega.

Samtökin vísa í því sambandi m.a. til skýrslu Ríkisendurskoðunar, *Eftirfylgni: Þjónusta við fatlað fólk skv. lögum nr. 38/2018*, frá febrúar 2025 og niðurstöður frumkvæðisathugunar Gæða- og etirlitsstofnunar velferðarmála, *Misræmi í reglum sem sveitarfélög setja um stoð- og stuðningsþjónustu*, frá 10. mars 2025. Skýrslu Ríkisendurskoðunar og niðurstöður GEV má nálgast á hlekkjum að neðan.

https://www.rikisendurskodun.is/reskjol/files/Skyrslur/2025_thjonusta_vid_fatlad_folk-eftirfylgni.pdf

https://island.is/s/gev/frett/misraemi-i-reglum-sem-sveitarfeloeg-setja-um-stod-og-studningsthjonustu

Landssamtöokin Þrosakhjálp hvetja til þess að í frumvarpið verði bætt ákvæði um að ef upp komi tilvik ,þar sem önnur innlend löggjöf samræmist ekki ákvæðum laga um samninga Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, skuli ákvæði laganna um samninginn ganga framar þeim lögum. Slíkt ákvæði tryggir m.a. að síðar fram komin lög gangi ekki framar á grundvelli þeirrar skýringarreglu að þau séu nýrri.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, voru samþykkt af öllum aðildarríkjum SÞ, þ.m.t. íslenska ríkinu, í september 2015. Íslenska ríkið hefur lýst því yfir að það muni vinna markvisst og skipulega að innleiðingu markmiðanna bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Meginmarkmið heimsmarkmiðanna er að *skilja engan eftir* (e. *No one will be left behind*). Fatlað fólk hvarvetna í heiminum hefur verið og er enn *skilið eftir* á flestum sviðum samfélagsins. Ísland er engin undantekning frá því. Samningur SÞ um réttindi fatlaðs fólks var gerður og samþykktur til að bregðast við því. Heimsmarkmiðin eru nátengd

alþjóðlega viðurkenndum mannréttindum, sem mælt er fyrir um í fjölþjóðlegum mannréttindasamningum, sem Ísland hefur skuldbundið sig til að virða og framfylgja, m.a. og ekki síst Í samningi SÞ um réttindi fatlað fólks. Það er því ljóst að lögfesting samningsins væri mjög mikilvægur og áhrifaríkur þáttur til að framfylgja betur heimsmarkmiðunum, almennt og sérstaklega með tilliti til aðstæðna, þarfa og réttinda fatlaðs fólks (sjá hlekk að neðan).

https://social.desa.un.org/issues/disability/sustainable-development-goals-sdgs-and-disability

Þann 20. september 2016 samþykkti Alþingi svohljóðandi þingsályktun mótatkvæðalaust:

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni fyrir Íslands hönd að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem undirritaður var af hálfu Íslands 30. mars 2007. Þá ályktar Alþingi að valkvæður viðauki við samninginn skuli einnig fullgiltur fyrir árslok 2017.

Nú, sjö árum og níu mánuðum eftir að fullgilda átti viðaukann samkvæmt þingsályktuninni, hefur það ekki enn verið gert.

Íslensk stjórnvöld undirrituðu valfrjálsa viðaukann við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks um leið og þau undirrituðu samninginn sjálfan árið 2007. Valfrjálsi viðaukinn mælir fyrir um kæruleið fyrir einstaklinga og hópa sem telja að íslensk stjórnvöld hafi ekki veitt þeim þann rétt sem þeim ber samkvæmt samningnum og hafa árangurslaust nýtt þau úrræði, sem þeir hafa samkvæmt íslenskum lögum og stjórnkerfi, til að ná því fram sem þeir telja sig eiga rétt á samkvæmt samningnum. Eftirlitnefndin getur óskað upplýsinga frá ríkjum og beint tilmælum til þeirra. Með því að fullgilda valfrjálsu bókunina verður virkara aðhald með ríkjum um að framfylgja samningnum, réttaröryggi fatlaðs fólks meira og mannréttindi þess betur varin. Þess má geta að 108 ríki hafa nú fullgilt valkvæða viðaukann (sjá hlekk að neðan).

https://treaties.un.org/pages/viewdetails.aspx?src=treaty&mtdsg_no=iv-15-a&chapter=4&clang=_en

Með vísan til framangreinds lýsa Landssamtökin Þroskahjálp eindregnum stuðningi við frumvarp um lögfestingu samnings SÞ um réttindi fatlaðs fólks, sem hér er til umsagnar og skora á þingnefnd og Alþingi að hraða meðferð frumvarpsins og lögfestingu samningsins, eins og nokkur kostur er.

Samtökin skora jafnframt á stjórnvöld og Alþingi að fullgilda nú þegar valkæða viðaukann við samning SÞ um réttindi fatlaðs fólks.

Samtökin óska eftir að fá að koma á fund þingnefndarinnar til að gera betur grein fyrir áherslum sínum og sjónarmiðum varðandi það mál sem hér er til umfjöllunar og vísa í því sambandi til **3. mgr. 4. gr**. samnings SÞ um réttindi fatlaðs fólks, sem hefur yfirskriftina ***Almennar skuldbindingar***:

Þegar aðildarríkin undirbúa löggjöf sína og stefnu samningi þessum til framkvæmdar og vinna að því að taka ákvarðanir um málefni sem varða fatlað fólk skulu þau hafa náið samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, einnig fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.

Virðingarfyllst.

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar

Anna Lára Steindal, framkvæmdastjóri Þroskahjálpar

S.

MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

Málsheiti og nr.	Frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, FRN25010145
Ráðuneyti	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti
Stig mats	☐ Frummat, sbr. 1. gr. ☒ Endanlegt mat, sbr. 10. gr.
Dags.	24. febrúar 2025

A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs.

Um er að ræða lögfestingu á mannréttindasamningi, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF). Þar sem samningurinn hefur þegar verið fullgiltur hér á landi og innleiddur í ýmis lög og lagaframkvæmd er ekki er gert ráð fyrir því að frumvarpið hafi áhrif á fjárhag ríkissjóðs, hvort sem það kunna að vera breytingar á ríkistekjum, útgjöldum eða eignastöðu.

Mannréttindastofnun Íslands mun sinna ytra eftirliti með framkvæmd SRFF. Í júní 2024 voru samþykkt lög um Mannréttindastofnun Íslands, nr. 88/2024 þar sem tekið er fram í 2. gr. að Mannréttindastofnun Íslands skuli hafa eftirlit með framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Lögfesting samningsins gerir ekki ríkari kröfur á aðrar stofnanir ríkisins.

Ekki er gert ráð fyrir því að lögfesting SRFF auki þjónustuskyldur sveitarfélaga umfram það sem þegar leiðir af lögbundnum skyldum þeirra til að tryggja réttindi fatlaðs fólks. Því er ekki talin þörf á að gera ráð fyrir fjárhagslegum áhrifum á ríkissjóð vegna framlaga til sveitarfélaga á þeim grundvelli.

Erfitt er að segja til um hver réttaráhrif lögfestingar mannréttindasamnings geta orðið. Lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins árið 2013 fylgdu ekki miklar breytingar á þjónustu eða verulega aukin réttindi, sem rekja má til dóma sem hafa fallið á grundvelli hans. Fari svo að réttarþróun í þjónustu við fatlað fólk á grundvelli dóma sem rekja má til lögfestingar SRFF leggi talsverðar auknar skyldur á sveitarfélög, verður unnt að framkvæma kostnaðar- og ábatamat á þeim áhrifum samhliða gerð næstu landsáætlunar í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2028-2030.

Lögfestingin sem slík kallar ekki á auknar aðgerðir, s.s. þróun þjónustuúrræða eða aukna fræðslu. Hins vegar er kveðið á um þróun þjónustu, aukið aðgengi að menntun og atvinnu, auknar leiðir til sjálfstæðs lífs og annað sem ákvæði samningsins fela í sér í landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027, sem samþykkt var á Alþingi í mars 2024. Lögfesting samningsins hefur ekki fjárhagsleg áhrif á þá áætlun umfram það sem þegar er samþykkt í fjárlögum og greiðist af fjárlagalið 07-700-115.

B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins:
Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi fjárhagsáhrif í för með sér fyrir ríkissjóð, sbr. lið A hér að framan.

C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

Efni frumvarpsins hefur ekki áhrif á efnahagsmál á þann hátt að það verði áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað eða samkeppni.
Í lögum um viðeigandi aðlögun að vinnumarkaði, nr. 86/2018, er kveðið á um bann við mismunun og viðeigandi aðlögun til að gera fötluðum einstaklingi eða einstaklingi með skerta starfsgetu kleift að eiga aðgengi að og taka þátt í starfi. Þannig hefur í lögum þegar verið tekið mið af ákvæðum 27. gr. SRFF um vinnu og starf.
Aðgerðir D.11 og D.12 í landsáætlun um innleiðingu SRFF fyrir árin 2024 – 2027 snúa að því að fjölga starfstækifærum fyrir fólk með mismunandi starfsgetu. Eru þær aðgerðir þegar farnar af stað á vegum Vinnumálastofnunar.

D. Önnur áhrif

1. Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Ekki er gert ráð fyrir því að frumvarpið hafi áhrif á fjárhag sveitarfélaga, umfram það sem nú þegar leiðir af lögbundnum skyldum sveitarfélaga til að tryggja réttindi fatlaðs fólks. Með frumvarpinu verður samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks lögfestur í heild sinni, sem mun hafa í för með sér að hægt verður að beita samningnum sem fullgildri réttarheimild fyrir dómstólum og öðrum úrskurðaraðilum. Engin leið er að segja fyrir um hver áhrif lögfestingar mannréttindasamnings geta orðið á dómaframkvæmd, en lögfesting samningsins er liður í réttarþróun sem hefur verið jöfn og stöðug yfir umliðin 10 til 15 ár. Hliðstæð þróun hefur átt sér stað í málefnum barna. Liður í þeirri þróun var lögfesting samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins árið 2013, en ekki er hægt að rekja neinar stökkbreytingar á þjónustu eða verulega aukin réttindi til dóma sem fallið hafa á grundvelli þess samnings frá lögfestingu hans. Fari svo að réttarþróun í þjónustu við fatlað fólk á grundvelli dóma sem rekja má til lögfestingar samningsins muni leggja verulega auknar skyldur á sveitarfélög, verður unnt að framkvæma kostnaðar- og ábatamat á þeim áhrifum samhliða gerð næstu landsáætlunar í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2028-2030.

2. Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi).
Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi áhrif á frelsi til að veita þjónustu.

3. Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000.
Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi áhrif á reglur um vöru og farþjónustu.

4. Áhrif á byggðalög.
Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi áhrif á byggðalög.

5. Áhrif á frjáls félagasamtök.
Markmið frumvarps til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er að auka réttaráhrif samningsins hér á landi og styrkja réttindi fatlaðs fólks. Einnig er gert ráð fyrir því að lögfestingin muni auka vitund og þekkingu á samningnum meðal almennings, félagasamtaka og opinberra aðila. Má því ætla að lögfestingin hafi jákvæð áhrif á frjáls félagasamtöku og þá ekki síst hagsmunasamtök fatlaðs fólks.

6. **Áhrif á jafnrétti kynjanna.**

Með lögfestingu samningsins um réttindi fatlaðs fólks verða réttindi fatlaðs fólks styrkt hér á landi. Mun slíkt hafa jákvæð áhrif á réttindi alls fatlaðs fólk, óháð kyni. Í 5. gr. samningsins má finna ákvæði um jafnrétti og bann við mismunun, sem miðar að því að tryggja að fatlað fólk verði ekki fyrir mismunun og að gripið sé til ráðstafana til að tryggja raunverulegt jafnrétti fyrir fatlað fólk.

Fatlaðar konur og stúlkur eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu, þar sem þær eiga á hættu að verða fyrir fjölþættri mismunun. Í 6. gr. SRFF er að finna sérstakt ákvæði um fatlaðar konur, en þar segir m.a. að gera skuli sérstakar ráðstafanir til þess að fatlaðar konur og stúlkur fái notið til fulls allra mannréttinda og grundvallafrelsis til jafns við aðra. Jafnframt skal gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að fullu þróun, framgang og valdeflingu kvenna í því skyni að tryggt sé að þær geti nýtt sér og notið þeirra mannréttinda og grundvallarfrelsis sem samningur þessi kveður á um. Verði frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks samþykkt mun það því stuðla að auknu jafnrétti kynjanna og aukinni réttarvernd fyrir fatlaðar konur og stúlkur.

7. **Áhrif a lýðheilsu.**

Talið er að frumvarpið muni hafa jákvæð áhrif á lýðheilsu, enda er markmið þess að bæta réttarstöðu fatlaðs fólks. SRFF miðar m.a. að tryggja fötluðu fólki rétt til þess að njóta besta mögulega heilbrigðis, án mismununar á grundvelli fötlunar.

8. **Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir.**

Talið er að frumvarpið muni hafa jákvæð áhrif á menntun, en í 24. gr. SRFF er að finna sérstakt ákvæði um rétt fatlaðs fólks til menntunar.

9. **Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.**

Ekki er gert ráð fyrir að efni frumvarpsins hafi áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri.

10. **Áhrif á stjórnsýslu, svo sem hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni.**

SRFF hefur verið fullgiltur hér á landi. Þannig eru opinberir aðilar þegar skuldbundnir til þess að koma réttindum samningsins í framkvæmd og túlka lög til samræmis við samninginn. Er því ekki gert ráð fyrir því að frumvarpið hafi umtalsverð áhrif á störf ráðuneyta eða stofnana. Hins vegar má ætla að lögfesting samningsins muni auka vitund og þekkingu á samningnum, m.a. meðal opinberra aðila, sem mun hafa jákvæð áhrif á ráðuneyti og stofnanir.

Samkvæmt 33. gr. samningsins þurfa aðildarríki að koma á fót einu eða fleiri sjálfstæðum kerfum, sem uppfylla Parísarviðmið Sameinuðu þjóðanna um mannréttindastofnanir, til þess að fara með ytra eftirlit með framkvæmd SRFF. Í júní 2024 voru samþykkt lög um Mannréttindastofnun Íslands, nr. 88/2024, sem uppfyllir þau viðmið. Í 2. gr. laganna er tekið fram að Mannréttindastofnun Íslands skuli hafa eftirlit með framkvæmd samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

11. **Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, svo sem aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar.**

Lögfesting SRFF er fyrst og fremst ætlað að hafa jákvæð áhrif á fatlað fólk og aðstandendur þeirra. Fatlað fólk er afar fjölbreyttur hópur, á öllum aldri, af ólíkum uppruna og með búsetu víðsvegar um landið. Mun frumvarpið því hafa jákvæð áhrif á víðtækan hóp fólks úr mismunandi þjóðfélagshópum.

12. Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun.

Ekki er gert ráð fyrir því að frumvarpið hafi bein áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun. Hins vegar má ætla að lögfesting samningsins styrki þekkingu á réttindum fatlaðs fólks og mikilvægi þess að taka tillit til sérstöðu fatlaðs fólks og tryggja þátttöku þeirra þegar mótaðar eru áætlanir og aðgerðir í tengslum við umhverfismál og sjálfbæra þróun.

E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag.

Með fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur íslenska ríkið þegar skuldbundið sig til þess að koma öllum þeim réttindum sem fram koma í samningnum í framkvæmd. Þá hafa þegar verið gerðar ýmsar breytingar á lögum til að aðlaga þau að samningnum. Er því ekki talið að lögfesting samningsins hafi áhrif á fjárhag ríkissjóðs.

2. Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á.

Ef frumvarpið verður að lögum verður hægt að beita SRFF sem fullgildri réttarheimild fyrir dómstólum og öðrum úrskurðaraðilum. Kann það að hafa í för með sér ríkara eftirlit með því að fatlað fólk njóti í reynd þeirra réttinda sem þeim eru þegar tryggð í lögum.

3. Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat).

Frumvarpið er til þess fallið að styrkja réttindi fatlaðs fólks, auka réttaráhrif samningsins og auka þekkingu á honum meðal almennings, félagasamtaka og opinberra aðila.

F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?

Já.

2. Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?

Já.

3. Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?

Horft var til athugasemda FJR við vinnslu endanlegs mats, en það leiddi ekki til breytinga á mati á fjárhagsáhrifum.

Lúðvík Júlíusson
Hraunbær 58
110 Reykjavík

Alþingi – nefndasvið
b.t. Velferðarnefnd

Reykjavík 8. október 2025

Efni: Umsögn um mál 106. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Á blaðsíðu 32 í greinargerð frumvarpsins stendur:

> *„Um er að ræða lögfestingu á mannréttindasamningi, sem þegar hefur verið fullgiltur hér á landi og innleiddur í ýmis lög og lagaframkvæmd. Er því ekki gert ráð fyrir því að frumvarpið hafi áhrif á ijárhag ríkissjóðs, hvorki ríkistekjur, útgjöld né eignastöðu.“*[1]

og

> *„Lögfestingin sem slík kallar ekki á auknar aðgerðir, svo sem þróun þjónustuúrræða eða aukna fræðslu.“*

og

> *„..lögfesting samningsins felur ekki í sér ný efnisréttindi..“*

og á blaðsíðu 33:

> *„Jafnréttismat var unnið við vinnslu frumvarpsins. Lögfesting samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks mun hafa jákvæð áhrif á réttindi alls fatlaðs fólk, óháð kyni.“*

og

> *„Með því að styrkja jákvæða ímynd fatlaðs fólks og efla samfélagslega vitund um málefni þess má draga úr þeirri margþættu mismunun sem fólk sem tilheyrir fleirum en einum jaðarsettum hópi getur orðið fyrir, svo sem fatlað fólk af erlendum uppruna eða fatlað hinsegin fólk.“*

Í greinargerðinni er sagt að lögfestingin hafi ekki áhrif á réttindi fatlaðs fólks, kalli ekki á aukin útgjöld og efli jákvæða ímynd fatlaðs fólks. Á sama tíma er að finna mótsagnir, til dæmis eins og að lögfestingin hafi jákvæð áhrif á réttindi fatlaðs fólks.

Félagsmálaráðuneytið afhenti mér áhrifamatið þann 7. júlí 2025. Þetta áhrifamat ætti að öllu jöfnu að fylgja frumvarpinu svo umsagnaraðilar viti á hvaða forsendum frumvarpið byggir.

Það er því ekkert gagnlegt að finna i matinu. Það er mjög óeðlilegt og ófaglegt. Við lagasetningu ætti að vera krafa að hægt sé að finna upplýsingar um áhrif frumvarpsins.

Mat á áhrifum

Matið er gallað og ófullgert. Hvergi er vísað í rannsóknir, greiningar, kærur/kvartanir notenda, lagalegar hindranir, kortlagningu á stöðu fatlaðra o.s.fr.v. Í matinu er bara verið að viðra skoðanir.

[1] https://www.althingi.is/altext/157/s/0106.html

Það getur ekki talist eðlilegt þegar nóg er til af gögnum og þegar nóg er til að fræðafólki sem getur skoðað málefni fatlaðra.

Hvergi er eftirfarandi spurningum svarað:

- Hvers vegna kallar lögfestingin ekki á auknar aðgerðir, þjónustuúrræði eða aukna fræðslu?
- Hvernig bætir lögfestingin jákvæða ímynd fatlaðs fólks?
- Í jafnréttismatinu segir að lögin bæti stöðu kvenna en i greinargerðinni segir að réttindi fatlaðra séu öll þegar lögfest. Hvað útskýrir þessa mótsögn?
- Hvaða lög voru skoðuð þegar metið var að lögfestingin kallaði ekki á lagabreytingar?
- Í hvaða lögum er fjallað um réttindi fatlaðs fólks?
- Var litið til úrskurða, niðurstaða kærumála og kvartana við vinnslu frumvarpsins?
- Hvaða úrskurða, kærumála og kvartana var litið til við vinnslu frumvarpsins?

Í matinu er ekkert sem styður við þessar fullyrðingar sem fylgja frumvarpinu:

> *„Um er að ræða lögfestingu á mannréttindasamningi, sem þegar hefur verið fullgiltur hér á landi og innleiddur í ýmis lög og lagaframkvæmd. Er því ekki gert ráð fyrir því að frumvarpið hafi áhrif á ıjárhag ríkissjóðs, hvorki ríkistekjur, útgjöld né eignastöðu.“*

og

> *„Lögfestingin sem slík kallar ekki á auknar aðgerðir, svo sem þróun þjónustuúrræða eða aukna fræðslu.“*

og

> *„..lögfesting samningsins felur ekki í sér ný efnisréttindi..“*

og á blaðsíðu 33:

> *„Jafnréttismat var unnið við vinnslu frumvarpsins. Lögfesting samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks mun hafa jákvæð áhrif á réttindi alls fatlaðs fólk, óháð kyni.“*

og

> *„Með því að styrkja jákvæða ímynd fatlaðs fólks og efla samfélagslega vitund um málefni þess má draga úr þeirri margþættu mismunun sem fólk sem tilheyrir fleirum en einum jaðarsettum hópi getur orðið fyrir, svo sem fatlað fólk af erlendum uppruna eða fatlað hinsegin fólk.“*

Þessar fullyrðingar eiga þar af leiðandi ekkert erindi í greinargerðina sem fylgja frumvarpinu. Ég hvet þingmenn til að óska eftir rökstuðningi og raunverulegu mati á áhrifum frumvarpsins.

Hvað er að gerast í málefnum fatlaðs fólks

Málefni fatlaðra eru búin að vera mikið í umræðu síðustu mánuði.

Skýrsla um stöðu fullorðinna einhverfra

Þann 1. október 2025 birti Félagsmálaráðuneytið skýrslu um stöðu fullorðinna einhverfra.[2] Í skýrslunni er að finna tillögur um nauðsyn fræðslu, vitundarvakningu og að sett yrði á laggirnar

[2] https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2025/10/01/Starfshopur-um-malefni-fullordinna-einhverfra-skilar-tillogum-til-radherra-/

þjónustu- og þekkingarmiðstöð. Þessi nýja skýrsla er í mótsögn við áhrifamatið. Hún sýnir að hópur fólks er ekki að njóta réttinda sem kveðið er á í gildandi lögum, hún sýnir að það þarf fjármagn og hún sýnir að það þarf fræðslu.

Greining á geðheilbrigðisþjónustu fyrir fullorðna einhverfa og tillögur til úrbóta[3]

Þann 25. nóvember 2024 birti Heilbrigðisráðuneytið niðurstöður verkefnahóps um geðheilbrigðisþjónustu fyrir fullorðna einhverfa. Helstu niðurstöður voru m.a.:

- Opnun þjónustu- og þekkingarmiðstöðvar fyrir einhverfa.
- Geðheilbrigðisþjónusta fyrir einhverfa til framtíðar verði þróuð og útfærð á öllum þjónustustigum til að mæta þörfum þeirra.
- Einhverfumiðuð nálgun verði í allri þjónustu við einhverfa.
- Breytingar á lögum og reglugerðum sem tryggi einhverfum þjónustu við hæfi.

Niðurstöður hópsins er að auka þurfi fræðslu, breyta þurfi lögum, breyta þurfi reglum og þróa þurfi þjónustu.

Tölum íslensku um bíðandi börn: Uppgjöf, svarthol og lögbrot[4]

Þann 6. október 2025 birti Visir.is grein um stöðu barna sem lýsir vel stöðu þeirra sem bíða. Mörg hundruð börn bíða í tvö til þrjú ár eftir greiningu og á meðan fá börn og foreldrar þeirra engan, lítinn eða takmarkaðan stuðning. Bið í svona langan tíma sýnir að stjórnvöld eru ekki að byggja úrræði á „snemmtækum stuðningi". Snemmtækur stuðningur er lykilforsenda þess að hægt sé að bæta lífsgæði og þroska einhverfra barna. Greinin endar á þessum orðum:

> *„Það er erfitt að komast hjá þeirri tilfinningu að börn á biðlistum séu kerfinu ósýnileg. En þau eru ekki ósýnileg í fjölskyldum sínum, í skólunum sínum og í samfélaginu okkar. Við segjum komið er nóg af skýrslum, nefndum og fagurgölum. Við viljum aðgerðir, efnd loforð og að staðið sé við lagalegar skuldbindingar.*
>
> *Börn hafa ekki tíma til að bíða."*

Ung börn utan skóla í tvö ár: Grafalvarleg staða[5]

Þann 4. október 2025 fjallaði Morgunblaðið um stöðu barna í grunnskólum. Staðan er sögð grafalvarleg, bent er á úrræðaleysi skólanna, miklu álagi á börn, erfiðri stöðu foreldra og börn sem lenda utan kerfis. Á meðan skólar eru úrræðalausir þá eru börn ekki að fá snemmtæka íhlutun.

Það er engin heildstæð sýn á stuðning við börn í skólum. Sem betur fer fá flest börn stuðning en ekki öll. Kerfið á ekki að stóla á að heppni grípi börnin.

> *„Börn eigi ekki að þurfa að vera heppin"*

Rannsókn á stöðu kvenna með örorkulífeyri[6]

Þann 27. ágúst 2025 birti TR niðurstöðu rannsóknar á stöðu kvenna með örorkulífeyri. Í niðurstöðum rannsóknarinnar var eftirfarandi:

---

[3] https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2024/11/25/Greining-a-gedheilbrigdisthjonustu-fyrir-fullordna-einhverfa-og-tillogur-til-urbota/

[4] https://www.visir.is/g/20252785203d/tolum-islensku-um-bidandi-born-uppgjof-svarthol-og-logbrot

[5] https://www.mbl.is/frettir/innlent/2025/10/04/ung_born_utan_skola_i_tvo_ar_grafalvarleg_stada/

[6] https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2025/08/27/Nidurstodur-rannsoknar-a-stodu-kvenna-med-ororkulifeyri/

> ***„Einhleypar með ábyrgð á uppeldi barna.*** *Þessi hópur er líklegri til að eiga börn með sem höfðu verið langveik eða greind með röskun eða skerðingu en samanburðarhópurinn og þær sinntu umönnun barnanna alfarið mun oftar..“*

Þessi niðurstaða kallar á frekari rannsóknir og greiningar á stöðu kvenna á örorkulífeyri. Félagsmálaráðuneytið hefur úrskurðað að í framkvæmd þá skuli hugtakið „fjölskylda“ í lögum 38/2018 aðeins ná til lögheimilis barnsins. Það er því ljóst að í framkvæmd setja lögin meiri skyldur á herðar einstæðra foreldra, sem flestir eru mæður. Lítill eða enginn möguleiki er fyrir foreldra að skipta með sér hlutverkum og ala barnið upp á jafnréttisgrundvelli.

Rannsókn á tengslum heimila og grunnskóla á Íslandi[7]

Í nýlegri doktorsritgerð Kristínar Jónsdóttur á tengslum heimila og grunnskóla á Íslandi er fjallað um stöðu einstæðra mæðra:

> „Sláandi var að einstæðar mæður fundu oft til vanmáttar í samskiptum sínum við starfsfólk skóla og þær töldu sig síður en aðrir foreldrar fá stuðning innan skólanna fyrir börn sín sem þurftu þess með.“

Umboðsmaður Alþingis um samskipti við foreldra[8]

Árið 2021 komst Umboðsmaður Alþingis að þeirri niðurstöðu að skólar þyrftu ekki að vera í samskiptum við báða foreldra barna. Foreldri kvartaði yfir því að fá ekki aðgang að upplýsinga- og samskiptakerfinu Vala.is. Umboðsmaður Alþingis sagði að lög takmarki aðgang foreldra að þessu kerfum og hefðu lögheimilisforeldrar meiri rétt en aðrir foreldrar. Sveitarfélögum og skólum er því heimilt að loka á samskipti og upplýsingagjöf á þeirri einu forsendu að foreldri hafi ekki lögheimili barnsins. Skiptir þá engu máli hvort barnið sé fatlað, þurfi mikla umönnun og mikil samskipti við þjónustuveitandann.

Stundum er spurt hvort samskipti foreldra séu ekki góð og hvort móðirin geti ekki komið upplýsingunum áfram. Í þessu sambandi er nóg að vísa í rannsókn TR og rannsókn um tengsl heimila og skóla hér á undan.

Umboðsmaður Alþingis bendir meðal annars á:

> *„Ef þér teljið þörf á úrbótum eða breytingum í tengslum við gildandi lagareglur að þessu leyti er yður fær sú leið að beina erindum þar um til þeirra sem ijalla um og gera tillögur til lagasetningar um mál þessi. Þannig kemur það í hlut dómsmálaráðherra að leiða pólitíska stefnumótun í tengslum við málefni barna samkvæmt barnalögum og honum eru fengnar heimildir til að beita frumkvæðisrétti sínum með því að leggja til við Alþingi að gerðar verði breytingar á gildandi lögum.“*

Landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027[9]

Í landsáætlun í málefnum barna kemur orðið „barn“ sjaldan fyrir og aðeins einn liður nær til þeirra, „E.1. Styttri bið barna eftir þjónustumati og þjónustu“. Það er ljóst að þetta markmið næst ekki í ár.

Engin áætlun er að auka jafnrétti kynjanna.

---

[7] https://www.hi.is/sites/default/files/solrunb/auglysing_kristin_jons.pdf
[8] https://www.umbodsmadur.is/alit-og-bref/mal/nr/9053/skoda/mal
[9]

Það er ljóst að landsáætlun um innleiðingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks nær ekki markmiðum sínum.

Samantekt

Þegar frumvarpið var fyrst lagt fram í vor þá var ljóst að áhrifamatið sem frumvarpið byggði á var ófullgert. Í matinu er bara verið að viðra skoðanir. Þrátt fyrir ábendingar taldi Félagsmálaráðuneytið sig ekki þurfa að gera nýtt mat.

Niðurstöður rannsókna og verkefnahópa sýna að staða fatlaðs fólks og fatlaðra barna er slæm og að það þurfi lagabreytingar til þess að bæta stöðu þeirra.

Ég hef sýnt með gögnum, rannsóknum og skýrslum að fullyrðingar ráðuneytisins um áhrif frumvarpsins eru rangar. Ráðuneytið hefur ekki sýnt með neinum hætti að fullyrðingar þess standist skoðun. Í áhrifamatinu er ekki vísað í neinar rannsóknir, greiningar, stjórnsýslukærur, ágalla á lögum o.s.fr.v. Áhrifamatið er í raun bara skoðun en ekki byggð á þekkingu eins og kröfur ættu að vera um. Það er nóg af háskólamenntuðu fólki í landinu og einfalt mál fyrir ráðuneyti og Alþingi að biðja háskóla um að skoða þessi mál betur.

Það sama á við um jafnréttismatið. Þar er hvergi vísað í greiningar, rannsóknir, stjórnsýslukærur, ágalla á lögum o.s.fr.v. Það er því líka bara skoðun en ekki staðreynd byggð á þekkingu.

Gögn liggja fyrir sem sýna svart á hvítu að það þurfi að breyta lögum og þróa ný þjónustuúrræði ef samningur SÞ um réttindi fatlaðra verða að lögum. Jafnvel lítur út fyrir að það þurfi aukið fjármagn.

Það er undarleg nálgun að setja það á herðar foreldra að höfða mál á hendur skólum, leikskólum, sveitarfélögum og ríki til að fá stuðning fyrir börn þegar foreldrar eiga að vera að nota tímann sinn og orku til að hugsa um börnin sín. Fyrstu ár einhverfra barna eru erfiðust og foreldrar eru í engri stöðu til að standa í málshöfðunum á þessum tíma.

Væri ekki ódýrast og best að ráðast í breytingar og veita börnum þessi sjálfsögðu réttindi strax?

Stjórnvöld eiga ekki að vera fyrirstaða, ef þau eru fyrirstaða þá er lágmarks kurteisi að hlusta og hjálpa en alls ekki setja meiri byrðar á foreldra.

Ég hvet þingmenn sem bera hag fatlaðs fólks fyrir brjósti að óska eftir ítarlegri greiningu á því hvaða lögum þarf að breyta, hvaða verklagi þarf að breyta, hvernig samræma þarf þjónustu sveitarfélaga og hvað raunveruleg innleiðing Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks muni kosta.

Virðingarfyllst,

Lúðvík Júlíusson, fjögurra barna faðir

Lúðvík Júlíusson
Hraunbær 58
110 Reykjavík

Alþingi – nefndasvið
b.t. Velferðarnefnd

Reykjavík 8. október 2025

Efni: Umsögn um mál 106. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Umsögn mín fjallar um börn, stöðu þeirra og réttindi.

Í umræðum á Alþingi var ekkert fjallað um fötluð börn, börn með þroskafrávik eða börn sem bíða eftir greiningu og/eða þjónustu.

Í almennri umræðu þá virðist fólk almennt álita að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks fjalli aðeins um fullorðið fólk. Það er algjör misskilningur. Börn eru líka fólk og ekkert er fjallað um þau í frumvarpinu.

Á síðustu mánuðum og vikum hafa fjölmargir aðilar, sérfræðingar og foreldrar lýst vandamálum sem tengjast börnum, réttindaleysi þeirra, úrræðaleysi og samráðsleysi.

Í frumvarpinu segir að aðeins sé verið að fullgilda mannréttindasamning sem þegar hefur verið fullgiltur og leiddur í ýmis lög. Miðað við öll þau börn sem bíða eftir og skortir stuðning, þjónustu og réttindi, þá er ljóst að stjórnvöld eiga langt i land með að koma lögum og stefnu i framkvæmd. Ekkert kostnaðarmat fylgir frumvarpinu og því ljóst að ekki sé gert ráð fyrir því að lögfesting Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks veiti fötluðum börnum og börnum í viðkvæmri stöðu skjól. Það er mikið áhyggjuefni og úr því þarf að bæta.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var fullgiltur árið 1992 og lögfestur 2013[1]. Lögin hafa samt ekki enn verið innleidd og líklega verða þau aldrei innleidd að fullu.

Í fréttatilkynningu frá Stjórnarráðinu frá árinu 2019 stendur:

„Þótt ríkisvaldið beri formlega ábyrgð á að uppfylla Barnasáttmálann verður sáttmálinn aldrei að fullu innleiddur inn í íslenskt samfélag, nema í samstarfi við íslensk sveitarfélög enda eru það sveitarfélögin sem annast stærstan hluta þeirrar þjónustu sem hefur bein áhrif á daglegt líf barna.“[2]

Á heimasíðunni Barnvæn sveitarfélög sem UNICEF heldur utan um stendur:

„Þótt ríkisvaldið beri formlega ábyrgð á að uppfylla Barnasáttmálann verður sáttmálinn aldrei að fullu innleiddur inn í íslenskt samfélag,“[3]

[1] https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/141/155/?ltg=141&mnr=155
[2] https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/11/18/Oll-sveitarfelog-a-Islandi-verdi-barnvaen-/
[3] https://barnvaensveitarfelog.is/barnvaen-sveitarfelog/hvad-eru-barnvaen-sveitarfelog/

Þann 5. mars sagði Kolbrún Áslaugar Baldursdóttir:

„Þótt ríkisvaldið beri formlega ábyrgð á að uppfylla barnasáttmálann verður sáttmálinn aldrei að fullu innleiddur í íslenskt samfélag nema í samstarfi við íslensk sveitarfélög.“[4]

og

„Aðeins Kópavogur og Akureyri, en kannski einhver fleiri sveitarfélög, hafa nú þegar innleitt barnasáttmálann.“[5]

Á heimasíðunni Barnvæn sveitarfélög stendur um „barnvæn sveitarfélög“:

„Ef sveitarfélag vill viðhalda viðurkenningunni þarf að halda innleiðingunni áfram, setja ný markmið og gera nýja aðgerðaáætlun. Það er nefnilega þannig að þó svo að sveitarfélagið hljóti viðurkenningu sem Barnvænt sveitarfélag, þýðir það ekki að innleiðingarvinnunni sé lokið.“[6]

Þar af leiðandi er ljóst að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna veitir ekki réttindi heldur eru þau viðmið. Sum börn njóta réttinda sem fást í öðrum lögum og þjónustu sem sveitarfélög veita umfram lagaskyldur. Önnur eru einfaldlega skilin eftir og fá ekki skjól og stuðning sem Barnasáttmálanum er ætlað að veita.

Ef það fylgir ekki skýr áætlun um hvernig innleiða eigi Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þá munu lögin vera marklaust plagg.

Börn í vanda

Umboðsmaður barna safnar reglulega upplýsingum um bið barna eftir þjónustu. Á meðan sumir biðlistar styttast þá eru aðrir mjög langar og lengjast.

Umboðsmaður barna, bið eftir þjónustu[7]

Geðheilsumiðstöð barna (áður Þroska- og hegðunarstöð)

GMB teymi - tölur frá 21.01.2025	Fjöldi barna	Meðalbiðtími í mánuðum	Börn sem hafa beðið í 3+ mánuði
Athugun vegna gruns um ADHD og athugun vegna gruns um ADHD og einhverfu	1244	Amk. 24 mánuðir	1070
Athugun vegna gruns um einhverfu	641	Amk. 34 mánuðir	599
Mat og ráðgjöf læknis	121	7 mánuðir	116
Ráðgjafar- og meðferðarteymi	43	Allt að 5 mánuðir	10
Fjölskylduteymi 0-5 ára	44	Allt að 4 mánuðir	13
Heildarfjöldi á biðlista	**2093**		**1808**

Fjöldi á biðlista hefur farið úr u.þ.b. 750 börnum í tæp 2.100 börn. Vandinn eykst.

[4] https://www.althingi.is/altext/raeda/156/rad20250305T152445.html
[5] https://www.althingi.is/altext/raeda/156/rad20250305T152445.html
[6] https://barnvaensveitarfelog.is/barnvaen-sveitarfelog/innleidingarferlid/
[7] https://www.barn.is/barnasattmalinn/bid-eftir-thjonustu/

Ráðgjafar- og greiningarstöð

	Fjöldi barna á bið eftir þverfaglegri greiningu	Meðalbiðtími (mánuðir)	Fjöldi barna á bið eftir fyrstu aðkomu ráðgjafa	Fjöldi barna sem hefur beðið lengur en 3 mánuði
Yngri barna-svið	401	22,8	3	358
Eldri barna-svið	243	24	10	222

Fjöldi barna sem bíður eftir þverfaglegri greiningu hefur aukist og fjöldi barna sem hefur beðið lengur en 3 mánuði eykst.

Talmeinafræðingar

Biðlistar eru ekki samræmdir en Sjúkratryggingar Íslands gerðu úttekt á stöðu barna á bið hjá talmeinafræðingum í desember 2021 að beiðni heilbrigðisráðuneytisins.

Desember 2021	Fjöldi barna	Fjöldi barna skráð á fleiri en einum stað
Börn í bið eftir þjónustu talmeinafræðinga	3701	947

Biðtími	Hlutfall
0-6 mánuðir	30%
7-12 mánuðir	29%
13-18 mánuðir	17%
19-24 mánuðir	12%
Lengur en 2 ár	11%

11% barna höfðu verið á biðlista lengur en 2 ár.

Börn í leik og grunnskólum

Á síðustu árum og mánuðum hefur vandi barna verið i fréttunum og umræðunni.

Fréttir

15.9.2024 Ellefu börnum synjað um skólavist í Klettaskóla vegna plássleysis[8]

„Stjórnendur Klettaskóla þurftu í haust að synja börnum um skólavist í fyrsta sinn vegna plássleysis. Formaður *foreldraráðs segir það óboðlegt. Mörgum foreldrum fatlaðra barna finnist börn þeirra mæta afgangi innan skólakerfisins.“*

[8] https://www.ruv.is/frettir/innlent/2024-09-15-ellefu-bornum-synjad-um-skolavist-i-klettaskola-vegna-plassleysis-421872

9.12.2021: Kennt í kústageymslu til að efla hana félagslega[9]

„Fyrsta lausn skólans á vanda stúlkunnar var þjóða henni upp á kennslu í gluggalausu rými inn af læstri kompu í skólanum,..“

21.10.2021: Ráðlagt að kæra innilokun barns í skóla[10]

„Fréttablaðið greindi máli frá máli barns í grunnskóla á höfuðborgar-svæðinu sem lokað var eitt inni í 25 mínútur. Áður hafði verið greint frá málinu í lokuðum hópi á Facebook. Barnið, sem er með sérþarfir og hefur glímt við sjálfsvígshugsanir, varð að sögn foreldranna sturlað af hræðslu.“

18.4.2024: Halda andlitinu í skólanum en hrynja niður heima[11]

„Okkur ber skylda til að vernda heilsu þeirra því þetta er beinlínis heilsuspillandi umhverfi og það er gríðarlega alvarlegt heilsufarsmál að vera komin í einhverfukulnun í grunnskóla, svo ekki sé nú minnst á hvernig foreldrarnir hafa það, líkt og í fréttinni ykkar í gær. Þetta heyrum við bara mjög oft. Foreldrarnir eru komnir að þrotum..“

Greinar:

7.4.2025: Efla á forvarnir og setja börn í öndvegi með 5,7 milljarða niðurskurði[12]

„Afleiðingarnar af ijársvelti geðheilbrigðiskerfisins blasa við. Viðvörunaijósin hafa blikkað í mörg ár. Skortur á fagmenntuðu starfsfólki, langir biðlistar, skortur á úrræðum, takmörkuð 1. stigs þjónusta (samfélagsgeðþjónusta) og einsleit 3. stigs þjónusta (spítali), skortur á þjónustu við börn, áhugaleysi fagmenntaðs fólks á að sérhæfa sig á sviðinu, mönnunarvandi, þjónustuskortur heilt yfir, ijöldi alvarlegra atvika, skortur á framþróun og aukin geðlyfjanotkun allra aldurshópa og þá sérstaklega meðal barna og ungs fólks.“

7.4.2025: Risastór niðurskurður ríkisstjórnarinnar er áfall fyrir foreldra og börn í landinu[13]

„Að fella niður tímabundnar ijárheimildir er línan sem er lögð. Hvað það þýðir er ekki sérstaklega útskýrt í áætluninni; en í raunveruleikanum þýðir það – að ijöldi mikilvægra verkefna verða lögð niður.“

4.4.2025: Þau eru fá en þörfin er stór[14]

„Það er ólíðandi að ijölskyldur standi einar í þessari baráttu. Þær eiga að geta treyst því að kerfið styðji þær og börnin þeirra – frá fyrstu heimsókn á fæðingardeild, í gegnum skurðaðgerðir, talþjálfun, tannréttingar og sálfélagslega þjónustu. Samfella í þjónustu er ekki lúxus – hún er mannréttindi.“

---

[9] https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/12/09/kennt_i_kustageymslu_til_ad_efla_hana_felagslega/
[10] https://www.mbl.is/frettir/innlent/2021/10/21/radlagt_ad_kaera_innilokun_barns_i_skola/
[11] https://www.visir.is/g/20242558812d/halda-and-litinu-i-skolanum-en-hrynja-nidur-heima
[12] https://www.visir.is/g/20252711541d/efla-a-forvarnir-og-setja-born-i-ondvegi-med-5-7-milljarda-nidurskurdi
[13] https://www.visir.is/g/20252711516d/risastor-nidurskurdur-rikistjornarinnar-er-afall-fyrir-foreldra-og-born-i-landinu
[14] https://www.visir.is/g/20252710321d/thau-eru-fa-en-thorfin-er-stor

2.4.2025: Skipta ekki öll börn jafn miklu máli? Greiðsla Reykjavíkurborgar fyrir nám barna utan sveitarfélags[15]

„Að hætta að greiða fyrir skólavist nemenda í Ásgarðsskóla myndi hafa alvarlegar afleiðingar fyrir börn með sérstakar stuðningsþarfir, ıjölskyldur þeirra og skólakerfið í heild sinni. Það myndi ganga gegn réttindum barna til viðeigandi menntunar, takmarka aðgengi að sérhæfðri þjónustu og valkosti fyrir foreldra, auk þess að leiða til aukins kostnaðar í almennu skólakerfi.“

19.3.2025: Ákvörðun stjórnvalda leiðir til þess að endurhæfing fyrir ungt fólk verður lögð af![16]

„Ýmislegt liggur að baki svo sem þroskaraskanir, geðrænar áskoranir, áföll og viðkvæm félagsleg staða. Mörg eru á einhverfurófi og hafa komið að lokuðum dyrum víðast hvar í kerfinu eftir að grunn- eða framhaldsskóla sleppir. Unga fólkið á oft langa sögu um félagslega einangrun og vanlíðan auk þess sem þátttaka í námi eða vinnu hefur verið takmörkuð. Óvissan um framtíðina veldur alvarlegu bakslagi í færni og líðan.“

19.3.2025: Köngulóarvefur kerfisins[17]

„Við fluttum frá Reykjavík til Hafnarfjarðar og síðan aftur til Reykjavíkur og við hvern flutning þurfti ég að sækja um þjónustu fyrir son minn sem hann á rétt á, t.d. stuðningsıjölskyldu og liðveislu. Á hverjum stað tók ferlið frá 7 upp í 11 mánuði að fá samþykkt, sem þýðir að hann hefur misst út nær þrjú ár af þeirri þjónustu sem hann átti rétt á. Þetta er ekki einungis tímafrekt, heldur það aftur af honum og er hamlandi fyrir líf hans og okkar ıjölskyldu.“

Snemmtæk íhlutun

Ef fötluð börn eiga að njóta tækifæra og réttinda til jafns við önnur börn þá er mikilvægt að allt kerfið sé skilvirkt, þjónusta sé veitt í tæka tíð og foreldrar geti stutt börn sín. Á heimasíðu Einhverfusamtakanna er eftirfarandi að finna um snemmtæka íhlutun:

„Snemmtæk íhlutun er það kallað þegar reynt er á markvissan hátt að hafa áhrif á þroskaframvindu barna með frávik í þroska eins snemma og unnt er á lífsleiðinni. Tímabilið frá fæðingu til 6 ára aldurs er það tímabil í lífi barna sem snemmtæk íhlutun er yfirleitt miðuð við. Aðaláherslan er lögð á að íhlutunin heıjist sem fyrst eftir að frávik í þroska greinist. Þegar um einhverfu er að ræða er algengt að þetta sé á leikskólaárum barnsins og hefst þjálfun þar.

Snemmtæk íhlutun beinist aðallega að vitsmunaþroska, hreyfiþroska, félagslegum stuðningi við ıjölskyldu og læknisfræðilegum þáttum.

Mikilvægt er að byrja snemmtæka íhlutun eins fljótt og auðið er.“[18]

[15] https://www.visir.is/g/20252709513d/skipta-ekki-oll-born-jafn-miklu-mali-greidslur-reykjavikurborgar-fyrir-nam-barna-utan-sveitarfelags

[16] https://www.visir.is/g/20252703334d/akvordun-stjornvalda-leidir-til-thess-ad-endurhaefing-fyrir-ungt-folk-verdur-logd-af-

[17] https://www.visir.is/g/20252702502d/konguloarvefur-kerfisins

[18] https://www.einhverfa.is/is/einhverfa/thjalfunarleidir-og-namskeid

Helstu áskoranir

Stjórnvöld eiga langt í land með að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinna eftir fullgiltum mannréttindasáttmálum. Meðal þess sem fréttir, sérfræðingar og foreldrar segja þá eru helstu áskoranirnar:

- Langir biðlistar
- Lítið sem ekkert samráð við hagaðila
- Lítið um samræmt verklag
- Flutningur á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga bjó til mörg þjónustusvæði sem leiðir til þess að sum börn lenda utan þess eða á gráu svæði og hreinlega missa réttindi. Nærumhverfið nær ekki utan um öll börn og ólík mál.
- Skortur á stefnumótun
- Engin heildarsýn yfir málefni fatlaðra barna
- Réttindi barna og foreldra eru óljós
- Lög eru óskýr og túlkuð með ólíkum hætti á milli sveitarfélaga
- Skortur á fjármagni

Lögfesting Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks lagfærir þetta ekki. Vandamálin verða enn til staðar og óleyst.

Það er ekki hægt að segja foreldrum fatlaðra barna að höfða mál, að fara í dómsmál við sveitarfélag, rífast við þjónustuveitanda vitandi það að það er alltaf möguleiki á að tapa. Þá yrði barnið algjörlega án réttinda. Það er ósanngjarnt og óviðeigandi að setja foreldra og börn í þessa stöðu og óvissu.

Þess vegna verður Alþingi að setja skýr lög og veita þessi réttindi með beinum hætti án þess að foreldrar þurfi að fórna heilsu sinni og mögulega þroska barna sinna líka til að fá þau. Dómsmál geta tekið mörg ár og það er tími sem foreldrar eiga að nota í að ala upp börnin í stað þess að standa í stappi við stjórnvöld.

Ákvæði í Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þarf þar af leiðandi að setja í sérlög með skýrum hætti til að tryggja réttindi barna. Lögfesting samningsins ein og sér dugar ekki.

Samantekt

Mörg börn bíða í kerfinu, fá ekki aðstoð og stuðning. Tækifæri þeirra og réttindi eru á meðan lakari en annarra barna. Til að koma þeim til aðstoðar þarf fjármagn, skipulagsbreytingar, lagabreytingar og hugarfarsbreytingar. Því fyrr sem brugðist er við, því betra. Vandinn er augljós.

Lögfesting Samning SÞ um réttindi fatlaðra veitir þessum börnum engin ný réttindi og enga nýja von. Því það er kerfið, stjórnvöld og sveitarfélög, sem eru ekki að sinna skyldum sínum.

Vinsamlega hafið i huga að lögfesting þessi er ekki lokaskrefið.

Ég hvet þingmenn sem bera hag fatlaðs fólks fyrir brjósti að óska eftir ítarlegri greiningu á því hvaða lögum þarf að breyta, hvaða verklagi þarf að breyta, hvernig samræma þarf þjónustu sveitarfélaga og hvað raunveruleg innleiðing Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks muni kosta.

Virðingarfyllst,

Lúðvík Júlíusson, fjögurra barna faðir

Mosfellsbær

Velferðarnefnd Alþingis
Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Mosfellsbæ, 17. nóvember 2025
Erindi nr. 202511176/10.6.0 ÓKJ

Efni: Upplýsingar um afgreiðslu bæjarráðs Mosfellsbæjar

Þann 10. nóvember sl. barst bæjarráði Mosfellsbæjar afrit af erindi frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) til Alþingis varðandi meðferð þingsins á frumvarpi um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í bréfinu skoruðu bæjarstjórar aðildarsveitarfélaga SSH á Alþingi til að sjá til þess að fram fari samtal á milli ríkis og sveitarfélaga um hvernig staðið verði að fjármögnun málaflokksins. Á 1688. fundi bæjarráðs Mosfellsbæjar þann 14. nóvember sl. var erindið tekið fyrir og afgreitt með eftirfarandi hætti:

> *Lagt fram og kynnt.*
>
> *Bæjarráð Mosfellsbæjar fagnar lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Um leið leggur bæjarráð áherslu á mikilvægi þess að samtal fari fram við sveitarfélög landsins um hvernig ákvæði samningsins verði að fullu uppfyllt og fjármögnuð í samræmi við nefndarálit meirihluta velferðarnefndar Alþingis sem samþykkt var 10. nóvember 2025.*

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

f.h bæjarráðs Mosfellsbæjar
Ómar Karl Jóhannesson, lögmaður
Skrifstofu bæjarlögmanns

PERSÓNU VERND

Alþingi
Velferðarnefnd

Reykjavík, 9. október 2025
Tilvísun: 2025092058/J.M.H.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Persónuvernd vísar til frumvarps til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) sem gekk til velferðarnefndar þann 22. september 2025 (þskj. 106, 106. mál á 157. löggjafarþingi). Um er að ræða aðra framlagningu frumvarpsins en það var fyrst lagt fram á 156. löggjafarþingi (þskj. 204, 187. mál á 156. löggjafarþingi)

Í ljósi þeirrar skyldu sem SRFF leggur á herðar stjórnvöldum til upplýsingaöflunar og miðlunar til nefndar á vegum alþjóðastofnunar vill Persónuvernd árétta fyrri umsögn sína um nauðsyn þess að taka tillit rétts einstaklinga til friðhelgi einkalífs til réttinda til einkalífs við framkvæmd samningsins.

Persónuvernd bendir á það grunnsjónarmið að vinnsla persónuupplýsinga fari ekki fram nema nauðsyn krefji og að stuðst sé við ópersónugreinanlegar upplýsingar þar sem mögulegt er. Persónuvernd leggur áherslu á að ekki séu samþykktar heimildir til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga nema nauðsyn krefji, að meðalhófs sé gætt og að hagsmunir af því að vinnsla fari fram verði vandlega metnir í aðdraganda setningar lagaheimildar fyrir henni.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,

Harpa Halldórsdóttir

Jóna Margrét Harðardóttir

Hjálagt:

Umsögn Persónuverndar dags. 7. apríl 2025

PERSÓNU VERND

Alþingi
Velferðarnefnd

Reykjavík, 7. apríl 2025
Tilvísun: 2025030997/J.M.H.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

1.

Persónuvernd vísar til frumvarps til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) sem gekk til velferðarnefndar þann 20. mars. 2025 (þskj. 204, 187. mál á 156. löggjafarþingi).

2.

SRFF leggur meðal annars skyldur á herðar stjórnvalda til að safna viðeigandi upplýsingum, þ. á m. tölfræðilegum gögnum, sbr. 31. gr. samningsins. Af sama meiði er ákvæði um skyldu stjórnvalda til að senda nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks skýrslu um framkvæmd samningsins og ráðstafanir sem gripið hefur verið til, sbr. 35. gr. samningsins. Þá mælir samningurinn fyrir um rétt fatlaðs fólks til virðingar fyrir einkalífi og til þess að njóta trúnaðar um upplýsingar um persónulega hagi, heilsufar og endurhæfingu til jafns við aðra, sbr. 22. gr. samningsins.

Með hliðsjón af framangreindu vill Persónuvernd árétta nauðsyn þess að taka tillit til réttinda einstaklings til einkalífs við framkvæmd samningsins. Persónuvernd bendir á það grunnsjónarmið að vinnsla persónuupplýsinga fari ekki fram nema nauðsyn krefji og að stuðst sé við ópersónugreinanlegar upplýsingar þar sem mögulegt er. Persónuvernd leggur áherslu á að ekki séu samþykktar heimildir til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga nema nauðsyn krefji, að meðalhófs sé gætt og að hagsmunir af því að vinnsla fari fram verði vandlega metnir í aðdraganda setningar lagaheimildar fyrir henni.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,

Þórður Sveinsson

Jóna Margrét Harðardóttir

Samband íslenskra sveitarfélaga

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. október 2025

2510010SA VRB/fs
Málalykill: 00.63

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks,106. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis, dags. 24. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Með frumvarpinu er lagt til að samningurinn verði lögfestur hér á landi.

Afstaða Sambandsins

Samningur SÞ um réttindi fatlaðs fólks var fullgiltur hér á landi árið 2016. Í framhaldinu voru ýmis ákvæði samningsins lögfest í íslenskan rétt og má þar helst nefna lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Þrátt fyrir að ýmis ákvæði samningsins hafa nú þegar verið innleidd hér á landi er ljóst að lögfesting samningsins í heild mun hafa áhrif enda verður dómstólum gert kleift að byggja niðurstöður sínar á ákvæðum samningsins í stað þess að horfa eingöngu til hans við túlkun á öðrum lögum. Mikilvægt er að löggjafinn rýni þau ákvæði samningsins sem ekki hafa verið lögfest og meti áhrif þeirra á núgildandi réttarumhverfi.

Málaflokkur fatlaðs fólks hefur verið undirfjármagnaður frá því að hann var færður yfir til sveitarfélaganna og þó að ýmsum áföngum hafi verið náð þá er enn langt í land til að málaflokkurinn teljist fullfjármagnaður. Afleiðingar hafa m.a. verið biðlistar eftir ýmissi þjónustu á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Áður en ríkið samþykkir nýja löggjöf og auknar kröfur hvað varðar þjónustu við fatlað fólk verður fyrst að tryggja að sveitarfélög hafi fjárhagslega burði til að sinna þeirri þjónustu sem gerð er krafa um samkvæmt núgildandi löggjöf.

Það skýtur skökku við að í greinargerð með frumvarpinu er annars vegar kveðið á um að lögfestingin auki réttaráhrif samningsins og styrkji mannréttindi fatlaðs fólks á Íslandi en hins vegar að lögfestingin hafi engin áhrif á fjárhag sveitarfélaga sem ber ábyrgð á þjónustu við fatlað fólk. Þar kemur auk þess fram að engin leið sé að segja til um hver áhrif lögfestingarinnar verði á dómaframkvæmd en fari svo að réttarþróun í þjónustu við fatlað fólk á grundvelli dóma sem rekja má til lögfestingar samningsins muni leggja verulega auknar skyldur á sveitarfélög, verði unnt að framkvæma kostnaðar- og ábatamat á þeim áhrifum samhliða gerð næstu landsáætlunar í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2028-2030. Af hálfu Sambandsins er ótækt að löggjafinn láti hjá líða að taka afstöðu til þess hver sú réttindaaukning sem minnst er á frumvarpsdrögunum skuli vera eftir lögfestingu samningsins. Sveitarfélögin sem sinna þjónustu við þennan málflokk gera kröfu um

fyrirsjáanleika og fjármagn frá ríkinu til að sinna málaflokknum í samræmi við lög og reglur.

Ekki verður séð að lögfesting samningsins muni ein og sér gefa tilefni fyrir dómstóla til að víkja til hliðar rétti sveitarfélaga til að ákveða forgangsröðun lögbundinna verkefna. Þannig verður sveitarstjórnum áfram heimilt að forgangsraða verkefnum að því gefnu að málefnaleg rök standi til þess. Hins vegar er ljóst að lögfestingin mun gera það að verkum að réttindi sem leiða af samningnum verða ríkari en verið hefur. Þrátt fyrir fullyrðingar í greinargerð frumvarpsins um að lögfestingin hafi ekki í för með sér ný efnisréttindi eða aukinn kostnað fyrir sveitarfélög, er ljóst að aukin réttaráhrif samningsins geta leitt til aukinnar kröfu um þjónustu og úrbætur. Þetta getur haft umtalsverð fjárhagsleg áhrif á sveitarfélög, sem bera aðallega ábyrgð á framkvæmd þjónustu við fatlað fólk

Sambandið hefur ítrekað bent á að ráðuneytið þurfi að leggja fjárhagslegt mat á áhrif lögfestingar samningsins á sveitarfélög áður en endanlegt frumvarp er lagt fyrir Alþingi, í samræmi við 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Þrátt fyrir að erfitt sé að meta bein áhrif á dómaframkvæmd þá er það á ábyrgð ríkisins að skilgreina markmið nýrrar lagasetningar og þ.m.t. áhrif hennar á núgildandi rétt og í framhaldinu meta möguleg áhrif með skýrum og ígrunduðum hætti.

Ljóst er að aukin réttaráhrif samningsins geta leitt til aukinnar kröfu um þjónustu og úrbætur og því mikilvægt að formlegt kostnaðarmat sé framkvæmt á þeim óvissuþáttum sem uppi eru, áður en samningurinn verður lögfestur.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Valgerður Rún Ben.

Valgerður Rún Benediktsdóttir
yfirlögfræðingur

Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Smiðju
Tjarnargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 7. október 2025

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þskj. 106 í 106. máli

Samtök atvinnulífsins (samtökin) hafa tekið til umsagnar ofangreint frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Með frumvarpinu er lagt til að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks verði lögfestur í heild sinni. Samningurinn var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 2006 og undirritaði Ísland samninginn árið á eftir. Samningurinn var síðan fullgiltur hér á landi árið 2016. Samningurinn kveður á um að til staðar þurfi að vera sjálfstæð innlend mannréttindastofnun sem hefur eftirlit með samningnum og hefur tilvist slíkrar stofnunar því verið talin forsenda þess að hægt sé að lögfesta samninginn í heild sinni. Í kjölfar þess að lög um Mannréttindastofnun Íslands, nr. 88/2024 voru samþykkt á Alþingi í júní 2024 hófst vinna við gerð fyrirliggjandi frumvarps. Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að öll Norðurlöndin hafi rétt eins og Ísland fullgilt samninginn, en hann hefur hins vegar ekki verið lögfestur í heild sinni annars staðar á Norðurlöndunum. Frumvarpið var lagt fram á 156. löggjafarþingi og náði ekki fram að ganga. Málið er nú endurflutt óbreytt og vilja samtökin því ítreka fyrri athugasemdir sínar:

Í 27. gr. samningsins er fjallað um vinnu og störf. Fjallar ákvæðið þannig um rétt fatlaðs fólks til vinnu, en í því felst réttur til að fá tækifæri til að afla sér lífsviðurværis með vinnu að eigin vali eða samþykki á vinnumarkaði og í vinnuumhverfi sem fötluðu fólki stendur opið, er án aðgreiningar og er því aðgengilegt. Samtökin árétta að þátttaka fatlaðs fólks á vinnumarkaði er mikilvægt jafnréttismál. Mikilvægt er að leita leiða til að tryggja aðgengi fatlaðra að fjölbreyttum störfum á almennum vinnumarkaði án aðgreiningar.

Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að lögfesting samningsins sem slík kalli ekki á auknar aðgerðir, svo sem þróun þjónustuúrræða eða aukna fræðslu. Þá segir í greinargerðinni: *„Hins vegar er kveðið á um þróun þjónustu, aukið aðgengi að menntun og atvinnu, auknar leiðir til sjálfstæðs lífs og annað sem ákvæði samningsins fela í sér í landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027“*. Samtökin árétta nauðsyn þess að viðhaft sé virkt samráð við samtökin hvað þetta varðar, þ.e. aukið aðgengi að atvinnu, og eftir atvikum aðra þætti landsáætlunarinnar sem snert geta atvinnulífið.

Samtökin telja það miður að ekki hafi farið fram mat á áhrifum frumvarpsins á atvinnulífið, sér í lagi í ljósi þess að það hefur að geyma ákvæði sem er til þess fallið að hafa bein áhrif á atvinnulífið. Samtökin telja eðlilegt að við gerð frumvarpsins hafi verið ráðist í mat á áhrifum lögfestingar samningsins, sér í lagi 27. gr. hans, á fyrirtæki á almennum vinnumarkaði. Slíkt

mat hefði tryggt möguleika og svigrúm atvinnulífsins til að undirbúa lögfestinguna og eftir atvikum gera nauðsynlegar ráðstafanir. Samtökin hvetja eindregið til þess að bætt verði úr þessum annmarka og kafli í greinargerð með frumvarpinu er snýr að mati á áhrifum verði uppfærður í samræmi við niðurstöður matsins.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Lilja Hrund Lúðvíksdóttir

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd

Kópavogur, 8. október 2025.
Málsnr. 1910005/PBG/HH

Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 106. mál.

Ofangreint frumvarp var áður lagt fram sem 187. mál á 156. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Samkvæmt því sem fram kemur í upphafsorðum í greinargerð með frumvarpinu er það nú endurflutt óbreytt. Í ljósi þess vilja SSH ítreka umsögn sína vegna 187. máls á 156. löggjafarþingi sem send var nefndinni hinn 14. apríl sl.

Er þó rétt að árétta sérstaklega að aðildarsveitarfélög SSH hafa mikinn metnað til að sinna þjónustu við fatlað fólk með vönduðum hætti. Hins vegar verður að tryggja að fjármagn frá ríkinu til málaflokksins sé til samræmis við þjónustuna og þær kröfur sem gerðar eru.

Hluti af greiningu HLH, sem send er sem fylgiskjal með umsögninni var vegna barna með fjölþættan vanda. Í mars 2025 var undirritað samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga þar sem kveðið var á um að ríkið tæki yfir ábyrgð á framkvæmd og fjármögnun þjónustu við börn með fjölþættan vanda. Er því fagnað.

Eftirfarandi er umsögn SSH við 187. mál á 156. löggjafarþingi:

Efni: Umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, 187. mál.

Með ofangreindu lagafrumvarpi er lagt til að samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks öðlist lagagildi hér á landi. Í umfjöllun um mat á áhrifum frumvarpsins í greinargerð kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á fjárhag ríkissjóðs. Segir þá einnig að ekki sé gert ráð fyrir að frumvarpið hafi áhrif á fjárhag sveitarfélaga, umfram það sem nú þegar leiðir af skyldum sveitarfélaga til að tryggja réttindi fatlaðs fólks, þar sem lögfesting samningsins feli ekki í sér ný efnisréttindi heldur að hann verði fullgild réttarheimild. Segir jafnframt að ómögulegt sé að segja til um hver áhrif lögfestingar geti orðið á dómaframkvæmd. Verður ekki séð að sérstakt kostnaðarmat, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 hafi farið fram. Er hér rétt að minna á að ákall hefur verið um bætt kostnaðarmat einstakra verkefna sem sveitarfélögum er falið að sinna, og vísast um það m.a. til frumvarps til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, 272. mál, sem nú er til meðferðar Alþingis en þar eru lagðar til enn ríkari kröfur en áður til ríkisins um að kostnaðarmat fari fram.

Þrátt fyrir framangreinda umfjöllun um að ekki sé gert ráð fyrir kostnaðarauka segir beinlínis í athugasemdum um meginefni frumvarpsins í greinargerð að markmið lögfestingarinnar sé að auka réttaráhrif samningsins hér á landi. Má því ætla að gert sé ráð fyrir að fatlaðir einstaklingar geti byggt ríkari rétt á ákvæðum samningsins eftir að hann hefur verið löggiltur, heldur en áður var hægt að halda frammi á grundvelli fullgildingar hans. Tvíeðliskenningin, sem er í gildi hér á landi, miðar enda við það að svo að alþjóðasamningar hafi bein réttaráhrif þurfi að lögfesta þá. Frá því að samningur Sameinuðu þjóðanna var fullgiltur hér á landi hefur verið unnið að því að laga innlenda löggjöf að efni hans og lagasetningar og lagabreytingar átt sér stað í því skyni. Jafnvel þó svo sé hefur ekki verið framkvæmd heildstæð greining á því, samhliða frumvarpsgerðinni, að hvaða leyti samningurinn kann við lögfestingu hans að veita ríkari rétt en nú er kveðið á um í landslögum. Í umfjöllun um tilefni og nauðsyn lagasetningar í greinargerð með frumvarpinu segir þá að með henni verði tryggt að hægt sé að beita samningnum sem fullgildri réttarheimild fyrir dómstólum, en þeir hafi í einhverjum tilvikum tekið mið af því í úrlausnum sínum hingað til að samningurinn hafi ekki verið lögfestur. **Af framangreindu má einmitt ráða að frumvarpshöfundar telji**

Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

að lögfesting samningsins geti leitt til breytinga á úrlausnum dómstóla, ríkari réttar til þjónustu og þar með aukins kostnaðar. Þrátt fyrir það verður, eins og áður segir, ekki séð að sérstakt kostnaðarmat hafi verið framkvæmt. Þá kemur eins og áður segir fram í greinargerð með frumvarpinu að ekki sé gert ráð fyrir kostnaðarauka ríkissjóðs vegna lögfestingarinnar.

Áætlaður árlegur viðbótarkostnaður 14-19 milljarðar króna

Í þessu samhengi er rétt að benda á að sveitarfélögin greiða nú þegar milljarða króna árlega til málaflokksins umfram tekjustofna og framlög frá ríkissjóði en sem dæmi má nefna að á árinu 2023 var mismunur á útgjöldum og mörkuðum tekjum 13,8 milljarðar króna og 12,3 milljarðar króna á árinu 2024. Liggja einnig fyrir greiningar SSH sem sýna fram á að uppsafnaður halli sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu vegna málaflokksins hafi numið um 42 milljörðum króna vegna áranna 2018 til 2022. Á grundvelli þessa hefur verið ákall um að rekstur málaflokksins verði leiðréttur. Rétt er að vísa til þess að SSH hafa ítrekað, m.a. í umsögnum sínum um frumvörp til fjárlaga og fjáraukalaga undangengin ár, bent á mikilvægi þess að brúa þetta bil enda hafi sveitarfélögin réttmætar væntingar til þess að tekjur vegna málaflokksins standi undir útgjaldahlið hans.

SSH fengu HLH ráðgjöf til þess að meta fjárhagsleg áhrif löggildingar samningsins í tengslum við fund með þingmönnum höfuðborgarsvæðisins sem fram fór í mars sl. Samkvæmt þeirri greiningu hefur kostnaður vegna málaflokks þjónustu við fatlað fólk aukist jafnt og þétt frá því yfirfærsla hans til sveitarfélaga átti sér stað á árinu 2011. Þá gætir óvissu um þróun á fjölda einstaklinga sem eiga rétt á þjónustu frá sveitarfélögunum. Breytingar á fjármögnun hafa þá ekki tekið mið af breytingum á löggjöf, meðal annars vegna fullgildingar samningsins, sem leiðir af sér aukinn rekstrarhalla á málaflokknum. Má hér nefna að að áætlaður kostnaður við sértæka búsetuþjónustu, en rúmlega 400 manns hafa sótt um slíka þjónustu, er um 12,1 milljarður kr. á ári. **Samkvæmt fyrrgreindri greiningu er áætlað að árlegur viðbótarkostnaður geti orðið um 14,1–18,6 milljarðar kr.** Auk þess var hallarekstur í málaflokknum árið 2024 sem nam 12,3 milljörðum kr. Þannig að fjárvöntun samtals til þess að uppfylla skyldur laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir er 26,4 til 30,9 milljarðar kr. miðað við framanritað. Greina má neikvæð áhrif þessa á veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum sveitarfélaga frá árinu 2018, sjá meðfylgjandi mynd. Rétt er að fram komi að við setningu laga nr. 38/2018 var ekki framkvæmt kostnaðarmat á áhrifum laganna á fjárhag sveitarfélaga en hann hefur verið umtalsverður sbr. framangreinda umfjöllun.

SSH telja samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á hve umfangsmikil fjárhagsleg áhrif lögfestingar samningsins kunni að verða en að telja megi að þau verði töluverð, sbr. umfjöllun hér að framan, og stefni jafnvel fjárhag sveitarfélaga í verulega hættu. Er því enn mikilvægara en áður að ávarpa þann halla sem er á rekstri málaflokksins. Telja SSH því brýnt að frekari greining fari fram á þeim þáttum og að áður en til lögfestingar samningsins komi verði full fjármögnun málaflokksins tryggð til framtíðar. Eru í þessu samhengi gerðar verulegar athugasemdir við að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lögfesting samningsins taki þegar gildi þegar ljóst má telja að frekari kostnaðargreining, svo og fjármögnun þarf að koma til.

Í ljósi þess sem að framan segir er mikilvægt að fram fari samtal á milli ríkis og sveitarfélaga um hvernig verði staðið að fjármögnun málaflokkisns áður en til lögfestingar samningsins kemur.

Til frekari skýringa er meðfylgjandi greining HLH ráðgjafar.

SSH lýsa sig þá að sjálfsögðu reiðubúin til að mæta fyrir nefndina og gera nánari grein fyrir umsögn sinni.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Mat á áhrifum samnings SÞ um réttindi fatlaðs fólks á fjárhag sveitarfélaga

Unnið fyrir Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

HLH ráðgjöf - Arnar Haraldsson (arnar@hlh.is)

7. Mars 2025

HLH ráðgjöf

Nokkur verkefni sem HLH ráðgjöf hefur unnið í tengslum við málaflokk fatlaðs fólks:

- Rekstrarúttektir á sveitarfélögum þ.m.t. á skipulagi þjónustu við fatlað fólk.
- Tekið þátt og leitt vinnu á vegum félagsmálaráðuneytis um fjármögnun og kortlagningu á kostnaði þjónustu við fatlað fólk.
  - Skýrsla starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018
  - Skýrsla starfshóps um greiningu á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk (Viðauki I)
  - Áfangaskýrsla I: Kostnaðar- og ábyrgðarskipting ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk
  - Áfangaskýrsla II: Kostnaðar- og ábyrgðarskipting ríkis og sveitarfélaga í þjónustu við fatlað fólk
- Tekið þátt og leitt vinnu á vegum mennta- og barnamálaráðherra um kortlagningu á skipulagi og kostnaði vegna þjónustu við börn með fjölþættan vanda.
  - Skýrsla stýrihóps um fyrirkomulag þjónustu við börn með fjölþættan vanda.

Stefnumótun í málaflokki fatlaðs fólks



Staðan í dag og horfur til framtíðar



Reglugerð sem tók gildi á árinu:
- *um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu, nr. 1054/2010*

Reglugerð sem tók gildi á árinu:
- *um sérfræðingateymi um aðgerðir til að draga úr beitingu nauðungar í þjónustu við fatlað fólk nr. 970/2012*
- *um undanþágu um bann við beitingu nauðungar gagnvart fötluðum einstaklingi, nr. 971/2012*
- *Um persónulega talsmenn fatlaðs fólks, nr. 972/2012*
- *Um réttindagæslumenn fatlaðs fólks, nr. 973/2012*

Reglugerð sem tók gildi á árinu:
- *Um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk, nr. 370/2016*

Íslensk stjórnvöld fullgilda samning SÞ um réttindi fatlaðs fólks

Reglugerð sem tók gildi á árinu:
- *um NPA, nr. 1250/2018*
- *Um búsetu fyrir börn með miklar þroska- og geðraskanir, nr. 1038/2018*
- *Um eftirlit og eftirfylgni vegna þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 1036/2018*
- *Um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu, nr. 1035/2018*
- *Um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvölum, nr. 1037/2018*

Félags- og barnamálaráðherra skipar starfshópa:
- *Um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018*
- *Um greiningu á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk árin 2018-2020*

Félags- og vinnumarkaðsráðherra skipar starfshóp:
- *Um mótun tillagna um kostnaðarskiptingu ríkis og svf. vegna þjónustu við fatlað fólk*

Heimild: *Samkomulög ríkis og sveitarfélaga (2010, 2015/2016, 2022 og 2023), Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, Alþingi, Island.is, Samband íslenskra sveitarfélaga, Stjórnarráð Íslands, Skýrsla starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 og Endurmat á yfirfærslu málefna fatlaðs fólks, greinagerð með fjárlögum 2025, áfangaskýrsla I og II.*

Frumvarp til laga um samning SÞ um réttindi fatlaðs fólks

1.gr. *Markmið*

- Markmiðið með samningi þessum er að efla, verja og tryggja að allt fatlað fólk njóti til fulls og til jafns við aðra allra mannréttinda og grundvallarfrelsis og að efla virðingu fyrir eðlislægri reisn þess.
- Til fatlaðs fólks teljast m.a. þau sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra.

19. gr. *Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu.*

- Aðildarríki samnings þessa viðurkenna jafnan rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og eiga valkosti til jafns við aðra og skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk megi að fullu njóta þessa réttar og fullrar aðildar og þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar, meðal annars með því að tryggja:
  a) að fatlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra, og að því sé ekki gert að eiga heima í tilteknu búsetuformi
  b) að fatlað fólk hafi aðgang að ýmiss konar þjónustu, svo sem heimaþjónustu, búsetuþjónustu og annarri samfélagslegri stuðningsþjónustu, þar á meðal persónulegri aðstoð, sem nauðsynleg er til stuðnings lífi án aðgreiningar í samfélaginu og til að koma í veg fyrir einangrun og aðgreiningu frá samfélaginu.
  c) að samfélagsþjónusta og aðstaða fyrir almenning standi fötluðu fólki til boða til jafns við aðra og mæti þörfum þess.



Frumvarp til laga um samning SÞ um réttindi fatlaðs fólks

Samningur SÞ um réttindi fatlaðs fólks

1.gr. *Markmið*.

- Markmiðið með samningi þessum er að efla, verja og tryggja að allt fatlað fólk njóti til fulls og til jafns við aðra allra mannréttinda og grundvallarfrelsis og að efla virðingu fyrir eðlislægri reisn þess.
- Til fatlaðs fólks teljast m.a. þau sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra.

19. gr. *Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu*.

- Aðildarríki samnings þessa viðurkenna jafnan rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og eiga valkosti til jafns við aðra og skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk megi að fullu njóta þessa réttar og fullrar aðildar og þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar, meðal annars með því að tryggja:
  a) að fatlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra, og að því sé ekki gert að eiga heima í tilteknu búsetuformi
  b) að fatlað fólk hafi aðgang að ýmiss konar þjónustu, svo sem heimaþjónustu, búsetuþjónustu og annarri samfélagslegri stuðningsþjónustu, þar á meðal persónulegri aðstoð, sem nauðsynleg er til stuðnings lífi án aðgreiningar í samfélaginu og til að koma í veg fyrir einangrun og aðgreiningu frá samfélaginu.
  c) að samfélagsþjónusta og aðstaða fyrir almenning standi fötluðu fólki til boða til jafns við aðra og mæti þörfum þess.

Lög nr. 38/2018

1. gr. Markmið 2. gr. Skilgreiningar.

- ***Fötlun:*** *Afleiðing skerðinga og hindrana af ýmsum toga sem verða til í samspili fólks með skerðingar og umhverfis og viðhorfa sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra. Skerðingar hlutaðeigandi einstaklings eru langvarandi og hindranirnar til þess fallnar að viðkomandi verði mismunað vegna líkamlegrar, geðrænnar eða vitsmunalegrar skerðingar eða skertrar skynjunar.*

III. kafli. Þjónusta.

- *8. gr. Stoðþjónusta*
- *9. gr. Búseta*
- *10. gr. Notendasamningar*
- *11. gr. NPA*

Hvað skýrir þessa kostnaðaraukningu?



- Þróun á fjölda einstaklinga í þjónustu.
- Sértæk búsetuþjónusta
  - 452 einstaklingar hafa óskað eftir að komast í sértækt húsnæði með þjónustu á grundvelli laga nr. 38/2018
- NPA samningar
  - Áform um 172 NPA samninga
  - 123 samningar í gildi – hvað svo?
- Fjölþættur vandi
  - Börn og fullorðnir með þroska- og geðraskanir (öryggisþjónusta) og ungt fólk með samsetta þarfir fyrir hjúkrunar- og félagsþjónustu

Kostnaður þjónustu

Skilgreining á fötlun

- Til fatlaðs fólks teljast m.a. þau sem eru með langvarandi líkamlega, andlega eða vitsmunalega skerðingu eða skerta skynjun og sem verða fyrir ýmiss konar hindrunum sem geta komið í veg fyrir fulla og árangursríka samfélagsþátttöku til jafns við aðra.
- sem viðurkenna að hugtakið fötlun er í þróun og að fötlun er afsprengi samspils milli fólks með skerðingar annars vegar og umhverfis og viðhorfa hins vegar sem hindra fulla og árangursríka samfélagsþátttöku þess til jafns við aðra,

JS greiddi framlög vegna um 1600 einstaklinga 2024

Mat á stuðningsþörfum (SIS mat) er það kerfi sem stuðst er við hér á landi til að gæta samræmingar á mati á stuðningsþörfum

Fjármögnun þjónustunnar er bundin við fast hlutfall af útsvarsstofni og skatttekjum ríkissjóðs

Hópar sem óska eftir þjónustu sem ekki var upphaflega gert ráð fyrir í fjármögnun þjónustunnar.

Óvissa fólgin í þróun á fjölda einstaklinga sem eiga rétt að þjónustu

Kostnaður þjónustu (frh.)

Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu.

- að fatlað fólk hafi aðgang að ýmiss konar þjónustu, svo sem heimaþjónustu, búsetuþjónustu og annarri samfélagslegri stuðningsþjónustu, þar á meðal persónulegri aðstoð, sem nauðsynleg er til stuðnings lífi án aðgreiningar í samfélaginu og til að koma í veg fyrir einangrun og aðgreiningu frá samfélaginu.

452 einstaklingur sem óska eftir að lifa sjálfstæðu lífi með stuðningi

Engin takmörk í lögum um fjölda NPA samninga, en fjármögnun ríkis gerir ráð fyrir 25% framlagi vegna 172 samninga með meðalsamningsupphæð 46 m. kr.

Áætlaður **árlegur rekstrarkostnaður fyrir slíka þjónustu er 11,8 ma. kr.** miðað við verðlag 2025

123 samningar í gildi 2024 -> **49 nýir samningar 2,3 ma. kr.**

Áætlaður árlegur viðbótarkostnaður vegna laganna getur orðið allt að 14,1 ma. kr.

Heimild: *https://www.stjornarradid.is/library/02-Rit--skyrslur-og-skrar/Kostnadar_og_abyrgdarskipting_rikis_og_sveitarfelaga_i_malefnum_fatlads_folks_afangaskyrsla_II.pdf*

Kostnaður þjónustu (frh.)

Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu.

- að fatlað fólk hafi aðgang að ýmiss konar þjónustu, svo sem heimaþjónustu, búsetuþjónustu og annarri samfélagslegri stuðningsþjónustu, þar á meðal persónulegri aðstoð, sem nauðsynleg er til stuðnings lífi án aðgreiningar í samfélaginu og til að koma í veg fyrir einangrun og aðgreiningu frá samfélaginu.

Það eru um 60 einstaklingar með flóknar stuðningsþarfir

Það eru um 40 börn með fjölþættan vanda

Heildarkostnaður þjónustu við þennan hóp eru um 4 ma. kr. Viðbótarkostnaður – 2,3 nettó kostnað

Heildarkostnaður þjónustu við þennan hóp er um 3,2 ma. kr. Viðbótarkostnaður – 2,2 nettó kostnaður

Áætlaður umframkostnaður vegna laganna er um 4,5 ma. kr.

Fjárhagsstaða sveitarfélaga



- Fram kemur í ársreikningum svf., fyrir árið 2023, voru útgjöld v. þjónustu við fatlað fólk 51,2 ma. kr.
- Markaðar tekjur á sama ári vegna þjónustunnar voru 37,4 ma. kr.
- Mismunur á útgjöldum og markaðra tekna 2023 voru 13,8 ma. kr.
- Samkomulag frá des 2023:
  - *Fjölgun notenda þjónustu frá 2011-2021.*
  - *Breyting á þjónustu á heimilum vegna aukinnar áherslu á sjálfstæða búsetu á árunum 2011-2021.*
  - *Lögfesting 15. klst. almennrar félagsþjónustu við fatlað fólk.*
  - *Aukins kostnaðar vegna NPA samninga sem þá voru í gildi.*

2024 – Útkomuspá HLH ráðgjafar

Heimild: Ársreikningar svf.

Fjárhagsstaða sveitarfélaga (frh.)





Heimild: Ársreikningar svf.

Fjárhagsstaða sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu





- Að jafnaði voru 70% útgjalda vegna þjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu
- Markaðar tekjur voru á sama tímabili 60% á höfuðborgarsvæðinu

Heimild: Ársreikningar svf.

Niðurstaða

- Lögfesting samning SÞ um réttindi fatlaðs fólks styrkir rétt fatlaðs fólks.
- Óvissa gætir um þróun á fjölda einstaklinga sem eiga rétt á þjónustu frá sveitarfélögum til framtíðar.
- Skyldur og kröfur svf. um uppbygging þjónustu hafa tekið mið af SRFF.
- Fjármögnun þjónustunnar hefur ekki tekið mið af þeim skyldum sem birtist í muni á mörkuðum tekjum og rekstrargjöldum
- Lögfestingin kallar á aukna fjármuni frá hinu opinbera til þess að mæta markmiðsákvæðum laganna.
- Biðlisti eftir sértækri búsetuþjónustu
  - Rúmlega 400 einstaklingar hafa sótt um slíka þjónustu.
  - ***Áætlaður kostnaður er um 11,8 ma. kr. á ári.***
- NPA
  - ***Áætlaður viðbótar kostnaður er um 2,3 ma. kr. á ári.***
- Fjölþættur vandi
  - Þjónusta við börn og fullorðna með fjölþættan vanda kallar á mannaflsþunga þjónustu.
  - ***Áætlaður kostnaður er um 4,5 ma. kr. á ári.***

Áætlaður viðbótarkostnaður vegna laganna getur orðið allt að 14,1-18,6 ma. kr. á ári

Eilífðarvél í stöðugri þróun



HLH
RÁÐGJÖF

Umsögn Tabú, femínískrar fötlunarhreyfingar, um frumvarp um lögfestingu samnings SÞ um réttindi fatlaðs fólks 157. löggjafarþing 2025–2026.

Tabú, femínísk fötlunarhreyfing, fagnar því að lögfesta eigi samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Er það löngu tímabært skref og mjög nauðsynlegt. Það er íslenskum stjórnvöldum, sem telja sig kyndilbera jafnréttis og talsmenn mannréttinda, til smækkunar hve miklar tafir hafa verið á lögfestingunni.

Tabú undirstrikar að nauðsynlegt er einnig að fullgilda valfrjálsa bókun samnings SÞ um réttindi fatlaðs fólk svo fatlað fólk og samtök þess hafi raunveruleg tækifæri til að beina kvörtunum vegna brota á samningnum um réttindi fatlaðs fólks til nefndar Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Að fullgilda ekki viðaukann samhliða því að lögfesta samninginn er mótsögn og ber merki um kjarkleysi stjórnvalda að okkar mati.

Við leggjum þunga áherslu á að við lögfestingu, innleiðingu og eftirlit sé farið eftir samningnum sjálfum er kemur að samráði og að fatlað fólk sé leiðandi í þeirri vinnu en ekki eingöngu ófatlaðir fulltrúar hagsmunasamtaka. Ríkja þarf skilningur á því að gera þarf fötluðu fólki og samtökum þess kleift að vera bæði í raunverulegu samráði og það að fatlað fólk sé ráðið til starfa á þeim vettvangi sem þessi vinna fer fram.

Mikilvægt er að tryggja fötluðu fólki stuðning til þess að njóta réttinda sinna, m.a. með öflugri réttindagæslu fatlaðs fólks þar sem hægt er að fá stuðning og aðstoð vegna

einstakra mála. Í íslensku samfélagi er ítrekað brotið á réttindum fatlaðs fólks, og því miður hafa uppruni, stéttarstaða, tegund fötlunar og aðrar breytur of oft áhrif á hvernig fólki gengur að fá aðgengi að þeim réttindum og þjónustu sem þau eiga að njóta. Samningurinn kveður einnig á um að slíkur stuðningur sé nauðsynlegur, m.a. í dómskerfinu. Stjórnvöldum á að vera ljóst að mikið vantar upp á framkvæmd mannréttinda fatlaðs fólks sbr. skuggaskýrslur, m.a. hagsmunasamtaka fatlaðs fólks og rannsóknarseturs í fötlunarfræði fyrir Sameinuðu þjóðirnar um stöðu mála á Íslandi 2025. Viðhorfsbreytinga er þörf í samfélaginu í ljósi þess bakslags sem hefur orðið almennt í mannréttindabaráttu á Íslandi sem og á heimsvísu. Víkja þarf frá ableískum hugmyndum um fatlað fólk sem óæðra ófötluðu fólki og hafna yfirlæti hins ófatlaða meirihluta. Einnig þarf að vera skilningur á að mannréttindi fatlaðs fólks eru samofin mannréttindum allra og haldast í hendur við vernd mannréttinda kvenna, hinsegin fólks, einstaklinga í leit að alþjóðlegri vernd og annarra jaðarsettra hópa. Engin er frjáls fyrr en við erum öll frjáls.

Fyrir hönd Tabú,

Anna Sigrún Ingimarsdóttir

Freyja Haraldsdóttir

Inga Björk M. Bjarnadóttir

María Jónsdóttir

María Rut Hinriksdóttir

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd

8. október 2025

Umsögn ÖBÍ réttindasamtaka um frumvarp til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. 106. mál – 157. löggjafarþing 2025-2026.

ÖBÍ réttindasamtök (ÖBÍ) fagna tillögu frumvarpsins um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF). Í mörg ár hefur ÖBÍ beitt sér fyrir því að samningurinn verði lögfestur. Lögfesting samningsins er mjög mikilvægt skref í þá átt að tryggja fötluðu fólki mannréttindi til jafns við aðra.

ÖBÍ vill koma því á framfæri að nokkurs misskilnings virðist hafa gætt um eðli samningsins á Alþingi á síðasta löggjafarþingi. Umræðan á þinginu virtist að miklu leiti byggja á því að um væri að ræða löggjöf um veitingu velferðarþjónustu. Andstaða við lögfestingu samningsins var í miklum mæli tengd niðurstöðu skýrslu frá HLH ráðgjöf um aukinn kostnað við veitingu velferðarþjónustu. ÖBÍ virðist sem það kostnaðarmat sem birtist í skýrslunni sé öðru fremur upptalning á fjölda einstaklinga á biðlista eftir velferðarþjónustu og samantekt á kostnaði við að veita þjónustuna. ÖBÍ bendir á að um er að ræða þjónustu sem ríki og sveitarfélögum ber nú þegar samkvæmt lögum að veita óháð lögfestingu samningins. Áréttað er að samningurinn er mannréttindasamningur. Ástæða þess að hafist var handa við gerð samningsins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er sú staðreynd að fatlað fólk nýtur mannréttinda í mun minna mæli en annað fólk. ÖBÍ telur fullvíst að allir landsmenn séu sammála um að við eigum öll að njóta mannrétinda í sama mæli. Samningnum er ætlað jafna stöðuna fyrir fatlað fólk og þess vegna er lögfestingin svo mikilvæg.

Nefna má dæmi um ákvæði í samningnum sem ætlað er að stuðla að því að fatlað fólk njóti mannréttinda til jafns við aðra. Í 11. gr. samningsins er kveðið á um skyldu til að tryggja vernd og öryggi fatlaðs fólks þegar hættuástand ríkir. Ákvæðið byggir m.a. á þeirri staðreynd að fatlað fólk er fjórum sinnum líklegra en ófatlað fólk til að láta lífið þegar hættuástand á borð við náttúruhamfarir skapast. Annað dæmi birtist í 6. gr. samningsins og kveður á um að veita beri fötluðum konum og stúlkum vernd frá ofbeldi. Ákvæðið byggir á þeirri staðreynd að fatlaðar konur og stúlkur eru miklu líklegri til þess að sæta hvers kyns ofbeldi og mismunun en aðrir. Með samningnum er reynt að jafna stöðuna í þágu fatlaðra kvenna og stúlkna.

ÖBÍ minnir á að Alþingi hefur unnið að lögfestingu SRFF í langan tíma. Efni og áhrif samningsins hafa að sama skapi lengi legið fyrir. Alþingi samþykkti hinn 20. mars 2024 þingsályktun um landsáætlun í málefnum fatlaðs fólks fyrir árin 2024-2027 og á meðal aðgerða í áætluninni var lögfesting samningsins. Hinn 4. júlí 2024 samþykkti Alþingi lög um Mannréttindastofnun Íslands en fyrirhuguð lögfesting samningsins var á meðal helstu ástæðna fyrir því að hafist var handa við gerð frumvarps um stofnunina. Frumvarp um lögfestingu samningsins var lagt fram af þeim þrem stjórnmálaflokkum sem mynduðu síðustu ríkisstjórn og nú af öðrum þrem flokkum sem mynda núverandi ríkisstjórn. ÖBÍ kalla nú eftir upplýstri og málefnalegri umræðu um lögfestingu samningsins. ÖBÍ skorar á þingmenn alla að styðja bætta mannréttindavernd fatlaðs fólk og lögfestingu samningsins.

ÖBÍ áréttar mikilvægi þess að valfrjáls bókun við samninginn verði fullgild. Með henni yrði fötluðu fólki gert kleift að beina kvörtun til sérfræðinefndar um réttindi fatlaðs fólks á vegum

Sameinuðu þjóðanna þegar það telur að farið sé gegn ákvæðum samningsins. Nefndin gefur álit í slíkum málum og er ætlað að stuðla að réttri framkvæmd á samningnum.

Að lokum ítrekar ÖBÍ mikilvægi þess að samráðsskylda stjórnvalda, sbr. 3. mgr., 4. gr. SRFF, verði virt sem grundvallarregla í málaflokknum, bæði hjá ríki og sveitarfélögum. ÖBÍ áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari sjónarmiðum á seinni stigum málsins.

Ekkert um okkur án okkar!

Með vinsemd og virðingu,

Alma Ýr Ingólfsdóttir
formaður ÖBÍ

Sigurður Árnason
lögfræðingur ÖBÍ